

ANTIKA EHF 2022

Kirkjustaðir á Austurlandi

Fornleifaskráning og jarðsjármælingar

Rúna K. Tetzschner



Forsíðumynd: Farið með jarðsjá yfir túnið á Arnheiðarstöðum.

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Rúna K. Tetzschner

Kortagerð: Hermann Jakob Hjartarson

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-23-9

Verkefnið er styrkt af Nýsköpunarsjóð námsmanna

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af starfsmönnum Antikva ehf. og NIKU nema annað sé tekið fram

@ Rúna K. Tetzschner, Antikva ehf. og NIKU

Efnisyfirlit

Myndaskrá	11
Útdráttur	15
Inngangur	15
Fornleifaskráning.....	15
Þátttakendur	17
Aðferð.....	18
Heimildasöfnun og skráning.....	18
Vettvangsvinna	19
Jarðsjá	19
Úrvinnsla og túlkun	21
Valþjófsstaður	22
Valþjófsstaður [300] bæjarhóll, bústaður, hesthús, heimild um garð.....	25
Eldri kirkja [301] og kirkjugarður [302].....	27
Yngri kirkja [304] og kirkjugarður [305]	31
Tóftir [306] heimild	32
Fjós [307] veggjaleifar.....	34
Sigmundartótt [308] heimild	34
Traðir [309] leið.....	34
Hesthús [310] tóft	34
Hlaða [311] tóft og útihús [312] tóft	35

Gerði [313] kálgarður	36
Kvíabólsrétt [314] tóft, kvíar	36
Þjófaleiði [315] legstaðir, öskuhaugar?	36
Hjallhús [316] fjárhús	37
Gerði [317] kálgarður	37
Kuml [318] legstaður	37
Tóft [319]	38
Torfhjalli [320] mógrafir	38
Sel á Selhjalla [321] hæð, þúst	39
Kolabotnar [322] kolagrafir	39
Hvammur [323] bæjarhóll, býli	39
Rétt [324] tóft, garðlag	40
Mylla [325] tóft	41
Stekkur [326] tóft	41
Staðarsel [327] bæjarstæði, býli	41
Gamlistekkur [328] tóftir	42
Teigshús [329] beitarhús, tóftir og garður [330] garðlag	42
Miðbær [331] þúst, hjallur, býli	43
Útihús [332] tóft	44
Garðar [333] bæjarstæði, býli	44
Úthleypuskurður [334] áveita	45

Gunnhildargerði [335] bæjarstæði, býli.....	45
Rétt [336] rétt og garðlag.....	45
Torfristulón [337] torfrista.....	46
Götudæld [338] leið.....	46
Rétt á Stekkjartanga [339] heimild	46
Stekkur [340] tóftir og garðar [341] garðlög	47
Gamligarður [342] garðlag, vörslugarður.....	47
Drangsvað [343] heimild	48
Teigshúsvað [344] og Hundsbrot [345] heimild.....	48
Melgrófarvað [346] heimild	49
Kirkjuvað [347] heimild	49
Ferjustaður [348] heimild	49
Fremra-Skógarvað [349] og Ytra-Skóarvað [350] heimild	49
Langhúsastrengur [351] heimild.....	50
Túngarður [352] garðlag.....	50
Nýigarður [353] garðlag, áveita, landamerki.....	51
Tröllkonustígur [354] leið	51
Arnheiðarstaðir.....	52
Bær [200].....	56
Kirkja [201]	58
Skrautgarður [202] og legstaður [203]	59

Matjurtagarðar [204], [205] og [206] heimild	61
Lambhús [207] heimild	61
Einstakahlaða [208] heimild	62
Laufakofi kenndur við hest [209] heimild	62
Ærhús [210] fjárhús, Hringhús [211] heimild	63
Halldórskofi [212] heimild	64
Tóft [213]	64
Fetahús [214], Náthagi [223], Grundarkofi [215] heimild	64
Kútmagi [216] heimild	64
Miðlambhús [217] heimild	64
Naust [218] tóft	64
Brú [219] brú	65
Rétt [220] vegghleðslur	65
Geithús [221] heimild	65
Siggeirsvarða [222] heimild	66
Fjós [113], hesthús [114], Geldingahús [115] heimild	66
Hesthús [224] dæld	66
Víðivellir ytri	66
Víðivellir ytri bær [100] bæjarhóll, rétt [101] og heimreið [102] heimild	70
Kirkja og kirkjugarður [103] heimild	71
Garðar [104] [105] og [106] heimild	73

Nýjahús [107] heimild	73
Lögrétta [108]	73
Hesthús [109], hlaða [110], Gimbrahús [111] og Kofi – Fossgarði [112] heimild	73
Urðarsel [116] fjárhústóft og heimild um sel – býli	75
Útihús við Urðarsel [117] og [118] tóftir	77
Veturhús – beitarhús [119] tóft	81
Fornasel [120] sel	81
Gamlistekkur [121] heimild	81
Hlíðarhús [122], [123] og [124] býli, beitarhús	81
Mylla [125] heimild	82
Skriða – Skriðuklaustur	82
Bær [400] bæjarstæði	83
Eldri bær [401] bæjarstæði	85
Heimakirkja [402] heimild	86
Kirkja [403] og kirkjugarður [404]	87
Klaustur [405]	90
Skrautgarður – trjágarður [406] heimild	91
Fremsti-Nátthagi [407], Miðnátthagi [408] og Ysti-Nátthagi [409]	91
Hestarétt [410] og traðir [411] heimild	91
Fjós [412] og Kúahlaða [413]	92
Kvíaból [414] heimild	92

Goluhús [415], Götuhús [416], Þorphús [417] og Hesthús [418] heimild um beitarhús	93
Vatnsból [418] heimild	93
Jarðhús [419] heimild	93
Hagagarður [420] heimild	94
Mylla [421] heimild	94
Stekkur [422], varða [423] og kerruvegur [424] heimild	95
Grundarhús [425], Götuhús [426], Nýjuhús [427], kartöflugarður [428] og reiðstígur [429] heimild	95
Álar [430] og Bjarnabrot [431] heimild	96
Ás	96
Torfbær [230]	101
Kirkja [232] og kirkjugarður [233]	102
Grafreitir [234]	105
Rétt [235]	105
Útihús [236] heimild	105
Rétt [237] og heytóft	105
Öskuhaugur [238]	105
Hólhús [240] hlaða og [239] fjárhús	106
Fjárhús – tóft	106
Fjárréttargirðingar – landamerkjagarðar að sunnan [242], austan [243] og norðan [241] .	106
Gerðisgata [244] heimild	107

Stampagata [245] heimild.....	107
Vegur [246] heimild	107
Gamli Stekkur [247] stekkur	107
Mógrafir [248]	109
Sigurðargerði [249] býli, beitarhús.....	109
Ássel [250] býli, beitarhús.....	110
Þúfusel [251] sel	111
Staðarsel [252] tóftir	112
Hústóttarhjalli [253] heimild	112
Mylla [254] ftóft, Mylluvað [255] vað og Myllugötur [256] leið	112
Þingmúli	114
Bær [130] bæjarstæði.....	117
Kirkja [131] og kirkjugarður [132].....	118
Þinghóll – Beljandi, þingstaður og Beljandahús [1791-63] fjárhús og Goðatættur – Goðasteinn [1791-62/131] rétt.....	120
Túngarður [1791-130] garðlag	123
Þingbúðir? [1791-54/55/56] tóftir	123
Hlaða [1791-57] tóft	124
Þingbúð? [1791-129]	124
Þingbúðir? [1791-58] dæld og [1791-59] og [1791-60/61] dældir.....	124
Mógrafir – Svarðargrafir [133] heimild.....	125

Melhús – fjárhús [134] heimild	125
Garðar [135] [136] og [137] heimild	125
Hesthús – Hesthúsmell [138] heimild	125
Múlarétt gamla [139] og nýja [140] heimild	126
Urðarstekkur [141] heimild	127
Strandarhús [1791-66] beitarhús	127
Hlíðarsel [142] beitarhús	128
Sel í Geitdal [143] heimild	129
Samantekt	129
Valþjófsstaður.....	129
Arnheiðarstaðir	130
Víðivellir ytri	131
Skriða – Skriðuklaustur	131
Ás.....	132
Múli – Þingmúli.....	132
Fjölbreyttar minjar	133
Jarðsjármælingar og vinna framundan	133
Heimildir	135
Rit	135
Árnastofnun – Örnefnasafn	141
Þjóðháttasafn Þjóðminjasafnsins	142

Ljósmyndir.....	143
Munaskrá Þjóðminjasafnsins	143
Túnakort.....	143
Vefsíður	144

Myndaskrá

Mynd 1. Manuel Gabler fornleifafræðingur frá NIKU sést hér keyra jarðsjána yfir túnið við Valþjófsstað II. Í baksýn sést núverandi kirkja.	20
Mynd 2. Jarðsjáin keyrð á túni Valþjófsstaðar.....	24
Mynd 3. Túnakort Valþjófsstaðar árið 1918. Grunnur bæjarins [300] er bleiklitaður og við horn hans er lítill skrautgarður sem gæti hafa verið hluti af eldri kirkjugarði [302]. H.m. heimreiðar er kirkjan [304] sem stóð á Valþjófsstað 1888-1962, ásamt kirkjugarði [305].	27
Mynd 4. Djúpsneið úr jarðsjármælingu þar sem meðal annars sést í austasta hornið á kirkjugarðinum [305] og grafir (í horninu v.m).	33
Mynd 5. Minjar í nágrenni gamla bæjarhólsins [300] sem er norðan við Valþjófsstað II.	35
Mynd 6. Minjar í túni Valþjófsstaðar.....	43
Mynd 7. Jarðsjáin frá NIKU keyrð á túni Arnheiðarstaða.	52
Mynd 8. Forn vöttur sem fannst á Arnheiðarstöðum.	54
Mynd 9. Ein af djúpsneiðunum sem jarðsjáin tók á Arnheiðarstöðum. Meðal annars fannst forn garður.....	56
Mynd 10. Arnheiðarstaðir 1925-1930. Ljósmynd varðveitt í Ljósmyndasafni Íslands.	57

Mynd 11. Arnheiðarstaðir árið 1959. Þá var enn búið í baðstofunni (t.v.). Ljósmynd: Helgi Hallgrímsson.	58
Mynd 12. Heimilisfólkið á Arnheiðarstöðum árin 1925-1930. Myndin er sennilega tekin í skrautgarðinum.	59
Mynd 13. Túnakort Arnheiðarstaða frá 1915.	60
Mynd 14. Útihús á Arnheiðarstöðum árið 1926. Myndin er varðveitt á Ljósmyndasafni Íslands.	61
Mynd 15. Jarðsjáin við mælingar á Arnheiðarstöðum.	62
Mynd 16. Minjakort Arnheiðarstaða.	63
Mynd 17. Jarðsjármælingar á Víðivöllum ytri.	68
Mynd 18. Djúpsneið frá Víðivöllum ytri. Rauði hringurinn sýnir hvar mannvirki fannst norðan núverandi bæjarhúsa.	69
Mynd 19. Jarðsjáin keyrð í túninu vestan bæjarhúsa á Víðivöllum ytri. Þarna má greinilega sjá bæjarhólinn.	70
Mynd 20. Túnakort Víðivalla ytri. frá árinu 1919.	72
Mynd 21. Minjar í túninu næst núverandi bæ á Víðivöllum ytri.	74
Mynd 22. Horft norðvestur yfir tóftir og garðlag í Urðarseli [116].	75
Mynd 23. Útihúsatóft [118] við Urðarsel.	77
Mynd 24. Útihúsatóft [117] við Urðarsel.	78
Mynd 25. Yfirlitskort af minjum á Víðivöllum ytri.	79
Mynd 26. Hlíðarhús [122-123-124] og mylla [125].	80
Mynd 27. Jarðsjármælingar á Skriðuklaustri.	84

Mynd 28. Djúpsneið úr jarðsjármælingum á Skriðu. Suðaustan við klausturstæðið mátti greina áður óþekkt mannvirki (mynd t.h.).....	86
Mynd 29. Jarðsjáin við mælingar á Skriðuklaustri.	87
Mynd 30. Túnakort Skriðuklausturs frá 1918.	92
Mynd 31. Kortið sýnir minjar sem vitað er um í nágrenni bæjar og klausturs.	93
Mynd 32. Yfirlitskort sem sýnir minjar á Skriðuklaustri.	94
Mynd 33. Sérfræðingur frá NIKU fer með jarðsjá yfir túnið undir Ási. Núverandi kirkja í baksýn.....	96
Mynd 34. Djúpsneið úr jarðsjármælingum sem virðist sýna óþekkt mannvirki austan við Áskirkju þar sem rauði hringurinn er.	99
Mynd 35. Gamli torfbærinn [230] undir Ási og timburkirkjan sem stóð þar 1851-1898. Matjurtagarður fremst. Myndin sem Johann Holm-Hansen tók árið 1866 er varðveitt í Ljósmyndasafni Íslands.....	100
Mynd 36. Steinsteypti bærinn og kirkjan snemma á 20. öld. Myndin sem Eyjólfur Jónsson tók er í vörslu Héraðsskjalasafns Austurlands.	101
Mynd 37. Blýantsteikning af Áskirkju. Myndina teiknaði Jón Helgason sa. 1920-1940. Hún er varðveitt í Ljósmyndasafni Íslands.	103
Mynd 38. Túnakort Áss í Fellum frá 1919-1920.	104
Mynd 39. Kort sem sýnir staðsetningu minja í nágrenni bæjar og kirkju undir Ási.	108
Mynd 40. Jarðsjármælingar undir Ási í Fellum.	109
Mynd 41. Jarðsjáin keyrð á túni Þingmúla.....	113
Mynd 42. Þingmúlatún séð ofan frá Þinghól. Jarðsjáin við mælingar vestan við túnhrygg með búðatóftum en erfitt var að koma henni við þar sem tóftirnar eru.	115

Mynd 43. Þar sem hægt var koma jarðsjánni að mátti sjá greinilega skurði (innan rauða hringsins) en erfitt er að skera úr um hvort þeir séu manngerðir eða náttúrlegir.	116
Mynd 44. Teikning Daniel Bruun frá árinu 1901. V.m. sést Þinghóll en h.m. bæjarhús [130], kirkja [131] og kirkjugarður [132]. Heimreið liggur milli hólans og húsa og túnið er umgirt túngarði [1791-130] sem er í forgrunni.	117
Mynd 45. Túnakort Þingmúla frá 1918-1919.....	118
Mynd 46. Kort Daniel Bruun af Þingmúlastað árið 1901.	119
Mynd 47. Minjar í nágrenni Þingmúlabæjar.	122
Mynd 48. Yfirlitskort sem sýnir minjar á Þingmúla.	126
Mynd 49. Kort sem sýnir minjar kringum Strandarhús og Hlíðarsel.	127

Útdráttur

Rannsóknin nær yfir sex kirkjujarðir á Austurlandi. Hún byggir á viðamikilli heimildasöfnun og er fjallað ýtarlega um sögu jarðanna og minjar sem þar er að finna. Jafnframt voru útbúin kort sem sýna dreifingu minjanna á hverri jörð og unninn stafrænn hnitagrunnur í landsuppýsingakerfi. Skráningin var forsenda þess að hægt væri að leita að minjum undir yfirborði bæjatúna með jarðsjá en annar hluti verkefnisins fól í sér mikla vinnu á vettvangi. Jarðsjáin sem notuð var við rannsóknina er fullkomnari en áður hefur þekkt hér á landi og lofa niðurstöðurnar góðu. Framundan er mikil úrvinnsla og við hana verður meðal annars byggt á þessari skráningu.

Inngangur

Markmið verkefnisins var að kortleggja þekktar minjar á nokkrum kirkjustöðum á Austurlandi og leita jafnframt áður óþekktar minja undir yfirborði með jarðsjá án uppgraftar. Fyrir valinu urðu sex jarðir þar sem heimildir eru um að kirkjur hafi staðið í aldanna rás: Valþjófsstaður, Arnheiðarstaðir, Víðivellir ytri og Skriða í Fljótsdal, Ás í Fellum og Þingmúli í Skriðdal. Á sumum þeirra, eins og Valþjófsstað, hefur verið kirkja nánast frá upphafi til dagsins í dag en á öðrum eru einungis heimildir um kirkju í styttri tíma. Þessar jarðir voru jafnframt valdar vegna þess að þar eru slétt tún sem er forsenda þess að hægt sé að keyra jarðsjá.

Fornleifaskráning

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 þann 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bærjarstæði og bærjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.¹

Í 21. gr. laga um menningarminjar er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.²

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning hefur mikið rannsóknargildi fyrir minjavörsluna og kemur meðal annars að notum við rannsóknir, kynningu og ákvarðanatöku um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Fornleifaskráning fer þó oftast fram í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir enda þarf svo að vera samkvæmt 16. gr.

¹ Lög um menningarminjar, 2012, 3. gr.

² Lög um menningarminjar, 2012, 21. gr.

laga um menningarminjar áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.³

Tilgangurinn er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum og minnka líkur á að framkvæmdaaðilar rekist á óþekktar fornleifar sem hefur í för með sér kostnaðarsama björgunaruppgrefti. Hér þarf hins vegar að hafa í huga að án framkvæmda eða einhvers konar yfirvofandi hættu er ekki lagaleg skylda að ráðast í skráningu strax og af því leiðir að merkileg minjasvæði geta orðið útundan eða mæta afgangi. Talsvert hefur til dæmis vantað upp á fornleifaskráningu á Austurlandi samanborið við önnur svæði á Íslandi og leggur verkefnið því sitt af mörkum til að bæta úr því. Skráningin var jafnframt forsenda þess að hægt væri að leita að minjum með jarðsjá á vettvangi og felst nýsköpunargildi verkefnisins ekki síst í því. Einnig verður byggt á skráningunni við frekar úrvinnslu á niðurstöðum.

Þátttakendur

Umsjónarmaður verkefnisins er Unnur Birna Karlsdóttir sagnfræðingur sem hefur sérhæft sig í úrvinnslu sagnfræðilegra heimilda og rannsóknum tengdum sögu Austurlands. Nemandi sem vann verkefnið og skýrsluhöfundur, Rúna K. Tetzschner, stundar MA-nám í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands jafnframt því sem hún er sérfræðingur hjá fyrirtækinu Antikva ehf. Verkefnið er styrkt af Nýsköpunarsjóð námsmanna og að því stóðu Antikva undir stjórn Ragnheiðar Traustadóttur fornleifafræðings, norska stofnunin NIKU undir stjórn Knut Paasce fornleifafræðings og Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Austurlandi undir stjórn Rannveigar Þórhallsdóttur fornleifafræðings. Antikva og NIKU – Norsk institutt for kulturminneforskning, – hafa stundað viðamiklar og öflugar rannsóknir innan fornleifafræði og minjavörslu og leggja áherslu á sérfræðilega, vísindalega og tæknilega starfsemi í sínum greinum. NIKU hefur í rúman áratug sérhæft sig í nýtingu nýrra tæknilausna í fornleifafræði og er mjög framarlega á því sviði. Í þessu verkefni var jafnframt um að ræða samstarf við austurríska aðila í alþjóðlega rannsóknarverkefninu LBI-ArchPro.

Nemandi vann verkefnið undir leiðsögn umsjónarmanns og stjórnenda í samvinnu við starfsmenn ofangreindra fyrirtækja og stofnana. Nemandi annaðist einkum gagnasöfnun, úrvinnslu heimilda og skýrsluskrif og naut þar dyggrar aðstoðar Hermanns Jakobs

³ Lög um menningarminjar, 2012, 16. gr.

Hjartarsonar fornleifafræðings hjá Antikva sem tók þátt í heimildasöfnun og annaðist alla kortagerð. Nemandi fékk einnig að kynnast vettvangsvinnu og læra um notkun jarðsjár á vettvangi. Sérfræðingar sem unnu á vettvangi frá Antikva voru Ragnheiður, Rannveig og Hermann en sérfræðingar frá NIKU voru Knut Paasche og Manuel Gabler sem önnuðust myndatöku og jarðsjármælingar.

Aðferð

Heimildasöfnun og skráning

Verkefnið fól í sér viðamikla heimildasöfnun þar sem farið var yfir fornbréf og fornsögur, örnefnalýsingar, túnakort, önnur gömul kort, loftmyndir, ljósmyndir, eldri fornleifaskráningu og fleiri heimildir. Unnið var úr þessum heimildum og er afrakstur vinnunnar kynntur í skýrslunni. Leitast var við að skrá jarðirnar í heild þannig að saga hverrar jarðar er rakin og ýtarlega greint frá minjum sem þar finnast og því sem vitað er um þær. Fyrirmyndin að uppsetningu skýrslunnar er sótt til venjulegrar fornleifaskráningar þannig að minjar eru flokkaðar undir þá jörð sem þær tilheyra. Þær eru auðkenndar með sérheiti ef finnst og númeri, til dæmis „Sigmundartótt [308]“ eða hlutverki: „hesthús [310]“. Síðan er tegund yfirleitt nefnd á eftir númeri til frekari skýringar, svo sem tóft eða bæjarhóll. Ef stendur heimild á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Þar sem eldri skráningarnúmer eru til er vísað til þeirra neðanmáls. Í skráningu Þingmúla eru eldri númerin auk þess að hluta til endurnýtt.

Greint er frá afstöðu minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi. Tegund og hlutverki er lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, kálgarð, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og geta þá verið horfnar eða leynst undir yfirborði.

Jafnframt skráningunni voru útbúin minjakort fyrir hverja jörð þar sem sést hvernig minjarnar dreifast og unninn var stafrænn hnitagrunnur í landupplýsingakerfi. Við kortagerð var megináhersla lögð á að sýna minjar í nánasta nágrenni bæja.

Vettvangsvinna

Vinna á vettvangi einskorðaðist við tún og nágrenni bæjanna og þar sem hægt var að koma því við var skipulega leitað að minjum undir yfirborði jarðar með jarðsjá. Lagt var af stað með það að þessi samþáttun heimildavinnslu og jarðsjármælinga gæfi hugsanlega aðra niðurstöðu við skráningu menningarminja en sést hefur á Íslandi áður. Niðurstöðurnar lofa góðu og mun frekari úrvinnsla fara fram í vetur. Í framhaldinu verður endanlegum niðurstöðum fléttað saman við þá þekkingu sem aflað var úr heimildum við þessa rannsókn.

Jarðsjá

Jarðsjáin var notuð til að leita að mögulega óþekktum minjum undir yfirborði á kirkjustöðunum. Hún virkar þannig að í henni er loftnet sem sendir hátíðni rafsegulbylgjur niður í jörðina og þegar þessar bylgjur lenda á ákveðnum jarðmassa, jarðlagaskilum, mannvirkjum eða hlutum undir yfirborði fást svarmerki sem annað hvort endurkastast eða frásogast og fer eftir jarðeðlisfræðilegum eiginleikum efnanna hverju sinni hvað gerist. Búast má við miklu endurkasti frá samþjöppuðu eða röku efni en líklegt er að önnur efni eins og til dæmis leir frásogi bylgjurnar. Svarmerki endursendast upp í móttökuloftnet í jarðsjánni sem skráir þau stafrænt. Með því að mæla tímann sem líður frá því að rafsegulbylgjur eru sendar út þangað til þær endursendast í móttökuloftnetið má meðal annars reikna út á hve miklu dýpi mannvirki eða gripir eru.⁴ Auk upplýsinga um dýpt fela svarmerkin í sér styrkleikagildi sem gefur til kynna hvort þau berist frá endurkastandi eða frásogandi efnum. Þegar svarmerkin koma til baka umbreytast þau í stafrænar sneiðar og þannig fæst stafrænt þversnið af jarðveginum. Við jarðsjármælingar verður til fjöldi slíkra samsíða sneiða sem liggja nálægt hver annarri og með því að skipta á milli þeirra má byggja upp þrívíddarmynd af jarðvegi með hvers kyns mögulegum mannvirkjum sem leynast undir yfirborði.

Upplýsingarnar sem aflað er með jarðsjá gefa þannig til kynna jarðeðlisfræðilega eiginleika hinna ýmsu efna og hluta, þ.e. hvort þau eru endurkastandi eða frásogandi, og á hve miklu dýpi þau finnast. Það fer því eftir andstæðunni milli ólíkra efna að hve miklu leyti þau mælast með jarðsjánni. Vegna þessa hentar jarðsjá sérstaklega vel til að kortleggja þetta,

⁴ Conyers, 2012, 25.

endurspeglandi hluti og mannvirki, svo sem múra, steina, harðþjappaða fleti, loft- eða vatnsfyllt holrými, stærri málmhluti o.s.frv. Einnig er hægt að greina með henni ýmis konar niðurgrefti eins og soðholur, eldstæði og stoðarholur en það er þá háð því að nægjanleg eðlisfræðileg andstæða sé á milli fyllingarinnar og umlykjandi jarðvegar eða efnis sem myndar gryfjuna, ásamt því að þetta þarf að vera af tiltekinni stærð. Umfang mannvirkja og jarðlaga þarf að vera meira en sú vegalengd sem bylgjurnar fara milli loftnetanna og mannvirkin verða einnig að vera dýpri eða þykkari en ein bylgjulengd merksins.⁵



Mynd 1. Manuel Gabler fornleifafræðingur frá NIKU sést hér keyra jarðsjána yfir túnið við Valþjófsstað II. Í baksýn sést núverandi kirkja.

Í fornleifafræðilegu samhengi eru helst notuð tæki með miðtíðni á bilinu 100-1000 MHz. Lágtíðnimerkin brjótast sterkast í gegn og fara því dýpra í jörðina. Loftnet sem gefa frá sér hærri tíðni ná síður að brjótast í gegn, en eru hins vegar líklegri til að gefa af sér gögn með meiri lóðréttu upplausn. Val jarðsjár ræðst þannig af því hversu djúpt ætlunin er að ná með

⁵ Conyers, 2004, 64.

tækjunum og hvers konar rannsókn er fyrirhuguð á svæðinu. Við fornleifarannsóknir eru yfirleitt notuð loftnet með miðjutiðni 400-500 MHz. Slík loftnet ná að smjúga niður á 1,5-3 m dýpt og viðhalda um leið viðunandi lóðréttri upplausn.⁶

Við þessa rannsókn var jarðsjármæling framkvæmd með afar fullkomnu ratsjárkerfi af gerðinni MALÅ MIRA (Malå Imaging Radar Array). Um er að ræða vélknúð jarðsjárkerfi sem samanstendur af átta móttakaraloftnetum og níu sendiloftnetum (sexstán ratsjarrásir) sem hvert um sig hefur 400 MHz miðjutiðni. Loftnetin eru sett upp með 10,5 csm bili, þannig að þau ná alltaf yfir svæði sem er 178,5 sm á breidd. Ratsjárkerfið er staðsett í hlífðarkassa sem festur er á vökvalyftu framan á utanvega ökutæki (Kubota RTV-X900). Með hjálp vökvakerfisins er hægt að stýra ratsjárloftnetunum þannig að þau séu ávallt í kjörfjarlægð frá yfirborði jarðar og þannig má aðlaga gagnasöfnunina að yfirborði könnunarsvæðisins hverju sinni. Hægt er að drífa þetta kerfi á allt að 10 km hraða á klukkustund og við kjöraðstæður má með MIRA kerfinu komast yfir allt að 3-4 hektara svæði á einum vinnudegi. Ratsjárkerfið er staðsett með hjálp RTK GNSS loftnets af gerðinni JAVAD Sigma með CPOS áskrift í flakkastillingum. Þau gögn sem voru skráð og staðsett með jarðsjánni mátti kanna og skoða meðan hún var keyrð með hjálp hins sérhannaða hugbúnaðar, MIRAsoft (MALÅ), ásamt LoggerVis (LBI ArchPro). Vettvangsritinn var af gerðinni Spectra Tank-700.

Jarðsjármælingar hafa áður farið fram á Íslandi, meðal annars á Valbjófsstað sem líka er til rannsóknar núna.⁷ Þar er þó ólíku saman að jafna. Jarðsjáin sem notuð var við þessa rannsókn er langtum fullkomnari en áður hefur þekkt hér á landi og af því leiðir að mælingarnar eru bæði miklu nákvæmari og umfangsmeiri.

Úrvinnsla og túlkun

Unnið er úr gögnum jarðsjárinna með hugbúnaðinum ApRadar 2.0 sem hefur verið þróaður sérstaklega fyrir skilvirka úrvinnslu umfangsmikilla jarðsjárgagna. Að lokinni aksturslotu á vettvangi er náð í hrágögn úr ratsjánni og staðsetningarupplýsingar GPS-tækis í ApRadar 2.0 hugbúnaðinn sem hefur þá flokkað, stillt og síað gögnin. Við síunina er notuð viðurkennd

⁶ Gabler, Trinks, Nau, Hinterleitner, Paasche, Gustavsen, Kristiansen, Tonning, Schneidhofer, Kucera og Neubauer, 2019.

⁷ Ómar Valur Jónasson, 2019.

tækni til að draga fram jarðeðlisfræðilegar andstæður og til að draga úr mögulegum hávaða og ónákvæmni í gagnasöfnunum. Til að fá nákvæmari greiningar á merkjum og hraðaútreikninga er notaður hugbúnaðurinn ReflexW. Þvínæst eru búnar til „djúpsneiðar“ í formi landfræðilegra tiff-mynda sem sýna jarðeðlisfræðilega eiginleika jarðvegsins í fleti. Í skýrslunni eru birt fáein sýnishorn af þessum sneiðum ásamt nokkrum niðurstöðum en meginhluti úrvinnslunnar er eftir og verður hún framkvæmd í framhaldi af þessu verkefni.

Valþjófsstaður

Valþjófsstaður er víðlend, gjöful og vel staðsett jörð sem má ætla að hafi verið numin fremur snemma. Bæði fornleifar og ritheimildir benda eindregið til þess að hún hafi byggst fljótlega eftir að upphaf landnáms. Kuml [318] hefur fundist einungis 350-400 m frá gamla bæjarstaðinu en heiðnir grafreitir voru yfirleitt staðsettir utan túns í námunda bæjar.⁸ Jörðin er að vísu ekki nefnd í *Landnámu* en samkvæmt *Njáls sögu* bjuggu þar Sörli Brodd-Helgason og Þórdís, dóttir Guðmundar ríka, þegar Flosi Þórðarson leitaði liðstyrks eftir Njálsbrennu í byrjun 11. aldar.⁹ Sömu upplýsingar koma fram í málðaga Bessastaðakirkju í Fljótsdal frá árinu 1203.¹⁰ Þegar á fyrstu öldum byggðar bjuggu valdamiklir höfðingjar á Valþjófsstað og jörðin kemur víða fyrir í fornsögum og fornbréfum. Miðað við *Íslendinga sögu* bjuggu Oddur Þórarinsson og Randalín Filippusdóttir þar um miðja 12. öld og hélt hún búinu eftir fráfall hans 1155.¹¹ Samkvæmt *Nafnaskrá íslenskra presta* eftir Ara Þorgilsson virðist síðan Oddur Gissurarson, prestur og goðorðsmaður, hafa haft aðsetur á Valþjófsstað.¹² Eftir andlát hans 1180 hefur Sigmundur Ormsson sest þar að, „mestur höfðingi í Austfjörðum“ á þeim tíma, samkvæmt *Hrafns sögu hinnar sérstöku*, og í hans ábúðartíð er sagt frá byggingu veglegrar kirkju [301] á staðnum.¹³ Sigmundur féll frá 1198 og Jón sonur hans bjó á Valþjófsstað og tók meðal annars á móti Guðmundi Arasyni biskupsefni og leiddi til kirkju þegar hann kom við

⁸ Kristján Eldjárn, 2000, 264-167.

⁹ *Íslensk fornrit* XII, 1954, 351.

¹⁰ *Íslenskt fornbréfasafn* I, 1857-1876, 340.

¹¹ *Sturlunga saga, Árna saga biskups, Hrafns saga Sveinbjarnarsonar hin sérstaka* II, 1988, 659, 664, 671.

¹² *Íslenskt fornbréfasafn* I, 1857-1876, 187.

¹³ *Sturlunga saga, Árna saga biskups, Hrafns saga Sveinbjarnarsonar hin sérstaka* II, 1988, 889.

1201 eins og segir í *Prestssögu Guðmundar*.¹⁴ Í *Íslendinga sögu* kemur svo fram að Jón seldi jörðina árið 1202, Teiti, syni Odds Gissurarsonar.¹⁵ En síðar meir bjó goðorðsmaðurinn Þórarinn, sonur Jóns Sigmundarsonar, líka á jörðinni. Valbjófsstaður var því höfðingjasetur sem öðlaðist lykilstöðu á svæðinu og varð þegar fram leið valdamiðstöð á landsmælikvarða. Þessari stöðu hélt jörðin fram eftir öldum.¹⁶

Oftast er Valbjófsstaður nefndur í tengslum við kirkjuna og eru ýtarlegir máldagar til frá 1397,¹⁷ 1471¹⁸ og 1575.¹⁹ Af þessum og öðrum heimildum frá 14., 15. og 16. öld má sjá að staðurinn hefur átt mikinn hluta öræfanna framan Fljótsdals eða allt land milli Jökulsár og Snæfells fram undir jökul og í utanverðan enda Hrafnkelsdals sem virðist hafa verið notaður sem selland á þessu skeiði.²⁰

Valbjófsstaður er gegnum aldirnar nefndur í ýmsu samhengi. Árið 1405 var gengið frá kaupmálabréfi Arnodds Brandssonar og Sigríðar Guðmundsdóttur á brúðkaupsdegi þeirra á Valbjófsstað.²¹ Frá árinu 1491 er varðveitt vitnisburðarbréf um torfskurð frá Valbjófsstað þar sem Páll Grímsson vottar að skorið var upp 20 hesta torf í Skriðu gegn því að bóndinn þar fengi að reka lömb í Tungurnar.²² Í öðru vitnisburðarbréfi frá árinu 1552 segir Gissur Helgason um Staðaröræfi frá Valbjófsstað:

Og heyrde eg alldre a þessvm arvm. at navckur ætti neina jtavlv fram a stadar ayræfi. hvorki lamba rekstur. nie annars penings. vtan hvndrat lamba rekstvr fra Skridv j Marivtvngur. enn staduren ætti j stadin vpp aa xx hesta torfskvrd arliga j Skridv land. Og eingin madur Rak sina peninga þessi fyrr greind aar hvorki fram af Selidal. eda vnder Snæfell. Og eigi hinu nyrdre ayræfin. Vtan med þess leyfi sem Valbiofstad hieilt. vtan busmala rekstur. sem i selivm var hafdur.²³

¹⁴ *Sturlunga saga, Árna saga biskups, Hrafn saga Sveinbjarnarsonar hin sérstaka I*, 1988, 199.

¹⁵ *Sturlunga saga, Árna saga biskups, Hrafn saga Sveinbjarnarsonar hin sérstaka I*, 1988, 209.

¹⁶ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, 9-12.

¹⁷ *Íslenzkt fornbréfasafn IV*, 1897, 209-212.

¹⁸ *Íslenzkt fornbréfasafn V*, 1899-1902, 632-634.

¹⁹ *Íslenzkt fornbréfasafn XV*, 1947-1950, 681-682.

²⁰ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, 9-12.

²¹ *Íslenzkt fornbréfasafn III*, 1896, 705-706.

²² *Íslenzkt fornbréfasafn VI*, 1900-1904, 748-749.

²³ *Íslenzkt fornbréfasafn XII*, 1923-1932, 379-380.

Þremur öldum síðar segir um Valþjófsstað í *Jarðatali Johnsens* 1847:

Á staðnum má framfæra 7 kýr, 150 ær, 170 sauði, 60 lömb og 16 hesta [...] Staðurinn á skóg til kolagjörðar í Lánghúsa, Arnhallsstaða og Þorgerðarstaðalöndum, en skógarteigur kirkjunnar í Ytri Víðivalla landi má heita liðinn undir lok; skógarteigur kirkjunnar í Hrafnkelsstaðalandi er notaður til eldsneytis. Aptur á móti er skógarpartur sá, sem staðurinn á í Fremri Víðivalla landi eigi yrktur, en friðaður og í gróðri. Kirkjan á enn fremur 2 afréttarlönd, millum beggja Jökulsánnna í Fljótsdal og á Jökuldal, sem árlega eru brúkuð til skiptis fyrir hérum 1,500 fjár, og er þar nokkur grastekja; svo og þriðja afréttarlandið, á Suðurfelli, og er það notað fyrir lömb, og þar sömuleiðis nokkur grasatekja.²⁴

Valþjófsstaður á einnig allnokkur rekaítök og síðan segir frá byggingu kirkjujarða.²⁵ Jörðin var áfram stórbýli og þar hefur verið allmikil hjáleigubbyggð. Á 18. og 19. öld voru fimm hjáleigur í túni eða nágrenni Valþjófsstaðar: Miðbær [331], Garðar [333], Hvammur [323], Staðarsel [327] og Gunnhildargerði [335] og auk þeirra er vitað um minjar á nokkrum stöðum á afréttarlandi jarðarinnar þar sem mögulega gætu hafa verið býli eða sel.²⁶



Mynd 2. Jarðsjáin keyrð á túni Valþjófsstaðar.

²⁴ Johnsen, 1847, 366.

²⁵ Johnsen, 1847, 366-367.

²⁶ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, 12-13.

Frá árinu 1926 var tvíbýli á Valþjófsstað en 1949 var ræktunarlandi skipt og nýbýlið Valþjófsstaður II þá stofnað á þriðjungi jarðarinnar. Stundum hefur auk þess verið tvíbýli á Valþjófsstað I.²⁷ Við rannsóknina í sumar var farið með jarðsjá yfir allt bæjartúnið milli Valþjófsstaðar I og II og má segja að besta svörunin hafi fengist á þessari jörð. Undir yfirborðinu greindust meðal annars tóftir í miðju túninu, túngarður og grafir í hinum forna kirkjugarði [305].

Valþjófsstaður [300] bæjarhóll, bústaður, hesthús, heimild um garð

Ýmislegt bendir til þess að um 800 ára skeið hafi staðið mikill skáli á Valþjófsstað. Að vísu er ekki greint frá honum fyrr en í yngri varðveittum heimildum en í *Skýringum yfir Fornyrði Lögbókar* listar Páll Vídalín (1667-1727) hann upp meðal fornra skála á Íslandi sem taldir hafi verið smíði Þórðar hreðu.²⁸ Skálans er síðan getið í úttekt staðarins frá árinu 1734 og þar talsvert vitnað í glataða eldri úttekt frá 1689. Samkvæmt úttektinni 1734 var skálinn þegar þarna var komið ekki með sama glæsibrag og verið hafði, mikið tilgenginn og vantaði lokrekkju í kvennaskálann.²⁹ Ferðalöngunum Eggerti Ólafssyni og Bjarna Pálssyni sem komu við á Valþjófsstað 1755-1756 þótti engu að síður mikið til hans koma: „Á prestsetrinu Valþjófsstað í Múlasýslu er skáli eða stórt hús, sem bæði er miklu stærri og eldri en almennt gerist. Samt hefir hann sýnilega verið endurreistur á seinni öldum.“³⁰ Nákvæm lýsing skálans á dönsku finnst auk þess í tveimur handritum á Landsbókasafni Íslands, hið fyrra frá 1767 en hið síðara nokkrum árum yngra. Lýsingin var þýdd í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* árið 1884:

Þetta hús hefir fyrir 30 árum verið 30 álnir og 9 þuml. á lengd, 10 álnir og 3 þuml. á breidd, 4 álnir og 12 þuml. á hæð frá gólfi undir bita, 3 álnir 12 þuml. á hæð frá bita upp í mæni. Það var þiljað í sundur í 2 parta. Allir veggirnir niður að gólfi voru þiljaðir borðum úr eins konar við, sem mikið rak af hjer um sveitir í gamla daga og nefnist rauðviður („Raudvide“). Úr þess konar trjám var yfirbyggingin [...] undir þakinu, sömuleiðis undir þverbitunum, og jafnvel báðar hurðirnar á húsínu. En öll undirtre voru úr norsku timbri, sem í fornöld var vant að flytja hingað höggvið til á undan. Báðar hurðirnar voru svo háar, að vel mátti ríða inn um þær. Annar partur hússins var 13 álnir á lengd að þverþilinu, og var hann að eins hafður fyrir drykkjustofu, og voru þar haldin brúðkaup eða önnur hátíðleg samkvæmi, en þó voru 2 rúm um hvert hús við dyr þær,

²⁷ Rögnvaldur Erlingsson, 1975, 38-39.

²⁸ Páll Jónsson Vídalín, 1854, 53.

²⁹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, 17 o.þ.tilv.rít.

³⁰ *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*, 1981, 152.

sem lágu inn í hinn hluta hússins, og voru þau nefnd munkalokrekkjur og voru með kringlóttum dyrum og útskurði í kringum þær. Í hinum hluta hússins, sem var um 17 álnir á lengd voru 12 rúm, 6 hvoru megin, og voru 4 af þeim lokrekkjur, og er það ætlun manna, að þær haldi enn sínu gamla lagi; þessar lokrekkjur voru 3 1/2 al. á lengd, og sumar prýddar skurði. Gluggarnir voru kringlótt op efst á þakinu, eins og sagt er að sje á sumum bóndabæjum í Noregi. Nú fyrir rúmum 20 árum hefir húsinu verið breytt þannig að í öðrum enda hússins hefir verið gjörð vanaleg stofa með glergluggum, en í hinum, sem áður var auður að mestu, eru nú 8 rúm, 4 hvorum megin; svo eru og aðrar dyr lokaðar, og veggur hlaðinn fyrir úr grjóti og torfi, svo að menn geti ekki komist inn í stofuna nema um bæjardyrnar, gegnum þann hluta hinnar gömlu byggingar, sem enn stendur óhaggaður.³¹

Að mati Selmu Jónsdóttur er líklegt að í mælingum þessarar lýsingar sé miðað við Hamborgarálnir sem þýðir að skálinn var „um 17 m að lengd, 6 m breiður, 2,6 m hár undir bita og 4,6 m frá gólfi og upp í mæni.“³²

Í *Fornum Frægðarsetrum* segir Ágúst Sigurðsson:

Skálinn forni sem síra Hjörleifur Þórðarson [prestur á Valþjófsstað 1742-1808] hafði lagfært, en breytt og minnkað all mjög um leið, var álitinn mjög lélegur, þegar síra Vigfús [Ormsson sem kom á Valþjófsstað 1789] tók við og stofa inn af skálanum hið sama. Mun hann hafa rifið bæði skálann og smám saman önnur hús [...] Það eru vissulega tímamót á Valþjófsstað, eigi síður en þá, er stafkirkjan var tekin ofan, þegar skálinn hverfur af sviðinu, stórbygging, sem að stofni til hefur verið 800 ára, ef munnmælin um, að Þórður hreða hafi byggt hann eru tekin trúarleg. Þótt svo væri ekki og skálinn nokkru yngri, var hann samt forn mjög og merkilegt stórhýsi með tvennum dyrum svo háum, að ríðandi maður gat farið þar um og eigi álútur, og fallegu skrauti í bíldskurði um lokrekkjur, er kringlóttar dyr voru á, kallaðar munkalokrekkjur, sem minnir á fornan sið, er 4 kirkjuþjónar voru á Valþjófsstað og ætluð þessi rúm.³³

Miklar breytingar urðu því á húsbyggingum Valþjófsstaðar í tíð séra Vigfúsar Ormssonar og er húsakynnum lýst svona í lok 19. aldar: „Portbyggð baðstofa byggð rétt fyrir aldamót 17 x 6 álnir og langhús 14 x 5,5 alin, geymsluhús 16 x 6 álnir.“³⁴ Stæðilegur bær er sýndur á uppdrætti frá því um 1900, þar um 37 m á lengd en 14-15 m á breidd með tveimur skemmum og smiðju sambyggðum að norðaustan.³⁵ Þessi bær er líka merktur inn á túnakort frá 1918 með áföstum garði vestan megin.³⁶

³¹ Björn Magnússon Ólsen, 1884, 33-34.


³² Selma Jónsdóttir, 1959, 53.

³³ Ágúst Sigurðsson, 1979, 43.

³⁴ Rögnvaldur Erlingsson, 1975, 40.

³⁵ Ágúst Sigurðsson, 1979, 71.

³⁶ *Túnakort Valþjófsstaðar, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu*, 1918.



Mynd 3. Túnakort Valþjófsstaðar árið 1918. Grunnur bæjarins [300] er bleiklitaður og við horn hans er lítill skrautgarður sem gæti hafa verið hluti af eldri kirkjugarði [302]. H.m. heimreiðar er kirkjan [304] sem stóð á Valþjófsstað 1888-1962, ásamt kirkjugarði [305].

Búseta hefur verið á Valþjófsstað frá fyrstu öldum Íslands byggðar og bærinn hefur að öllum líkindum staðið á svipuðum slóðum frá upphafi fram á 20. öld, þ.e. á slétta balanum undir fjallinu, ofan eða norðvestan við gamla kirkjugarðinn og norðan við hesthús. Þar er stór bæjarhóll, 40 x 70 m, með stefnu norður – suður. Hesthús er grafið inn í hann suðaustan megin og er talið að veggir þess norðan og vestan megin séu úr gamla bænum sem stóð þarna um aldamótin. Þeir eru hlaðnir úr grjóti og torfi og nær norðurveggurinn um 1,9 m hæð að utan. Bárujárn er á hesthúsinu og framan við það er hellulögð stétt, 1 m á breidd, og dyraþrep greinileg á tveimur stöðum.³⁷ Valþjófsstaður II er nú staðsettur nálægt gamla bæjarhólnum eða skammt sunnan við hann.

Eldri kirkja [301] og kirkjugarður [302]

Kirkjan [301] á Valþjófsstað hefur frá öndvegi og fram til 1888 staðið andspænis gamla Valþjófsstaðarbænum, um 140 m ofar en núverandi kirkja stendur. Samkvæmt *Hrafns sögu hinni sérstöku* var Oddur Gissurarson prestur á Valþjófsstað árin 1143-1180 og þar kemur einnig fram að Marakús Gíslason, „búþegn góður“ af Rauðasandi á Vestfjörðum hafi farið

³⁷ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:001.

utan og látið „höggva í Noregi kirkjuvið góðan“, kom síðan í Austfirði og gaf hann allan Sigmundi Ormssyni sem hefur þá látið smíða þá kirkju sem stóð á Valþjófsstað við ritun sögunnar.³⁸ Miðað við þetta hefur kirkja verið byggð á staðnum þegar á 12. öld enda var þar graftarkirkja um 1200 samkvæmt Kirknaskrá Páls biskups.³⁹ Í *Prests sögu Guðmundar* er þess enda getið að Jón Sigmundarson ábúandi á Valþjófsstað hafi leitt Guðmund Arason til kirkju á staðnum árið 1201.⁴⁰

Af fornum heimildum má sjá að á tímabili voru tvær sóknarkirkjur í Fljótsdalshreppi, á Valþjófsstað og Bessastöðum. Jón Sigurðsson taldi í útgáfu *Íslenzks fornbréfasafns* að fyrstu aldirnar hafi aðalkirkjan verið á Bessastöðum en um og fyrir 1200 hafi Valþjófsstaðarkirkja tekið við forystunni. Hún átti þó einungis hálfland fram til ársins 1306 en þá eignaðist hún alla jörðina.⁴¹ Í *Gottskálksannál* árið 1306 segir svo: „gior stadr aa Valþiofs stodum er adr uar half lendi.“⁴² Augsýnilega hvarf Bessastaðarkirkja í skuggann þegar leið á miðaldir meðan ljómi Valþjófsstaðarkirkju varð skærari. Höfuðkirkjan gæti þó líka hafa verið á Valþjófsstað frá upphafi enda betur í sveit sett þar til að þjóna bæjum í Fljótsdal. Bent hefur verið á að báðar jarðirnar hafi nöfn sem enda á staðir sem líklega tengist yngra byggðastigi landnáms tímans. Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson sem skráðu fornleifar á jörðinni álykta að nafnið Valþjófsstaðir hafi breyst í Valþjófsstaður þegar kirkjan þar eignaðist alla jörðina og varð sjálfstæður kirkjustaður.⁴³ Í eldri heimildum er nafnið þó ýmist skrifað í eintölu eða fleirtölu þannig að eintölumyndin gæti líka verið eldri en nafnið síðan hafa breyst fyrir áhrif frá nöfnum annarra jarða eins og Bessastaða. Valþjófsstaður er að minnsta kosti forn kirkjustaður.

Í annálsbroti frá Skálholti er getið um kirkjubruna á Valþjófsstöðum árið 1361, „ij. nottvm firir Tiburcius messo.“⁴⁴ Eins og Magnús Már Lárusson bendir á er þarna þó mögulega átt við Valþjófsstaði í Núpasveit fremur en í Fljótsdal. Hann giskaði einnig á að hin forna

³⁸ *Sturlunga saga, Árna saga biskups, Hrafn saga Sveinbjarnarsonar hin sérstaka* II, 1988, 889.

³⁹ *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, 1923-1932, 4.

⁴⁰ *Sturlunga saga, Árna saga biskups, Hrafn saga Sveinbjarnarsonar hin sérstaka* I, 199.

⁴¹ *Íslenzkt fornbréfasafn* I, 1857-1876, 341.

⁴² *Íslandske annaler indtil 1578*, 1888, 340.

⁴³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, 11.

⁴⁴ *Íslandske annaler indtil 1578*, 1888, 226.

timburkirkja á Valþjófsstað í Fljótsdal hefði verið um 13 m á lengd og 6,5 m á breidd. Í raun er fátt vitað vissu um útlit hennar en líklega hefur þetta verið stafkirkja í líkingu við það sem þekkt hefur í Noregi.⁴⁵

Ýtarlegur máldagi Valþjófsstaðarkirkju er varðveittur í *Vilchinsbók* árið 1397:

Mariukirkia aa Walþiofstodum aa heimaland allt. mulaland [með ummerkjum] milli merkigardz oc wt fra aRnnalldzstodum oc þess merkigardz sem wt er fra gnufsstodum.
Þorgerdarstade.
fiordung i aRnneidarstodum.
land vnder kleif fram fra þuRidarstodum wnder iokla med ollum giædum. wtan skog.
selland at laugarhusum.
fiordung i keldudal
backaskog j widivalla land. oc alla skoga fra lækium fyrir wtan mariutungur oc til sturloaar.
skogarteig wt fraa ytRum wideuollum
skogarteig j hrafnkelsstada land.
bwdar tungo. slefhollz teig.
kirkian aa kyr vj oc xx.
skal greidaz eyrir fataekum monnum huern paaskadag.
c asaudar oc. vj. ær. u. hundrud j virðingarfe. iiij. hross. þar skal reida faatæka menn yfer aa.⁴⁶

Kirkjan átti víða reka: allan hval á Sverristeig, fjórðung í ófæru rekum á Ketilsstaðasandi, áttung í hval þar og Sandvík og þriðjung í Seley. Auk þess gaf Jón svartur henni hálfan viðreka og hvalreka sem hann átti með Gilsárvelli og lá með ströndinni út frá Hofsströnd. Síðan eru í máldaganum taldir upp fjölmargir kirkjumunir og fram kemur að Valþjófsstaðarkirkja átti víða tíundir:

Þangat liggja tíunder af xj bæium vtan bessastodum oc vídivollum. ero her af sex bænhus. og tuær kirkiur oc greidaz tuo .c. af annare. en iij merkr af annari. af bænhusum. v. sex aurar af hueriu. en af einu ij merkr.
Þar skulu vera prestar tueir oc diaknar tueir. oc iij marka vmagi.⁴⁷

Samkvæmt máldaganum hafði kirkjan fengið margar sálugjafir frá því séra Jón kom til: virðingarfé, vaðmál, bækur, ornamenti, smíði, kvikfé o.fl. Þá lagði séra Sigmundur til jörð á Arnhallsstöðum fyrir tíu hundruð, ásamt 12 hundruð í rekum meðal annars á hálfum Kluftasandi. Enn eru svo talin upp rekaítök Valþjófsstaðar á fjölmörgum stöðum. Fleiri

⁴⁵ Magnús Már Lárusson, 1967, 149-161; Helgi Hallgrímsson, 2006, 123-141.

⁴⁶ *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, 1897, 209.

⁴⁷ *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, 1897, 209-210.

prestar gáfu til kirkjunnar: Séra Jón Ólafsson lagði fram 20 hundruð til að gera hana upp og sonur hans, Ólafur, gaf eftir föður sinn bækur, glitaðan dúk og kvikfé. Eftir að séra Guðmundur Þorsteinsson tók við gafst kvikfé, ýmsir gripir og ornamenti, bók og „porcio ecclesie“ 12 hundruð um næstu tíu ár en hafði áður verið í 18 ár meðan séra Sturla hélt staðinn. „Suo micit gods aa kirkian nu at auk fornar jnnstædu. jordina arnnhallzstadi j fliotzdal xvj. hundrvt. haalfa jord hrollaugstadi xij. c. koma her af xx. hundrvt j porcionem medan stadinn hellt.“⁴⁸ Eins og sjá má hafði Valþjófsstaðarkirkja haft tíma til að safna allmiklum auði í lok 14. aldar og bendir það til þess að hún sé gömul. Í greinargóðum máldögum hennar frá árunum 1471 og 1575 kemur fram að hún var áfram eignamikil.⁴⁹ Um það leyti sem *Stefánsmáldagi* er ritaður árið 1491 er kirkjan metin á 60 hundruð en er talin þarfnast viðgerðar upp á 20 hundruð.⁵⁰

Í *Fornum frægðarsetrum* segir:

Brynjólfur biskup Sveinsson kirkjuvitjaði á Valþjófsstað 1641. Er úttektargerð hans hin merkasta af því, að þar er kirkjuhúsinu lýst fyrsta sinni [...] Í kirkjulýsingu magisters Brynjólfs kemur fram, að á kirkjunni eru 3 litlir glergluggar. Hefur því verið rokkið þar inni um háljósan dag nema speldi væri dreginn frá kringlóttum ljósopunum eða tendruð æði mörg kerti. Húsið virðist vera stæðilegt að máttarviðum, en þiljur nokkuð bilaðar. Útbrot eru bæði á kór og kirkjuskipi, en milligerð nær allt upp í bita og kölluð hálfþil. Fjalagólf er í framkirkju, og mun það tekið fram af því, að slíkt sé eigi vani, en bekkir eru með veggjum allan hringinn að dyrum, svo sem venja var, en bekkjaraðir á kirkjugólfi koma löngu síðar til sögunnar. Síra Einar [Magnússon (1525/1530-1616)] hefur sjálfur endurbyggt forkirkjuna og sennilega tekið af útbrotin, en þil er „framan á henni með hurð á járnum“. En í innri dyrum kirkjunnar er „skorin hurð sterk“ og á járnum með smeltum hring og nýrri hespu. Þetta er elzta heimild um Valþjófsstaðahurðina [...]⁵¹.

Magnús Már Lárusson taldi að upphaflega timburkirkjan hefði þegar þarna var komið jafnvel staðið frá lokum 12. aldar.⁵² Um það verður ekki fullyrt en af heimildum frá síðari hluta 17. aldar og fyrri hluta 18. aldar má ráða að kirkjunni hafði farið aftur og að tímabært var að ráðast í gagngerar endurbætur.⁵³ Niðurstaðan varð þó að gamla timburkirkjan varð að víkja fyrir torfkirkju árin 1743-1744. „Var hún í 7 stafgólfum og jafn breið timburkirkjunni, en

⁴⁸ *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, 1897, 210-212.

⁴⁹ *Íslenzkt fornbréfasafn* V, 1899-1902, 632-634; *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, 1947-1950, 681-682.

⁵⁰ *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, 1903-1907, 25.

⁵¹ Ágúst Sigurðsson, 1979, 31-32.

⁵² Magnús Már Lárusson, 1967, 149-161.

⁵³ Ágúst Sigurðsson, 1979, 35-39.

innri stoðir héldust, svo að hafið undir þungu torfpakinu var minna.⁵⁴ Torfkirkjan stóð um eina öld en árið 1844 var byggð ný timburkirkja á Valþjófsstað. Valþjófsstaðarhurðin sem verið hafði á gömlu kirkjunni var höfð sem ytri hurð á nýju kirkjunni fram til 1852 en þá var hún flutt til varðveislu í Danmörku.⁵⁵ Þessi kirkja var í notkun til ársins 1888 þegar aftur var byggð ný kirkja [304] og henni valið annað kirkjustæði.

Á túnakorti árið 1918 sést lítill skrautgarður í krikanum milli bæjarhlaðs og heimreiðar, næst bænum, þ.e. við suðurhorn hans. Má ætla að þessi garður hafi verið hluti af gamla kirkjugarðinum [302] en núna er þarna trjáreitur. Í samantekt sinni, *Mannvistarminjar í Fljótsdal*, segir Helgi Hallgrímsson: „Gamli kirkjugarðurinn er í hlaðinu, andspænis timburhúsinu, og var hann sléttður um 1920-30 og gróðursett tré í hann. Legsteinar og krossar voru flestir fluttir niður í nýja garðinn, einn kross er enn í þeim gamla.“⁵⁶ Þótt gamli kirkjugarðurinn hafi verið sléttður í tún er hann þó enn vel greinanlegur að miklu leyti, 6-8 m austan bæjarhólsins. Þar er trjáreiturinn með stórum birkitrjám frá því um 1900, norðvestan girðingar sem lögð hefur verið yfir kirkjugarðinn þveran en á henni er járnkross og kirkjugarðshlið. Þarna megin er kirkjugarðsveggurinn jafnframt skýrastur og heillegastur, sést í vesturhornið á honum, um 25 m langa hleðslu úr veggnum norðvestan megin með rofi eða opi á einum stað. Einnig er veggurinn greinilegur efst, í horninu, en verður síðan ógreinilegri lengra frá bæjarhólnum, í suðaustur. Garðurinn er mest varðveittur upp í 0,7 m hæð og er um 1 m á breidd. Innri brún er þó óskýr en víða má greina útlínur, meðal annars þar sem túninu hallar frá kirkjugarðstæðinu. Miðað við ummerki á yfirborði gæti hann hafa verið 25-30 m á breidd en 30-45 m á lengd. Engin leiði eru sýnileg né heldur minjar um kirkjuna, hvorki innan garðsins né í grennd við hann.⁵⁷

Yngri kirkja [304] og kirkjugarður [305]

Árið 1888 lét séra Sigurður Gunnarsson prestur á Valþjófsstað reisa nýja kirkju [304] og var henni valið stæði neðar, um 140 m austan við gömlu kirkjuna og nær núverandi þjóðvegi.

Ágúst Sigurðsson lýsir henni svo:

⁵⁴ Ágúst Sigurðsson, 1979, 39.

⁵⁵ Ágúst Sigurðsson, 1979, 32; Kristján Eldjárn, 1973, 68.

⁵⁶ Helgi Hallgrímsson, 2013, 23.

⁵⁷ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:023.

Hin nýja kirkja var háreist og glæsilegt hús og vandað að viðum, kom tilhöggvið frá Noregi eins og hin forna og mikla stafkirkja á 12. öld. [...] Með því að kirkjuhúsið tók mjög á sig veður, þar sem það stóð, alls óvarið, austur á bakkanum, en einkum NV veður afar hvöss á Valþjófsstað, fór svo, að það titraði mikið, en rúður brotnuðu á tíðum og skekkist loks nokkuð á grunni. Ekki var þó hætt á, að það fyki því að tvöföld, rammbyggð grindin var fyllt af grjóti upp að gluggum, sem alsiða var, einkum á veðurnæmum stöðum. [...] 1933 er hún talin, í kirkjusköðun prófasts, vel stæðileg og í góðri umhirðu, en sagt, að titringurinn hafi valdið rúðubrotum, þótt tréhlerar væru fyrir gluggum, en m.a.s. hefði reykháfurinn brotnað í átökunum.⁵⁸

Miðað við túnakort árið 1918 hefur þessi kirkja staðið í suðurhorni kirkjugarðs [305] sem hefur verið um 44 x 44 m á stærð, 10-20 m utan eða norðan við þá kirkju sem nú stendur á staðnum, byggð 1962. Síðan þá hefur garðurinn verið stækkaður um 30 m til suðurs. Þegar nýja kirkjan var tekin í notkun var hætt að nota kirkju séra Sigurðar og sjást ekki lengur nein ummerki um hana á yfirborði en í stæði hennar er sléttur grasblettur þar sem ekki hafa verið teknar grafir. Umhverfis núverandi kirkju er afgirtur kirkjugarður sem enn er í notkun og hefur verið stækkaður um 30 m til suðurs. Í syðri hluta garðsins eru þó færri leiði en fleiri í nyrðri og eldri hlutanum. Elsti hlutinn er afgirtur með vírgirðingu og að mestu sléttaður. Þó eru þar nokkur ósléttað leiði og talsvert um trjágróður. Norðaustarlega í þessum kirkjugarði sjást hryggir og ójöfnur á um 6 x 12 m stóru svæði en ekki hefur verið vitað af hverju þær stafa.⁵⁹ Við jarðsjármælingar í sumar sáust meðal annars fjölmargar grafir undir yfirborði í kirkjugarðinum.

Tóftir [306] heimild

Daniel Bruun getur þess að fáeinar litlar tættur hafi verið snertispöl suðaustur frá kirkjunni [304].⁶⁰ Engin ummerki sjást um tóftir á þessum slóðum en kirkjan sem var á Valþjófsstað í lok 19. aldar þegar Bruun var á ferð hefur staðið fast norðan við núverandi kirkju og gætu minjarnar því hafa farið undir nýju steinsteyptu kirkjuna þegar hún var byggð eða nýja hluta kirkjugarðsins sem er sunnan við hana.⁶¹

⁵⁸ Ágúst Sigurðsson, 1979, 64-65.

⁵⁹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:002.

⁶⁰ Bruun, 1974, 165.

⁶¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:037.



Mynd 4. Djúpsneið úr jarðsjármælingu þar sem meðal annars sést í austasta hornið á kirkjugarðinum [305] og grafir (í horninu v.m).

Fjós [307] veggjaleifar

Í örnefnalýsingu segir: „Þá er næst í röðinni Fjósatunga. Þar var gamalt fjós, þá er komið inn fyrir bæ.“⁶² Samkvæmt fornleifaskráningu var fjósið í norðvestanverðum bæjarhólnum, um 20 m norðan við leifar gamla bæjarins sem nú eru notaðar sem hesthús. Óljóst mótast fyrir veggjum og nokkur grjótdreif er á svæðinu en ekkert greinilegt mannvirki.⁶³

Sigmundartótt [308] heimild

„Sigmundartótt hét norðan við gamla bæinn [300].“⁶⁴ Sigmundartóft hefur verið í norðvesturhorni bæjarhólsins á Valþjófsstað, um 30 m norðan hesthússins sem nú er byggt á grunni gamla bæjarins, niður og austur af Hjallhúsi [316]. Þarna sjást þó engar minjar núna.⁶⁵

Taðir [309] leið

Heimreið sést liggja norðvestur að bænum [300] á Valþjófsstað á túnakorti árið 1918.⁶⁶ Hún virðist hafa legið á svipuðum slóðum og nú en greinileg dæld er þar sem gömlu taðirnar voru, fast innan eða sunnan núverandi vegar heim að bænum. Taðirnar eru 2-2,5 m á breidd en rúmlega 0,5 m á dýpt og má fylgja þeim á um 120 m kafla. Vitað er að þær voru notaðar þangað til um 1960.⁶⁷

Hesthús [310] tóft

Hesthústóft er í sléttu túni skammt utan og norðaustan við heimreiðina að Valþjófsstað II, suðaustan bæjarhólsins, milli gamla og nýja kirkjugarðsins. Hún er 15 x 8 m á stærð og snýr norðvestur – suðaustur, tvíhólfa og er norðvestara hólfið töluvert stærra. Tóftin er nokkuð hrunin og á kafi í grasi, engar grjóthleðslur sýnilegar og dyr ekki heldur.⁶⁸

⁶² Ö-Valþjófsstaður AG, 3.

⁶³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:004.

⁶⁴ Ö-Valþjófsstaður AG og EE, 8.

⁶⁵ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:022.

⁶⁶ Túnakort Valþjófsstaðar, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu, 1918.

⁶⁷ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:040.

⁶⁸ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:046.



Mynd 5. Minjar í nágrenni gamla bæjarhólsins [300] sem er norðan við Valþjófsstað II.

Hlaða [311] tóft og útihús [312] tóft

Einföld ferhyrnd tóft [311] er um 15 m norðaustan við Hjallhús [316], á sömu lágu hæð, á lágum hjalla, 15 x 10 m, um 100 m upp af norðurenda bæjarhóls [300] Valþjófsstaðar. Tóftin er 11 x 8 m á stærð, hlaðin úr torfi og grjóti, með stefnu norðvestur – suðaustur. Dyr eru á báðum göflum miðjum, norðvestan og suðaustan megin. Að sögn Friðriks Inga Ingasonar bónda á Valþjófsstað er þetta hlöðutóft.⁶⁹ Um 5 m norðaustar er önnur einföld hringlaga tóft [312] úr torfi og grjóti um 5 x 6 m á stærð. Inngangur er ekki sýnilegur en rof er í henni vestan megin.⁷⁰

⁶⁹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:048.

⁷⁰ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:049.

Gerði [313] kálgarður

Gerði er í brekku um 100 m vestur af íbúðarhúsinu á Valþjófsstað II en um 80 m frá gamla bæjarhólnum. Gerðið er 25 x 22 m á stærð, veggir hlaðnir úr torfi um 0,7 m á hæð og 1,5 m á breidd. Það er grafið örlítið inn í brekkuna að norðvestan og op eða rof á því á tveimur stöðum. Líklegar eru þetta leifar af matjurtagarði.⁷¹

Kvíabólsrétt [314] tóft, kvíar

Í örnefnalýsingu segir: „Og fremst á túni hét Kvíaból.“⁷² Í *Mannvistarleifum í Fljótsdal* segir um sama stað: „Kvíabólsrétt var á Kvíabólinu heima við bæinn á Valþjófsstað, norðan undir eða inn á milli melanna. Þetta var torfrétt, nú horfin.“⁷³ Þarna í velgrónum móa í suðvesturhorni túnsins, upp undir melunum, er þó enn varðveitt tóft sem gæti verið af kvíunum eða öðru mannvirki. Þetta er um 200 m suðvestan við bæjarhól [300] Valþjófsstaðar. Aðaltóftin er mjög greinileg, 6 x 11 m á stærð, veggir 0,5-0,7 m á hæð og 1-3 m breiðir; hún snýr í austur og hefur inngangur verið á miðjum austurenda. Hleðslusteinar sjást í veggjum en eru lítt áberandi og hólaskipting í tóftinni ógreinileg. Vestan megin eru tvö garðlög frá norðvesturhorni og liggur annað í norður en hitt í suðaustur meðfram suðvesturvegg þannig að myndast svolítið hólf sem opnast suðaustur.⁷⁴

Þjófaleiði [315] legstaðir, öskuhaugar?

Í örnefnaskrá segir: „Efst á Kvíabóli voru tvær þúfur, kallaðar Þjófaleiði (Þrælaleiði).“⁷⁵ Í samantekt um mannvistarminjar í Fljótsdal segir: „Þjófaleiði tvö voru fram og niðri á túninu, en hafa verið sléttuð.“⁷⁶ Engar þúfur er að finna alveg við Kvíaból en um 40 m norðaustar eru tvær aflangar þúfur með 3 m millibili í rennislétu túni sem ætla má að séu svokölluð

⁷¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:045.

⁷² Ö-Valþjófsstaður AG, 3.

⁷³ Helgi Hallgrímsson, 2013, 23.

⁷⁴ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:005.

⁷⁵ Ö-Valþjófsstaður AG og EE, 7.

⁷⁶ Helgi Hallgrímsson, 2013, 23.

Þjófaleiði. Þúfurnar eru um 2 m í þvermál og standa aðeins um 5 sm upp úr túninu en virðast ekki náttúrligar.⁷⁷ Mögulega leynast þarna litlir öskuhaugar sem sléttað hefur verið úr.

Hjallhús [316] fjárhús

Í *Mannvistarminjum í Fljótsdal* segir: „Gripahús heima við bæinn. Af þeim er nú ekki eftir nema eitt fjárhús, Hjallhúsið, gamalt að stofni til, með grjót-torfveggjum, langs að ofan, en járnklæddum stafni og þekjum. Viðbyggð hlaða með járnþaki („nýhúsastíll“). Húsið hefur verið gert upp þannig.“⁷⁸ Hjallhús stendur á lágum hjalla um 100 m norður og upp af gamla bæjarhólnum á Valþjófsstað. Húsið er varðveitt með þaki, um 22 x 8-9 m á stærð, veggir hlaðnir úr torfi og grjóti og varðveittir upp í 1,5 m hæð og álíka að breidd. Það snýr í suðaustur þar sem eru dyr og við norðvesturgöfl er viðbygging úr bárujárn. ⁷⁹

Gerði [317] kálgarður

Gerði er í grasi gróinni brekku undir hjallanum, um 30 m vestur af gripahúsum við Hjallhús og 120 m norðan við bæjarhólinn. Gerðið er um 30 x 15 m stórt og snýr suðaustur – norðvestur, veggir torfhlaðnir að mestu en grjót sýnilegt í norðausturvegg; þeir ná mest 1 m hæð og breiddin er um 2-2,3 m. Lækur rennur í gegnum gerðið nálægt suðausturenda. Líklega er þetta gamall kálgarður. ⁸⁰

Kuml [318] legstaður

Í fornleifaskýrslu árið 1821 lýsti séra Vigfús Ormsson kumli sem hann fann á Valþjófsstað:

Þegar ég eitt sinn fyrir hér um 20 árum var að ganga um mela nokkra, er liggja sunnan og suðaustan við túnið á Valþjófsstað - hvörjir melar árlega blása upp undir túnið - sá ég fram úr moldbakkarofi standa lærlegg af manni, hvörsvegna ég fór í þeim sama stað að forvitnast um, hvört meira væri að finna; fann ég þar þá beinagrind af manneskju, er, eftir því sem beinin lágu, var að sjá hefði lagzt eður lögð verið þar hálfkreppt fyrir. Milli bols og höfuðs var mikið af stórum og smáum tölum, þær stærstu voru á stærð við fremstu kjúku vísifingurs á meðalmanni, þó nokkuð styttri, svartar að lit með hvítum og rauðum krossum, en hinar minni á stærð við krækjuber, einlitar eins og silfraðar væru; neðanvert við tölurnar, eða hvar brjóst manneskjunnar virðist verið hafa, lá nisti eða lítill ferhyrndur koparskjöldur, hvör eð hér með fylgir til sýnis, en

⁷⁷ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:024.

⁷⁸ Helgi Hallgrímsson, 2013, 22.

⁷⁹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:003.

⁸⁰ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:044.

tölurnar eru allar týndar, svo ekkert af þeim getur senzt. Í mittisstað beinagrindarinnar voru 2 koparkvenskildir, er litu út fyrir að hafa verið á belti til að krækja að sér, þar eð á öðrum var krókur, en undir hinum sást vottur til vefnaðartjös með vaðmálsvígindum. Skildir þessir eiga hér með að fylgja til sýnis.⁸¹

Kristján Eldjárn taldi skýrslu prestsins skilmerkilega um staðsetningu haugfjárins o.fl. og segir:

Líkið hefur áreiðanlega legið kreppt á hliðinni eins og mörg önnur. Koparkvenskildirnir eru kúptar nælur, önnur af gerðinni Rygh 652 og 654, afbr. Smykker 51k, með 7 ásteyptum hornum, hin af gerðinni Rygh 652 og 654, alveg eins og Smykker 51b. Það sem séra Vigfús kallar „ferhyrndan koparskjöld“ er í rauninni kringlótt næla, en hið upphleypta verk, sem á henni er, gengur á fjórum stöðum út fyrir kringlubrúnina, og veldur það orðalagi prests.⁸²

Ekki er lengur vitað nákvæmlega hvar kumlið fannst en það hefur verið á uppblásnum og gróðurvana melum í suðurenda túns; þar eru grastorfur með rofabörðum. Þetta er 350-400 m sunnan gamla bæjarstæðisins en um 100 m neðan og vestan við þjóðveg, innan skógræktargirðingar sem þarna er nú og liggur slóði um 30 m norðan við.⁸³

Tóft [319]

Grasi gróin tóft er sunnarlega í sléttum grónum hvammi neðan við skógrækt, 40-50 m ofan við Jökulsá, þ.e. um 670 m sunnan við gamla bæjarhólinn á Valþjófsstað. Tóftin er um 26 m löng og 11 m á breidd, þrískipt. Suðvestan megin er stærra en ógreinilegra hól en í norðausturenda tvö samhliða greinilegri hól af svipaðri stærð og inngangur í hið syðra. Grjóthleðslur sjást ekki en dæld er í kringum tóftirnar þar sem torf virðist hafa verið stungið upp. Veggir ná mest 0,3 m hæð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þetta mannvirki hefur gegnt.⁸⁴

Torfhjalli [320] mógrafir

Mógrafir eru á Torfhjalla um 330 m sunnan við íbúðarhúsið á Valþjófsstað II en um 360 m suðvestan við gamla bæjarhólinn [300]. Torfhjalli er flatur, deiglendur og grasgefinn og

⁸¹ Vigfús Ormsson, 1983, 36-38.

⁸² Kristján Eldjárn, 2000, 225.

⁸³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:011.

⁸⁴ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:036.

mógrafirnar eru alveg fram á brún hans, um 20 x 10 m á stærð og 0,8 m á dýpt. Þær eru enn blautar.⁸⁵

Sel á Selhjalla [321] hæð, þúst

„Selhjalli heitir hátt uppi í fjallinu ofan við Valþjófsstað, og eru þar líklega seltættur, en tæplega hefur verið búið þar.“⁸⁶ Hjallar ofan Valþjófsstaðar eru Bæjarhjalli neðst, þá Skothjalli, Torfhjalli og hinn fagurgræni Selhjalli með auknu undirlendi eftir því sem suðvestar dregur. Tóftir eru ekki á Selhjalla en á grasi gróinni syllu í hlíðinni, tæplega 600 m suðvestan gamla bæjarhólsins [300] er ræktarleg hæð, um 20 x 18 á stærð, með stefnu norður – suður, og um 13 m sunnar ógreinileg þúst, sa. 13 x 7 m á stærð sem líka snýr norður – suður. Rétt hjá rennur lítill lækur niður hlíðina. Þarna gætu signar búsetuminjar leynst undir sverði en ekki er víst að þær tengist selinu á Selhjalla.⁸⁷

Kolabotnar [322] kolagrafir

„Ofan við Torfhjalla eru Torfhjallarákir og þar ofar er Selhjalli. Ofan hans er Selhjallarák. Ofan hans tekur við svæði, sem nefnt er Miðfjall. Í því heita Kolabotnar, þeir eru yst í fjallinu og Garðaskriða er upp af Görðum.“⁸⁸ Þessar kolagrafir sjást enn þá ógreinilega við endann á Langahjalla, í hlíðinni ofan og vestan við Valþjófsstað. Þar eru 4-5 hringlaga dældir, þrjár þeirra þétt saman, um 2 m í þvermál, og 1-2 aðrar utar. Kol eru ekki sjáanleg en fundust þó þarna fyrir mörgum áratugum að sögn Friðriks Ingólfssonar ábúanda á Valþjófsstað.⁸⁹

Hvammur [323] bæjarhóll, býli

Ólafur Olavíus segir í *Ferðabók* sinni frá árunum 1775-1977: „Hvammur [Valþjófsstaðakirkjueign], 6 hdr, 1 kúg, landsk. 60 al.“⁹⁰ Samkvæmt *Jarðatali Johnsens* var þessi hjáleiga meðal þeirra sem taldar voru tilheyra Valþjófsstað árið 1760 og var „Hvammur

⁸⁵ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:050.

⁸⁶ Helgi Hallgrímsson, 2013, 22.

⁸⁷ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:017.

⁸⁸ Ö-Valþjófsstaður AE og EE, 4.

⁸⁹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:027.

⁹⁰ Ólafur Olavíus, 1965, 140.

talinn með staðnum.⁹¹ Í *Sveitum og jörðum í Múlapingi* segir Rögnvaldur Erlingsson hins vegar að einungis hafi verið búið í býlinu til ársins 1756 en þar voru áfram fjárhús.⁹² Sama lokaártal ábúðar er gefið upp annars staðar.⁹³ Helgi Hallgrímsson lýsir staðháttum nánar: „Hvammur. Fornt býli og síðar beitarhús frá Valþjófsstað, inni í djúpum hvammi, framan við Valþjófsstaðamela. Búseta var í Hvammi til 1756.“⁹⁴ Bæjarhóllinn er enn greinilegur á grasi grónum bala undir hlíð, um 800 m frá hinu gamla bæjarstæði [300] Valþjófsstaðar. Hann er við hlaðið fáeina metra suðvestan steyptra fjárhúsa og hlöðu sem þarna standa en við byggingu þeirra 1970-1975 voru eldri hús rifin og jöfnuð við jörðu, svo og fornar tættur, ef til voru. Slóði liggur frá þjóðvegi norður að þessum útihúsum. Minjar Hvamms leynast vafalaust í hólnum sem er um 40 x 24 m á stærð með stefnu austur – vestur og sjást í honum stakir steinar. Frá vesturenda hans liggur 48 m langt garðlag í boga suður og suðvestur og langsum yfir hólinn norðanverðan liggur girðing.⁹⁵

Rétt [324] tóft, garðlag

Í *Mannvistarminjum í Fljótsdal* segir: „Rétt á Vatnsleysu, þ.e. efst á Melunum innan og ofan við bæinn, hlaðin úr grjóti, og Náttþaga garður við hana, en enn í notkun, fyrir bæinn.“⁹⁶ Réttin er á grösugum reit undir brekku og liggur slóði að henni upp á melana innan við bæinn en þetta er um 330 m suðvestan við bæjarhól [300] Valþjófsstaðar. Réttin er grjóthlaðin og 28 x 9 m á stærð, veggir um 0,9 m á hæð og 0,5 m á breidd. Hún snýr norðaustur – suðvestur og er opin í báða enda. Aðeins eitt hólf er í henni en 10 m garðlag liggur austur frá henni og einnig má greina garðhleðslur um 20 m innan við hana og 50 m utan við hana. Þar liggur um 50 m garðlag frá klettabelti í hlíðinni niður á jafnsléttu og gæti hafa markað af náttþaga til norðausturs. Norðurhluti réttarinnar er enn nýttur.⁹⁷

⁹¹ Johnsen, 1847, 358.

⁹² Rögnvaldur Erlingsson, 1975, 38.

⁹³ Halldór Stefánsson, 1970, 180.

⁹⁴ Helgi Hallgrímsson, 2013, 22.

⁹⁵ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:010.

⁹⁶ Helgi Hallgrímsson, 2013, 23.

⁹⁷ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:021.

Mylla [325] tóft

Mylla við Melgrófarlæk er talin vera frá svipuðum tíma og Úthleypuskurður, áveita úr Jökulsá, þ.e. frá því um 1790.⁹⁸ Talið hefur verið að séra Vigfús Ormsson á Valbjófsstað (1789-1836) hafi látið reisa fyrstu vatnsmylluna á Héraði og hefur það þá verið í lok 18. aldar en vitað er um myllu þar um miðja 19. öld.⁹⁹ Litlar vatnsmyllur voru mjög algengar á Íslandi á 19. öld.¹⁰⁰ Myllutóft er varðveitt undir vegkanti skammt innan Valbjófsstaðar, um 20 m utan Melgrófarlækjar. Hún er um 700 m innan við eyðibýlið Hvamm en 1,5 km suðvestan við bæjarhól Valbjófsstaða. Hún er 4,4 x 3,8 m á stærð, veggir úr torfi og grjóti, mest 0,5 á hæð en um 1 m á breidd. Stefnan er norður – suður og op sýnilegt á suðurvegg. Lækur hefur áður runnið fast sunnan við mylluna, aðeins um 0,5 m frá henni, en nú er þar uppþornaður farvegur. Framan við hana er grasi gróinn bali sem snýr að Jökulsá.¹⁰¹

Stekkur [326] tóft

Undir næsta hjalla ofan við þjóðveg, um 100 m utan við Melgrófarlæk og 160 m frá myllunni [325] er tóft. Hún er um 1,4 km suðvestan við gamla Valbjófsstaðar bæjarhólinn [300]. Tóftin er aflöng, 15 x 6 m og tvískipt, veggir úr torfi mjög signir og útflattir, allt að 3,5 m á breidd en einungis 0,5 m á hæð. Nokkuð hrunin grjóthleðsla er meðfram innri veggjum í vestara og stærra hólfinu sem virðist opið í vestur en innangengt er yfir í hitt hólfið. Miðað við lögunina gæti þetta verið stekkur. Jeppaslóði liggur að tóftinni.¹⁰²

Staðarsel [327] bæjarstaði, býli

Staðarsel er fimmta hjáleigan sem getið er um í nágrenni Valbjófsstaðar og talið hafa farið í eyði 1756.¹⁰³ Staðsetning er óþekkt og hefur verið giskað á að það hafi verið uppi á heiði

⁹⁸ Rögnvaldur Erlingsson, 1975, 40.

⁹⁹ ÞÞ 1968; ÞÞ 2201; Ágúst Sigurðsson, 1979, 43.

¹⁰⁰ Ragnheiður Traustadóttir, Hermann J. Hjartarson, Indriði Skarphéðinsson, Rúna K. Tetzschner, Snædís S. Thorlacius og Arthur K. Farestveit, 2022, 26-39.

¹⁰¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:007.

¹⁰² Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:041.

¹⁰³ Halldór Stefánsson, 1970, 180.

eða í Hrafnkelsdal en ólíklegt virðist að það hafi verið svo fjarri. Kannski var Staðarsel þar sem Gamlistekkur [328] byggðist síðar upp.¹⁰⁴

Gamlistekkur [328] tóftir

„Skammt fyrir utan Teigshúsin [329] var stekkur frá Valþjófsstað, Gamlistekkur, og heitir Stekkeyri þar fyrir neðan. Þar munu vera töluverðar tættur [...]“.¹⁰⁵ Stekkeyri er niður við Jökulsá og tóftir frá Gamlastekk eru um 400 m norðaustan Teigshúsa; um 200 m eru í þjóðveginn en þetta er sa. 2,3 km suðvestan bæjarhóls [300] Valþjófsstaðar. Að minnsta kosti tvær tóftir eru í grasi grónum hvammi, uppi á hjalla undir klettabelti við fjallið. Sú vestari og stærri er tvískipt með stefnu norður – suður og virðist vera inngangur norðan megin við klettavegginn sem myndar vesturhliðina. Eystra hólfið er minna og gengur austur úr suðurhorni stærra hólsins, um 6 x 3 m á stærð og dyr á austurgafli. Þar sem gengt er milli hólfa sést grjót í hleðslu. Annars er tóftin sigrin og yfirgróin grasi. Rétt suðaustan við hana er önnur sokkin torftóft, um 6 x 5 m á stærð, með inngang á norðausturvegg.¹⁰⁶

Teigshús [329] beitarhús, tóftir og garður [330] garðlag

„Teigshús nefndust gömul beitarhús frá Valþjófsstað, inni í svonefndum Valþjófsstaðarteig, um 2 km utan við bæinn Hól. Tættur þessar eru skýrar, á grund skammt fyrir ofan veginn.“¹⁰⁷ Teigshús hafa staðið á grónum bletti í halla undir fjallinu um 2,7 km suðvestan við bæjarhól [300] Valþjófsstaðar. Tóftin frá þeim er nú afgirt um 100 m frá stóru borgati í fjallshlíðinni. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti, um 24 x 11 m á stærð og snýr norðvestur – suðaustur. Garði sem liggur eftir endilöngu fjárhúsinu skiptir því í tvennt, hvort hólfið um sig 15 x 3 m að innanmáli, og við norðvesturgafli er minna hólfið, líklega hlaða, um 6 x 2 m að innanmáli. Gengt er á milli hólfa og inngangur í fjárhúsið á suðausturgafli.¹⁰⁸


¹⁰⁴ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:014.

¹⁰⁵ Helgi Hallgrímsson, 2013, 22.

¹⁰⁶ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:016.

¹⁰⁷ Helgi Hallgrímsson, 2013, 22.

¹⁰⁸ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:015.



Mynd 6. Minjar í túni Valbjófsstaðar.

Miðbær [331] þúst, hjallur, býli

Miðbær er talinn hafa farið í eyði 1700¹⁰⁹ eða 1760 en á að hafa verið þar sem núverandi íbúðarhús prestsins á Valbjófsstað er, þ.e. Presthús eða Valbjófsstaður I, eða skammt ofan við það.¹¹⁰ Ótvíræð merki sjást ekki um býlið en þó virðist á tveimur stöðum mega greina óljósar minjar sem gætu tengst því. Rétt austan bílastæðisins er þústarhæð, um 19 x 14 m á stærð, á kafi í gróðri og rusli, og norðaustarlega í henni er mögulega tóft, fremur hringlaga, um 6 m í þvermál og greinilegust á norðausturhlið. Að sögn Unnar Einarsdóttur, ábúanda á Valbjófsstað II, var þarna kofi sem hún hélt að hefði einhvern tímann verið hafður fyrir hesta og síðar taðþurrkun en var undir það síðasta þerrihjallur fyrir þvott á svæðinu. Um 100 m utan

¹⁰⁹ Ólafur Olavius, 1964, 140; Halldór Stefánsson, 1970, 180.

¹¹⁰ Rögnvaldur Erlingsson, 1975, 38; Helgi Hallgrímsson, 2013, 22.

við Presthús er auk þess 60-70 m langur hryggur með stefnu norðvestur – suðaustur í túni sem annars er sléttað allt í kring og gætu þar verið leifar af útflöttum vallargarði.¹¹¹

Útihús [332] tóft

Aðrar sýnilegar minjar sem sennilega vitna um Miðbæ [331] eru „tvær þústir [...] á sléttu túninu, innan og ofan við hús prestsins [...]. Neðri þúfan er vikurhaugur, sem rakað var saman á túninu eftir Öskjugosið 1875, en sú efri er leifar af einhverju gripahúsi.“¹¹² Vestar er um 11 x 8 m stórt svæði sem snýr suður – norður með grasi grónum hól, 1-1,5 m á hæð, þar sem mótar fyrir veggjum og um 30 m austar er smáhóll, sennilega vikurhaugurinn. Allt umhverfis eru sléttuð tún.¹¹³

Garðar [333] bæjarstæði, býli

Garðar voru taldir hjáleiga Valþjófsstaðar árið 1760 og voru í byggð 1804 samkvæmt *Jarðatali* 1847.¹¹⁴ Í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi* er talið að þeir hafi verið í ábúð til ársins 1811 en þar voru áfram fjárhús.¹¹⁵ Í *Mannvistarminjum í Fljótsdal* segir: „Garðar voru á grundinni, um það bil miðja vega milli Prestsseturs og Végarðs og heitir þar Garðstún og Garðahlaup.“¹¹⁶ Í *Fornbýlum og eyðibýlum í Múlasýslum* segir auk þess: „Síðast voru þar allstór fjárhús úr torfi og grjóti, líklega tvístæð (eða meira), og hlaða á bakvið. Þessi hús voru rifin og sléttuð í kringum 1975, en þar er enn dálítil grjótdreif og annað graslag en í túninu umhverfis.“¹¹⁷ Garðar hafa verið á sléttri gróinni grund sem nú er orðin að túni, um 680 m norðan við gamla Valþjófsstaðarbæjarstæðið, 70-80 m austan við klettabelti og mitt á milli prestsbústaðarins á Valþjófsstað og Végarðs. Minjar sjást ekki á staðnum en þar er bungulaga hóll, um 25 x 40 m, með stefnu norður – suður.¹¹⁸

¹¹¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:013.

¹¹² Helgi Hallgrímsson, 2013, 22.

¹¹³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:042.

¹¹⁴ Johnsen, 1847, 358.

¹¹⁵ Rögnvaldur Erlingsson, 1975, 38

¹¹⁶ Helgi Hallgrímsson, 2013, 22.

¹¹⁷ Halldór Stefánsson, 1970, 180.

¹¹⁸ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:009.

Úthleypuskurður [334] áveita

Í örnefnalýsingu segir: „Þar innar Stekkatangi, þar sunnan við koma þær saman Jökulsá og Keldáin, þar er vinkill á ánni. Þá er komið að Úthleypuskurði. Lengi var Jökulsá veitt á nesið, þessi skurður var grafinn út nesið, beygir hér utan við Valþjófsstaðamela og nær út í Klausturnes.“¹¹⁹ Þessi áveita úr Jökulsá á nesið var gerð um 1790 og var hin fyrsta á Austurlandi.¹²⁰ Skurðurinn er um 1,7 km norðan við bæjarhól Valþjófsstaðar, mjög greinilegur þar sem hann liggur að þurru farvegi Jökulsár með stefnu norðaustur – suðvestur. Aðrar menjar um áveituna er 40-50 m langt garðlag, 1 m á hæð, sem liggur suðvestur frá skurðinum í örlitlum boga. Bogadregin kvos við skurðinn er einnig mögulega manngerð.¹²¹

Gunnhildargerði [335] bæjarstæði, býli

Gunnhildargerði er talið með fimm hjáleigum sem voru í túni í nágrenni Valþjófsstaðar.¹²² Í *Mannvistarminjum í Fljótsdal* segir: „Gunnhildargerði var um 20-30 m utar (og ofar) en félagsheimilið Végarður er nú, og sést þar dálítill þúst til minja um þetta forna býli.“¹²³ Ekki sér til tófta en þarna í sléttum grasbala, um 25 m norðan við félagsheimilið, er lágur hóll, sa. 10 x 10 m á stærð og 1-1,5 m á hæð og hefur að hluta verið sléttað úr honum vestan megin.¹²⁴

Rétt [336] rétt og garðlag

„Rétt við Végarð: Stutt fyrir utan girðinguna, utan við félagsheimilið Végarð, mótur fyrir torfgörðum, er mynda nokkur hólf, líkt og í rétt, einnig garðstúfar sem stefna þvert á fjallið. Þessar minjar eru skammt fyrir utan og ofan eyðibýlið Gunnhildargerði [335].“¹²⁵ Réttin er undir brekku, um 140 m austan við Gunnhildargerði og 4 m austan vírgirðingar. Um 50 m ofar eru klettur. Hún er um 25 x 23 m stærð og fimmskipt, veggir úr torfi en sjást stöku steinar, mjög signir, mest 0,5 m á hæð og breidd 1-1,5 m. Stærst er norðvestasta hólfið, 15 x

¹¹⁹ Ö-Valþjófsstaður AG og EE, 2.

¹²⁰ Rögnvaldur Erlingsson, 1975, 40.

¹²¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:006.

¹²² Rögnvaldur Erlingsson, 1975, 38

¹²³ Helgi Hallgrímsson, 2013, 22.

¹²⁴ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:012.

¹²⁵ Helgi Hallgrímsson, 2013, 23.

16 m, og eru hin hlaðin upp við það sunnan og austan megin, með op yfir í það, öll nema eitt. Út frá vesturhorni stóra hólsins liggur óreglulegt garðlag, sa. 15 m vestur og suðvestur, og beygir síðan suðaustur rúma 100 m, liggur meðfram réttinni þannig að það myndar stórt hól vestan við hana, og áfram niður hlíðina þar sem það fjarar út en örfáum metrum suðvestar má aftur greina garðlag sem heldur áfram suðvestur í átt að Végarði.¹²⁶

Torfristulón [337] torfrista

Samkvæmt örnefnalýsingu var Torfristulón fyrir innan gamlan nafnlausan áveitugarð sem lá frá Götudæld, uppbarnaðri tjörn, í Löngutjörn.¹²⁷ Eins og nafnið gefur til kynna var þar rist torf. Þetta er um 550 m norðaustan við gamla bæjarhólinn [300] á Valþjófsstað en um 240 m vestan við Valþjófsstað I. Landslagið hefur breyst með aukinni túnrækt þannig að ekki sjást lengur merki um torfristuna en lónið er svolítið deiglent og greinilega má sjá aflangan deiglendisblett sem liggur í svolitlum boga milli tveggja sléttaðra túna.¹²⁸

Götudæld [338] leið

Í örnefnalýsingu segir: „Innan við Hrínsesið lá niður Götudæld, þar var gata niður á [Valþjófsstaðanes].“¹²⁹ Enn mótar fyrir götunni um 5 m vestan við farveg Jökulsár og 100 m sunnan við Nýjagarð. Hún er um 100 m norðan við mögulegar stekkjarmínjar [340] á Stekkjartanga og 480 m austan núverandi kirkju á Valþjófsstað. Sýnileg er dæld með greinilegum götum út á Valþjófsstaðanes en þær enda við tún á nesinu. Gatan liggur í átt að Valþjófsstað.¹³⁰

Rétt á Stekkjartanga [339] heimild

Í sóknarlýsingu árið 1849 segir: „Er allt fé, sem kemur úr Rana, af Vesturöræfum og undan Snæfellinu, réttað undir svokölluðum Stekkjartanga við Jökulsána, á nesinu fyrir austan Valþjófsstað.“¹³¹ „Tanginn er beint niður af Valþjófsstað, um það bil þar sem Jökulsá mætir

¹²⁶ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:020.

¹²⁷ Ö-Valþjófsstaður AG og EE,

¹²⁸ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:047.

¹²⁹ Ö-Valþjófsstaður AG og EE, 1-2.

¹³⁰ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:025.

¹³¹ Stefán Árnason, 2000, 144.

Keldá. Líklega hafa árnar brotið upp þann hluta tangans, sem réttin var á.“¹³² Miðað við lýsinguna hefur skilaréttin verið staðsett um 1100 m austan bæjarhóls [300] Valþjófsstaðar. Friðrik Ingólfsson bóndi á Valþjófsstað mundi eftir henni við fornleifaskráningu en hún er nú alveg horfin enda hefur áin brotið mikið af tanganum síðustu áratugi og eru háir rofabakkar austan á honum.¹³³

Stekkur [340] tóftir og garðar [341] garðlög

Réttin á Stekkjartanga er horfin en þar sjást hins vegar minjar sem gætu tengst stekknunum sem tanginn er kenndur við. Tóftir [340] og garðlög [341] hafa varðveist í grösugri dæld austur undir melum, austan núverandi Valþjófsstaðarkirkju og tæpum 600 m austan við bæjarhólinn á Valþjófsstað. Þetta er fast ofan og norðvestan við gamlan farveg Jökulsár sem þornaði upp eftir byggingu varnargarða sem vafalaust björguðu minjunum. Áin hefur greinilega brotið af suðvesturenda tóftar sem stendur á hól á árbakkanum en sá hluti hennar sem hefur varðveist er 8 x 7 m á stærð með stefnu suðaustur – norðvestur. A-1875 gjóskulagið sem sést undir tóftinni í rofabarði gefur til kynna að hún sé yngri, sennilega frá því um 1900. Þessi tóft er mest áberandi en sunnan hennar er önnur ógreinilegri með tveimur samtengdum hólfum, 7 x 4 m og 6 x 3 m, veggjabreidd 0,5-0,7 m. Ekki sjást grjóthleðslur í tóftunum. Sunnan við þær er um 30 m langt garðlag, 0,5-0,7 m á breidd, sem liggur beint norðvestur – suðaustur og út frá því liggur annað breiðara garðlag, 40 m langt, til suðvesturs og síðan suðurs og endar þar sem áin hefur brotið af hvamminum.¹³⁴

Gamligarður [342] garðlag, vörslugarður

„Sunnan Nýjagarðs myndast lón, sem heitir Nýjalón, það er ofan þessa og nær niður í Hrísnesið. Þar innar er Gamlalón, þar var byggður garður löngu á undan Nýjagarði [353]. Nálægt því sem þjóðvegurinn liggur yfir nesið voru leifar af fornum vörslugarði og líklega áveitugarði jafnframt, þar hét Gamligarður.“¹³⁵ Garðurinn er við Gamlalón, norðaustan Valþjófsstaðar II, fast neðan við tún neðan þjóðvegur, tæpum 2 km austan við Valþjófsstað I.

¹³² Helgi Hallgrímsson, 2013, 23.

¹³³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:018.

¹³⁴ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:019.

¹³⁵ Ö-Valþjófsstaður AG og EE, 2, 6.

Allt umhverfis eru sléttuð tún. Hann liggur í um 16 m til suðurs en síðan er rúmlega 30 m skarð í honum þar sem meðal annars liggur bíslóði í gegn. Eftir skarðið heldur hann áfram um 100 m, nokkurn veginn í sömu stefnu fram á bakka Jökulsár. Garðurinn er greinilegastur nyrst, um 1,5 m á breidd og 0,5-0,6 m á hæð, en á köflum sést einungis óljós hryggur.¹³⁶

Drangsvað [343] heimild

„Klettastapi í Jökulsá, nokkuð innan við tún, var kallaður Drangur, og þar var Drangsvað.“¹³⁷ Vaðið er um 200 m austan við vaðið Langhúsastreng en um 830 m sunnan við bæjarhól Valþjófsstaðar. Malareyri er við bakkann og bíslóði liggur að Drangsvaði en merki um eldri götur eru ekki auðsæ. Vaðið var yfir Hvammseyrar og Langhúsaeyrar með stefnu suður á klettadrang á bakkanum fyrir handan, skammt utan Langhúsa, og var vaðið kennt við hann. Ruðst var yfir þennan dranga með jarðýtu um 1992 en leifar hans sjást þó enn. Malareyri er við bakkann.¹³⁸

Teigshúsvað [344] og Hundsbrot [345] heimild

„Vöð á Jökulsá í Valþjófsstaðalandi: Innst er Teighúsvað, þá er næst Hundsbrot.“¹³⁹ Teigshúsvað [344] var um 80 m neðan eða suðaustan þjóðveg, um 200 m innan við skúra Landsvirkjunar, og er rafmagnsgirðing á milli. Árbakkarnir þarna eru aflíðandi og lágir, liggur gróinn bali að ánni og glittir í óljósar götur að vaðinu sem liggur suðvestur yfir um flotna eyri í átt að Glúmsstöðum.¹⁴⁰ Hundsbrot [345] er 200-300 m frá þjóðveginum og liggur frá malareyri fremst á Stekkjartanga suðaustur yfir ána. Í flóðum flæðir yfir eyrina. Engar götur sjást liggja að vaðinu.¹⁴¹

¹³⁶ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:026.

¹³⁷ Ö-Valþjófsstaður AE og EE, 7.

¹³⁸ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:029.

¹³⁹ Ö-Valþjófsstaður AG og EE, 7.

¹⁴⁰ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:030.

¹⁴¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:031.

Melgrófarvað [346] heimild

Samkvæmt örnefnalýsingu er Melgrófarvað utan við Háamel.¹⁴² Það er um 70 m utan við Melgrófarlæk. Vaðið liggur eftir broti í ánni í suðvestur, skáhallt upp ána og endaði skammt neðan við mælikláf Vatnamælinga. Engin gata sést liggja að vaðinu en götur liggja meðfram árbakkanum, sennilega aðallega fjárgötur.¹⁴³

Kirkjuvað [347] heimild

Í umfjöllun um vöð og ferjur á Lagarfljóti segir Helgi Gíslason: „Kirkjuvað kallast vað á ánni beint niður af Valþjófsstaðakirkju.“¹⁴⁴ Vaðið hefur verið um 5 m neðan við Skógræktargirðingar, 700 m suðaustan við bæjarhól [300] Valþjófsstaða. Jökulsá er nú þornuð á þessum stað eftir að varnargarðar voru settir en greinilegar götur liggja frá gamla vaðinu í átt að Valþjófsstað.¹⁴⁵

Ferjustaður [348] heimild

„Þar sem straumferjan var á Jökulsá heitir Ferjueyri. Milli Nýjagarðs og Stekkatanga heitir Ferjubakki, hvorutveggja nýnefni frá 1917.“¹⁴⁶ Ferjustaðurinn var um 100 m innan við aðalbrúna á Jökulsá, tæpa 2 km vestan við bæjarhól [300] Valþjófsstaða. Grónir vellir eru á báðum bökkum og vestan megin er um 1 m hár torfbakki. Jökulsá rennur þarna í einum farvegi og er mjög breið. Ekki sjást lengur neinar minjar um ferjustaðinn.¹⁴⁷

Fremra-Skógarvað [349] og Ytra-Skógarvað [350] heimild

„Þá er Fremra-Skógarvað og Ytra-Skógarvað, líka nefnt Kirkjubrot. Það er í stefnu frá Kirkjunni.“¹⁴⁸ Fremra-Skógarvað er um 100 m innan við Kirkjuvað og stefnir suður. Þarna eru háir rofbakkar og hefur Jökulsá augsýnilega sorfið úr þeim. Farvegur árinna er þornaður eftir

¹⁴² Ö-Valþjófsstaður AE og EE, 7.

¹⁴³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:032.

¹⁴⁴ Helgi Gíslason, 1984, 9.

¹⁴⁵ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:038.

¹⁴⁶ Ö-Valþjófsstaður AE og EE, 6.

¹⁴⁷ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:028.

¹⁴⁸ Ö-Valþjófsstaður AE og EE, 7.

að varnargarðar voru reistir en óljósar götur sjást enn liggja fram á bakkann.¹⁴⁹ Ytra-Skógarvað hefur verið á svipuðum stað og Fremra-Skógarvað og virðast þau hafa skarast en brot í ánni hafa stjórnað því hvar vöðin lágu. Staðsetning er þó ekki örugg.¹⁵⁰

Langhúsastrengur [351] heimild

Í örnefnalýsingu segir: „Milli Melgrófarvaðs [346] og Drangsvaðs [343] er slæmt vað, kallað Langhúsastrengur. Talað var um að fara yfir Á Strengnum.“¹⁵¹ Helgi Gíslason getur um sama vað í úttekt sinni á vöðum og ferjum á Lagarfljóti: „Langhúsastrengur hét vað sem stundum var farið á bílum eftir að þeir komu. Þá var farið á milli Langhúseyrar og Hvammseyrar neðan við Hvammshúsin, beitarhús frá Valþjófsstað.“¹⁵² Vaðið er í austur frá eyðibýlinu Hvammi [323] þar sem nú eru fjárhús, um 730 m sunnan við bæjarhól [300] Valþjófsstaðar. Bíslóð liggur að því um 300 m neðan við Hvammshús og grasi grónir bakkar eru að ánni. Stefna vaðsins er í suðvestur. Heimamenn nefndu það einnig Kartöflugarðsvaðið vegna þess að það stefnir á gamlan kartöflugarð á Langhúsum hinum megin árinna.¹⁵³

Túngarður [352] garðlag

Líklega hefur túngarður legið umhverfis túnið á Valþjófsstað en hann hefur alls staðar verið jafnaður út og er víðast hvar horfinn. Á nokkrum stöðum á um 140 x 320 m svæði má þó greina leifar garðlaga og hryggi í túninu sem gætu verið frá þessum túngarði. Frá Kvíabóli [314] gengur hryggur um 140 m austur, beygir síðan norðaustur og heldur áfram um 100 m áður en hann fjarar út um 40 m suðvestan heimreiðar. Um 40 m austan við þar sem hryggurinn beygir liggur annar garður út frá honum, líka til norðausturs og síðan samsíða honum allt að 150 m að heimreið Valþjófsstaðar II þar sem hann slitnar en heldur svo áfram hinum megin um 135 m norður uns hann hverfur í túnið. Garðlagið er þó greinilegast á um 30 m kafla norðvestan við nýja kirkjugarðinn þar sem það virðist byrja 6-7 m frá norðvesturhorninu. Þar nær það mest um 1 m hæð og 3 m breidd og sést grjóthleðsla austan

¹⁴⁹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:033.

¹⁵⁰ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:034.

¹⁵¹ Ö-Valþjófsstaður AE og EE, 7.

¹⁵² Helgi Gíslason, 1984, 9.

¹⁵³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:035.

megin, auk þess sem torf virðist vera í hleðslunni. Hægt er rekja það um 50 m en síðan jafnast það út.¹⁵⁴

Nýgarður [353] garðlag, áveita, landamerki

Á mörkum Valþjófsstaðar og Skriðu var áveitugarður hlaðinn 1890-1900, samkvæmt úttekt „555 faðma langur, 2 áln. og 13 þuml. á hæð og 2 áln., og 22 þuml. á þykkt.“¹⁵⁵ Séra Lárus Halldórsson prestur á Valþjófsstað hlóð þennan garð úr sniddu í tvíþættum tilgangi því hann var líka varnar- og landamerkjagarður. Hann náði niður að á frá hamraenda og var alltaf kallaður Nýgarður en var fallinn á stórum köflum við örnefnaskráningu um 1970 og í staðinn komin netgirðing milli jarðanna, „frá Jökulsá upp að þjóðvegi, sett upp af Gunnari Gunnarssyni skáldi meðan hann bjó á Skriðuklaustri.“¹⁵⁶ Leifar Nýjagarðs eru um 1,7 km norðan við bæjarhól Valþjófsstaðar. Samkvæmt fornleifaskráningu liggur 30 m langt garðlag suðaustur – norðvestur upp undir hliðina, torfhlaðið, nema í hliðinni sjálfri en ofar í henni kemur grjótdreif í framhaldi. Þetta er vestasti hluti Nýjagarðs en honum má fylgja á um 100 m kafla. Framræsluskurður hefur verið grafinn í gegnum hann við hliðina og þjóðvegurinn lagður þvert í gegnum hann. „Um 350 m frá vesturenda beygir garðurinn til NA (hornið er rofið burtu, N 65°01.812; V 14°57.616, skekkja 4 m). Á þessum slóðum er garðurinn allt að 0,8 m hár, og grunnur skurður austan megin við.“¹⁵⁷

Tröllkonustígur [354] leið

Í örnefnalýsingu segir: „Tröllkonustígur er hryggur, sem liggur hér á ská út fjallið og er mikið af honum í Klausturslandi.“¹⁵⁸ Helgi Hallgrímsson skrifaði grein um fyrirbærið:

Tröllkonustígur og framhald hans „koma svo báðir fram í gili Bessastaðaár, litlu utar. Líklega eru þeir hlutar af mikilli eldgjá, sem opnast hefur seint á tertíertíma, og myndað efstu og yngstu hraunlögin á Fljótalsheiði.“¹⁵⁹ Tröllkonustígur er náttúrulegur berggangur í Valþjófsstaðafjalli sem liggur norður – suður um 10 km leið, skáhallt um gróna bratta

¹⁵⁴ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:043.

¹⁵⁵ Rögnvaldur Erlingsson, 1975, 40

¹⁵⁶ Ö-Valþjófsstaður AG og EE, 1.

¹⁵⁷ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:008.

¹⁵⁸ Ö-Valþjófsstaður AG og EE, 4.

¹⁵⁹ Helgi Hallgrímsson, 2003, 35.

fjallshlíðina og klettabelti. Hann er 5-15 m á breidd úr láréttu stuðlabergi. Berggangurinn hefst ofan við Végarð og liggur svo út fjallið en endar í Klausturhæð upp af Skriðuklaustri þar sem annar berggangur tekur við. Gangurinn líkist gríðarmiklum vegi upp fjallið og var notaður sem slíkur enda hestfær að stærstum hluta.¹⁶⁰



Mynd 7. Jarðsjáin frá NIKU keyrð á túni Arnheiðarstaða.

Arnheiðarstaðir

Fornar minjar sem fundist hafa á Arneiðarstöðum benda til að þeir hafi byggst mjög snemma. Þegar grafið var fyrir nýjum húsum árið 1889 fannst djúpt í jörðu vel varðveittur vettlingur eða vöttur, brugðinn eða heklaður, ásamt hringprjóni og lítilli þynnu með krossi.¹⁶¹ Gripirnir vekja grun um að þarna hafi verið kuml og minjar gætu enn leynst í jörð. Vötturinn er nú til

¹⁶⁰ Helgi Hallgrímsson, 2003, 35; Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2005, nr. 167:051.

¹⁶¹ Pálmi Pálsson, 1895, 34-35.

sýnis í Þjóðminjasafninu og er jafnvel talinn vera frá 10. öld.¹⁶² Ekki er til nánari lýsing á aðstæðum við fundinn en kuml voru yfirleitt staðsett í grennd við byggð.¹⁶³

Jörðin er enda nefnd í *Landnámabók*:

Ketill ok Graut-Atli, synir Þóris Þiðranda, fóru ór Veradal til Íslands og námu land í Fljótsdal, fyrr en Brynjólfur kom út. Ketill nam Lagarfljótsstrandir báðar fyrir vestan Fljót á milli Hengifossar ok Ormsár. Ketill fór útan ok var með Véþormi syni Vémundar ens gamla; þá keypti hann at Véþormi Arneiði, dóttur Ásbjarnar jarls skerjablesa, er Hólmfastr son Véþorms hafði hertekit, þá er þeir Grímr systurson Véþorms drápu Ásbjörn jarl. Ketill keypti Arneiði dóttur Ásbjarnar tveim hlutum dýrra en Véþormr mat hana í fyrstu; en er kaupit var orðit, þá gerði Ketill brúðkaup til Arneiðar. Eftir það fann hon grafsilfr mikit undir viðarrótum. Þá bauð Ketill at flytja hana til frænda sinna, en hon kaus þá honum at fylgja. Þau fóru út ok bjuggu á Arneiðarstodum; þeira son var Þiðrandi faðir Ketils í Njarðvík.¹⁶⁴

Arnheiðarstaðir koma líka fyrir í *Droplaugarsona sögu*: „Nú er þar til at taka, er Ketill þrymr kaupir sér land fyrir vestan vatn þat, er Lagarfljót heitir – sá bær heitir á Arneiðarstöðum – ok bjó þar síðan.“¹⁶⁵ Sagan lætur bæinn heita eftir Arnheiði Ásbjörnsdóttur jarls yfir Suðureyjum, konu Ketils þryms.¹⁶⁶

Arnheiðarstaðir eru líka stór hluti af söguviði *Fljótsdæla sögu* en samkvæmt henni hét bærinn fyrst Vallholt:

Þat er sagt, at Þorvaldr reið heiman við nökkura menn upp í herað ok vestr yfir Lagarfljót ok upp á strönd ok allt þar til, er hann kom á þann bæ, er á Vallholti hét. Þetta land var lítit at húsum, en þó fullbýlisland. Þat kaupir Þorvaldr með fé. Hann húsaði landit og efldi bústað þann, ok er sá bær góðr kallaðr síðan jafnan. Eptir þat tekr Arneiðr, móðir hennar, við búi fyrir innan stökk ok allri umsjá. Er þá snúit nafni bæjarins ok kallat á Arneiðarstöðum.¹⁶⁷

Fjölskylduböndin eru öðruvísi í *Fljótsdælu* og þar hét bærinn eftir Arnheiði Helgadóttur, tengdamóður Þorvaldar Þiðrandasonar, bróður Þrum-Ketils. Þorvaldur kvæntist Droplaugu, dóttur Björgólfs jarls á Hjaltlandi og Arnheiðar og þær mæðgur komu báðar með honum til Íslands.¹⁶⁸ *Droplaugarsona saga* hefur verið talin rituð á 13. öld en *Fljótsdæla* á 14. öld. Báðar eru varðveittar í yngri handritum en almennt er gert ráð fyrir að Íslendinga sögur séu ritaðar eftir munnlegum sögum sem gengið hafi í frásögn manna um nokkrar aldir og kann því

¹⁶² MÞ 3405/1890-37.

¹⁶³ Kristján Eldjárn, 2000, 264-167.

¹⁶⁴ *Íslensk fornrit* I, 1968, 295-296.

¹⁶⁵ *Íslensk fornrit* XI, 1950, 140.

¹⁶⁶ *Íslensk fornrit* XI, 1950, 138.

¹⁶⁷ *Íslensk fornrit* XI, 1950, 233.

¹⁶⁸ *Íslensk fornrit* XI, 1950, 227, 231-232.

sannleikskorn að leynast í þeim.¹⁶⁹ Þótt sögurnar séu missagna eru þær sammála um að Arnheiðarstaðir hafi byggst á landnáms tímanum og má líklega treysta þeim meginupplýsingum.



Mynd 8. Forn vöttur sem fannst á Arnheiðarstöðum.

Arnheiðarstaðir koma víða fyrir í fornbréfum. Frá árinu 1367 er til máldagi „Kristfjárins“ á jörðinni sem þá var 30 ásauðir, sjö kýr og kúgildis hross og „luka af einv xij alner“ en Guð drottinn átti þrjá hluti í Arneiðarstöðum.¹⁷⁰ Næst eru Arnheiðarstaðir nefndir í *Vilchinsbók* árið 1397.¹⁷¹ Í máldaga sama ár og aftur 1471 kemur svo fram að fjórðungur úr landi Arnheiðarstaða var í eigu Valþjófsstaðarkirkju.¹⁷² Í *Bréfabók Gissurar Einarssonar biskups* er minnst á byggingu, þ.e. leigu á „kristfjárrjörðunni Arneiðarstöðum“ sem þá var byggð Jóni „smásveini“. ¹⁷³ Á hreppstjóraþingi á Víðivöllum ytri árið 1555 var ákveðið að leigan skyldi

¹⁶⁹ Jón Jóhannesson, 1950, lviii-lxxxii, xcii-c.

¹⁷⁰ *Íslenzkt fornbréfasafn* III, 1896, 240.

¹⁷¹ *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, 1897, 32.

¹⁷² *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, 1897, 209; *Íslenzkt fornbréfasafn* V, 1899-1902, 632.

¹⁷³ *Íslenzkt fornbréfasafn* X, 1911-1921, 432, 690.

vera til framfærslu „guðs ölmusumanni, er þar inntakist, en hitt megi ekki haldast, að leigan gangi til Gissurar biskups.“¹⁷⁴ Árið 1560 eru Arneiðarstaðir taldir upp í jarðaskrá Valþjófsstaðar sem enn átti fjórðung í jörðinni.¹⁷⁵ Svo var áfram þegar *Gíslamáldagi* var ritaður 1570 og síðar en þar eru taldar upp eignir Arnheiðarstaða: tvö kúgildi, hross, kapall, tíu skjólna kerald og pottur, fjögurra vetra gamalt naut, fimm gildir sauðir, klukka og bjalla.¹⁷⁶ Í *Jarðatali* Johnsens árið 1847 voru Arnheiðarstaðir metnir 30 hundruð að dýrleika. Henni fylgdu hjáleigurnar Geitagerði og Merki en ekki er tekið fram hvað þær voru metnar á.¹⁷⁷

Samkvæmt skýrslu séra Stefáns Árnasonar prófests á Valþjófsstað voru Arnheiðarstaðir árin 1840-1841 metnir 30 hundruð að dýrleika með tveimur hjáleigum, Ásgeirsmerki eða Merki á Jökuldal og Geitagerði. Bærinn á Arnheiðarstöðum stóð skammt frá Lagarfljóti, nýuppbbyggður og einn hinna best húsuðu og reisulegustu í sókninni. Túnið var grasgefið vegna vatnsveitingar, útigangur og heyskapur í meðallagi, nokkur grastekja, silungsveiði í Fljótinu, enginn skógur en mótorf í Geitagerðismýrum. Á jörðinni fór fram kartöflu- og grænmetisrækt og þar voru hlaðnir matjurtagarðar. Arnheiðarstaðir og hjáleigurnar voru Kristfjárjarðir sem presturinn á Valþjófsstað hafði umsjón með og þar var árlega haldinn hreppsómagi en bænhúsið hafði verið aftekið.¹⁷⁸

Samkvæmt lýsingu séra Péturs Jónssonar á Valþjófsstað voru Arnheiðarstaðir 32 hundruð árið 1873, heyskapur nokkur en reytingssamur og langsóttur, útigangur á vetrum fyrir sauðfé í betra lagi en hafði þó spillst við það að skógurinn féll og landið blés. Lítill kvistur var upp í brúnum. Hjáleigan Geitagerði var metin 11 hundruð en jarðarmat afbýlisins Merkis ekki tiltekið sérstaklega. Sóknarpresturinn annaðist jarðirnar áfram en af afgjaldinu skyldi „framfærast einn ómagi hreppsins. „Eign þessi var í fornöld gefin til guðspakka.“¹⁷⁹

Arnheiðarstaðir eru enn í ábúð og var farið með jarðsjá yfir bæjartún og nánasta nágrenni. Meðal þess sem kom í ljós var forn garður, líklega þó túngarður fremur en kirkjugarður.

¹⁷⁴ Íslenzkt fornbréfasafn XII, 1923-1932, 95-96.

¹⁷⁵ Íslenzkt fornbréfasafn XIII, 1933-1939, 559.

¹⁷⁶ Íslenzkt fornbréfasafn XV, 1947-1950, 681, 707.

¹⁷⁷ Johnsen, 1847, 359.

¹⁷⁸ Stefán Árnason, 2000, 139, 145-147.

¹⁷⁹ Pétur Jónsson, 2000, 163-164, 167.



Mynd 9. Ein af djúpsneiðunum sem jarðsjáin tók á Arnheiðarstöðum. Meðal annars fannst forn garður.

Bær [200]

Bæjarstæðið á Arnheiðarstöðum hefur líklega lengi verið á sömu slóðum en minjafundur þegar grafið var fyrir nýjum húsbyggingum¹⁸⁰ gæti þó bent til að það hafi flust til. Líklegt er

¹⁸⁰ Pálmi Pálsson, 1895, 34-35.

að minjarnar séu úr kumli en þau voru yfirleitt nokkuð frá bæ.¹⁸¹ Ef þarna hefur verið kuml á heiðnum tíma hefur bæjarstaðið ef til vill verið staðsett annars staðar fyrstu aldirnar.

Á fyrstu árum 20. aldar stóð reisulegur bær á Arnheiðarstöðum, tvílyft timburhús sambyggt torfhúsum. Á túnakort frá 1915 er teiknaður inn bær austan við bæjarlækinn og snýr í suður en heimreið liggur úr austri yfir túnið og norðan hennar er útihús.¹⁸² Heimreiðin virðist vera í svipuðum farvegi og núverandi heimkeyrsla að bænum. Bærinn sést einnig á ljósmynd frá árunum 1925-1930.¹⁸³ Húsið tók miklum breytingum á 20. öldinni. Þá voru viðbyggingar rifnar og árið 1959 voru aðeins eftir tvílyfta húsið og baðstofuhús úr torfi sem síðan var líka rífið.¹⁸⁴ Árið 2000 var svo byggt annað íbúðarhús um 75 m norðaustan við það gamla.



Mynd 10. Arnheiðarstaðir 1925-1930. Ljósmynd varðveitt í Ljósmyndasafni Íslands.

¹⁸¹ Kristján Eldjárn, 2000, 264-167.

¹⁸² *Túnakort Arnheiðarstaða, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu*, 1915.

¹⁸³ LÍ 2012-267-70.

¹⁸⁴ Viðtalið: Fýsnin til fróðleiks og skrifta. Helgi Hallgrímsson í viðtali við Magnús Stefánsson.



Mynd 11. Arnheiðarstaðir árið 1959. Þá var enn búið í baðstofunni (t.v.). Ljósmynd: Helgi Hallgrímsson.

Kirkja [201]

Heimildir um kirkju á Arnheiðarstöðum eru rýrar en jörðin er endurtekið kölluð „Kristfjárjörð“ í máldögum og meðal muna í eigu hennar árið 1570 voru kirkjulegir gripir svo sem klukka og bjalla.¹⁸⁵ Kristfjárjarðir voru hluti af fátækraframfærslu hreppa fyrr á öldum, gefnar Kristi til framfærslu eða styrktar fátækum svo þeir mættu njóta afgjalds eftir þær um aldur og ævi. Kirkjuvaldið var þegar á 12. öld farið hvetja fólk til að gefa Kristfé sér til sáluhjálpar eða guðspakka, enda þurfti ekki að greiða tíund af slíkum gjöfum.¹⁸⁶ Hvergi er þó tekið sérstaklega fram að kirkja hafi verið á jörðinni fyrr en árin 1840-1841 þegar nefnt er að „aftekið bænhús“ var á Arnheiðarstöðum.¹⁸⁷ Líklegt virðist því að bænhús hafi verið á jörðinni á miðöldum, ef til vill frá 14. öld og fram yfir siðskipti. Nákvæm staðsetning þess er

¹⁸⁵ Íslenskt fornbréfasafn XV, 1947-1950, 707.

¹⁸⁶ Einar Laxness, 1998, 63-64.

¹⁸⁷ Stefán Árnason, 2000, 145.

óþekkt og ekki tókst á þessu stigi að varpa frekara ljósi á hana með jarðsjármælingum. Líklega hefur bænhúsið þó verið þar sem kirkjugarðurinn er talinn hafa verið, þ.e. á sama stað og skrautgarður [202] með legsteini [203].



Mynd 12. Heimilisfólkið á Arnheiðarstöðum árin 1925-1930. Myndin er sennilega tekin í skrautgarðinum.

Skrautgarður [202] og legstaður [203]


Skrautgarður er sýndur hjá bænum á túnakorti frá 1915.¹⁸⁸ Einnig virðist hann sjást á ljósmynd sem tekin var um 1925-1930 af heimilisfólkinu á Arnheiðarstöðum standandi í garði með fjölskrúðugum gróðri.¹⁸⁹ Í örnefnaskrá segir: „Fyrir framan húsið hér er garður, sem byrjað var á 1914. Í garði þessum er legsteinn yfir Guttormi Vigfússyni, alþingismanni, er hér bjó, dáiinn 1856. Steinninn var fluttur úr kirkjugarðinum á Valþjófsstað.“¹⁹⁰ Líklega er hér um sama garð að ræða en vísbendingar eru um að áður hafi verið greftrað í þessum garði. Í

¹⁸⁸ Túnakort Arnheiðarstaða, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu, 1915.

¹⁸⁹ LÍ 2012-267-69.

¹⁹⁰ Ö-Arnheiðarstaðir, 3.

samtali við Rannveigu Þórhallsdóttur fornleifafræðing sagðist Eiríkur Kjerúlf, ábúandi Arnheiðarstaða, hafa fundið höfuðkúpu barns þegar hann gróf fyrir rafmagnstengingu fyrir neðan skríðgarðinn. Í samhengi við það má þá geta þess að í þjóðsögu sem varðveist hefur í *Gráskinna hin meiri* segir frá því að þrjár beinagrindur hafi fundist þegar grafið var upp á Arnheiðastöðum en kjálkana vantaði á eina. Sölvi nokkur sem bjó á bænum setti eina höfuðkúpuna undir höfðalagið hjá sér til að freista þess að fá skýringar í draumi. Dreymdi hann þá að hann væri staddur við bæ og hitti þar unglingspilt sem vantaði kjálkana og stóran mann með óvenjulega stórt höfuð.¹⁹¹ Þegar farið var með jarðsjá yfir þetta svæði fundust þó hvorki minjar um kirkju né kirkjugarð og er því hugsanlegt að hann hafi horfið undir bæjarhús. Forni garðurinn sem fannst hefur líklega verið túngarður frekar en kirkjugarðsveggur.



Mynd 13. Túnakort Arnheiðarstaða frá 1915.

¹⁹¹ *Gráskinna hin meiri*, II, 97-99.

Matjurtagarðar [204], [205] og [206] heimild

Þegar árin 1840-1841 er greint frá kartöflu- og grænmetisrækt innan hlaðinna garða á Arnheiðarstöðum.¹⁹² Samkvæmt túnakorti 1915 voru matjurtagarðar á jörðinni samtals 2200 fm og þar sést stór matjurtagarður [204] sem liggur meðfram austurbakka bæjarlækjarins, vestan við bæinn en norðan við skrautgarðinn [202], og annar garður [205] er á austurbakka lækjarins, sunnan við skrautgarðinn. Þriðji garðurinn [206] er sýndur austan við túnið, nokkru austan við útihús.¹⁹³



Mynd 14. Útihús á Arnheiðarstöðum árið 1926. Myndin er varðveitt á Ljósmyndasafni Íslands.

Lambhús [207] heimild

Í örnefnaskrá stendur: „Þá er, beint fram af bæ, Lambhústún undir hjallanum og Lambhús á lækjarbakkanum.“¹⁹⁴ Þetta er undir svokölluðum Lambhúshjalla út af Geithúsmýrum.

¹⁹² Stefán Árnason, 2000, 147.

¹⁹³ Túnakort Arnheiðarstaða, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu, 1915.

¹⁹⁴ Ö-Arnheiðarstaðir, 2.

Einstakahlaða [208] heimild

„Utan við lækinn, neðst í túni, er stórt svæði, sem heitir Hóll. Efst á Hólnum, utan við bæ, er gömul hlaða, Einstakahlaða.“¹⁹⁵ Þetta er utan eða vestan við Bæjarlækinn.



Mynd 15. Jarðsjáin við mælingar á Arnheiðarstöðum.

Laufakofi kenndur við hest [209] heimild

Í örnefnaskrá stendur: „Bærinn stendur hér á lækjarbakkanum og þar aðeins ofar er foss í læknum, svo er Brekka ofan við bæinn; uppi í Brekkunni er tóftarbrot, þar var kofi, sem hét Laufarkofi, kenndur við hest.“¹⁹⁶

¹⁹⁵ Ö-Arnheiðarstaðir, 3.

¹⁹⁶ Ö-Arnheiðarstaðir, 3.

Ærhús [210] fjárhús, Hringhús [211] heimild

„Upp af Brekkunni heitir Hjalli. Rás liggur hér upp og niður túnið, utan við hana heitir Teigar. Yzt á Teigum var Ærhús. Þar utar og ofar Hringur og Hringhús“¹⁹⁷ Ærhús hafa eins og nafnið gefur til kynna verið fjárhús. Ekki er útskýrt til hvers Hringhús voru notuð en væntanlega hafa þau líka verið fyrir skepnur. Á ljósmynd frá Arnheiðarstöðum sem varðveitt er í Ljósmyndasafni Íslands sjást útihús úr torfi og grjóti, hestar og menn sem sitja upp við húsvegginn.¹⁹⁸ Kannski eru þetta Ærhús eða Hringhús.



Mynd 16. Minjakort Arnheiðarstaða.

¹⁹⁷ Ö-Arnheiðarstaðir, 3.

¹⁹⁸ LÍ 1989-259.

Halldórskofi [212] heimild

„Milli Teiganna og Hjalla, ofan við Teiga, heitir Öskukinn. Yzt á Hjallanum er kofi sem heitir Halldórskofi.“¹⁹⁹

Tóft [213]

Um 24 m suðvestan við Halldórskofa er tóft sem sést á loftmyndum. Hlutverk hennar er óþekkt.

Fetahús [214], Náttthagi [223], Grundarkofi [215] heimild

„Útan og ofan við Gálgaklett heitir Fetahús, fremsta húsið við veginn. Þá er þar komið í náttthagann, sem nú er nefndur. Svo er í sömu línu neðst Grundarkofatún. Túnið fyrir framan bæjarlæk er nefnt Framtún og Grundarkofatún er neðst í því, þar er Grundarkofi.“²⁰⁰

Kútmagi [216] heimild

Í örnefnaskrá stendur: „Efst á þessu túni [þ.e. Grundarkofatúni] er hesthússkofi, sem nefndur er Kútmagi.“²⁰¹

Miðlambhús [217] heimild

„Upp af Kútmaga er hústóft. Þar stóð Miðlambhús.“²⁰²

Naust [218] tóft

Samkvæmt fornleifaskráningu er naust austur af bæ, staðsett á bakkanum við syðri lindina af tveimur sem renna út í Lagarfljót. Næst fljótinu er um 10 m breið sandrönd en ofan hennar þýfð og grasi gróin brekka og er tóftin í jaðri hennar, hálfgrafin inn í hana. Hún er um 5 x 7 m á stærð, dýpt um 1,3 en hleðsluhæð þó ekki meira en um 1 m. Grjót sést í innanverðum

¹⁹⁹ Ö-Arneiðarstaðir, 3.

²⁰⁰ Ö-Arneiðarstaðir, 2-3.

²⁰¹ Ö-Arneiðarstaðir, 3.

²⁰² Ö-Arneiðarstaðir, 3.

veggnum sunnan dyra sem snúa austur að fljótinu. Að sögn heimildarmanns er tóftin af nausti og virðist það sennilegt.²⁰³

Brú [219] brú

Tæplega 30 m suðvestan við naustið [218] er jarðbrú yfir lindina. Hún er algróin og sést hvergi í hleðslur, 2 m á breidd og 3 m á lengd. Að mati heimildarmanns er brúin manngerð en mögulega hefur verið vagnfær leið frá lendingarstað vöruflutningabáts frá Egilsstöðum og heim að bænum.²⁰⁴

Rétt [220] vegghleðslur

Helgi Hallgrímsson segir í *Mannvistarminjum í Fljótsdal*: „Önnur smárétt var í gildragi utan og neðan til við túnið, neðan vegar, líklega horfin nú.“²⁰⁵ Leifar réttarinnar finnast þó enn í 10-20 m breiðu gildragi, fast neðan við veginn sem liggur inn dalinn, þar sem heimkeyrslan að Arnheiðarstöðum klofnar frá honum. Gilið er botngróið og liggur niður að Lagarfljóti. Efst í því, næst veginum, mótar fyrir hleðslum og virðist þar vera 6 m langur bogadreginn og algróinn veggur og ef til annar gagnstætt honum sem er þá samgróinn gilbarminum. Séu þetta tveir veggir hefur réttin verið um 6 x 10 m á stærð.²⁰⁶

Geithús [221] heimild

Samkvæmt örnefnalýsingu nær Geithúsmýri inn að Geitá. „Á henni mótar fyrir stórri tóft sem nefnd er Geithús. [...] Þar var býli, fór í eyði 1707, sbr. eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar. [...] Geithúsklöpp er neðan við mýrina.“²⁰⁷ Geithús er miðað við þetta ekki sama hjáleiga og Geitagerði.

²⁰³ Adolf Friðriksson, 2001, nr. 177:015.

²⁰⁴ Adolf Friðriksson, 2001, nr. 177:016.

²⁰⁵ Helgi Hallgrímsson, 2013, 40.

²⁰⁶ Adolf Friðriksson, 2001, nr. 177:030.

²⁰⁷ Ö-Arnheiðarstaðir, 2, 9.

Siggeirsvarða [222] heimild

„Upp á hallinu, yst, rétt við Bæjarlæk er varða, sem heitir Siggeirsvarða, reyndar er aðeins brot af henni eftir“²⁰⁸

Fjós [113], hesthús [114], Geldingahús [115] heimild

„Inn af Bæjarlæk, en hann rennur fram og ofan allt túnið [...] er Framtún upp að læk. Ofan við bæinn er fjós og þar ofar tún, sem heitir Fjóstún. Lækurinn rennur ofan við það. Ofan við hann eru nýræktir. Þar ofar, meðfram hjallanum, heitir Hesthústún, þar er hesthús og einnig kindahús, sem heitir Geldingahús. Tóftin sést enn.“²⁰⁹

Hesthús [224] dæld

Í *Mannvistarminjum í Fljótsdal* segir: „Gamalt hesthús var neðan við bæjarhólinn, rétt fyrir ofan veginn, en það var rífið og jafnað við jörðu um 1970.“²¹⁰ Húsið var hálfhrúnið þegar núverandi ábúandi tók það niður og sléttaði en það stóð nálægt 100 m beint sunnan við íbúðarhús á Arnheiðarstöðum í túni sem hallar mót austri; rafmagnslína liggur nánast yfir staðinn. Þarna er nú um 2 x 6 m dæld í túninu og sums staðar sýnilegt grjót.²¹¹

Víðivellir ytri

Í *Droplaugarsona sögu* eru nefndir Víðivellir hinir nyrðri, bústaður Hallsteins hins breiðdælska sem kvæntist Droplaugu Þorgrímsdóttur.²¹² Ábúandi Víðivalla hinna syðri er hins vegar sagður Hólmsteinn Bersason en í *Fljótsdælu* Ormsteinn Bersason.²¹³ Seinna í þeirri sögu er Hallsteinn sagður búsettur á Víðivöllum syðri en líklega er það misritun fyrir nyrðri sem er sama og ytri.²¹⁴ Annars staðar í *Fljótsdælu* er einungis talað um Víðivelli, hvorki syðri né nyrðri, og þá í tengslum við Hallsteinn.²¹⁵ Að minnsta kosti hafa frá því snemma á öldum

²⁰⁸ Ö-Arnheiðarstaðir, 2

²⁰⁹ Ö-Víðivellir ytri, 11.

²¹⁰ Helgi Hallgrímsson, 2013, 39.

²¹¹ Adolf Friðriksson, 2001, nr. 177:014.

²¹² *Íslensk fornrit* XI, 1950, 142, 147, 153-154, 160.

²¹³ *Íslensk fornrit* XI, 1950, 142, 148, 234.

²¹⁴ *Íslensk fornrit* XI, 1950, 289.

²¹⁵ *Íslensk fornrit* XI, 1950, 291, 293, 296.

verið til tveir Víðivallabæir og virðist líklegt títtnefndur Hallsteinn hafi búið á öðrum þeirra og þá helst þeim nyrðri eða ytri.

Fornbréf sem geta jarðarinnar í ýmsu samhengi gegnum aldirnar eru þó traustari heimildir. Af *Vilchinsmáldaga* árið 1397 er ljóst að útkirkja [103] hefur verið þar í lok 14. aldar og fram kemur að Valþjófsstaðarkirkja átti Bakkaskóg í Víðivallalandi og „skogarteig wt fra ytRum wideu[o]llum.“²¹⁶ Árið 1405 var jörðin gefin í heimanfylgju,²¹⁷ 1463 var landamerkjabréf hennar ritað með ítökum og ítölum²¹⁸ og 1470 var henni ánað í erfðaskrá.²¹⁹ Árið 1471 eru Bakkaskógur í Víðivallalandi og skógarteigur út frá Víðivöllum ytri enn í eigu Valþjófsstaðar.²²⁰ Bréfi var handsalað á Víðivöllum ytri árið 1482,²²¹ þar var haldið hreppstjóræping árið 1555²²² og jörðin er nefnd í tengslum við jarðaskipti Ögmundar biskups 1570.²²³ Aftur er svo minnst á skógarteig Valþjófsstaðar út frá Víðivöllum ytri í *Gíslamáldaga* 1570 og síðar.²²⁴ Kirkjan á Víðivöllum virðist hafa verið lögð niður á seinni hluta 16. aldar en stóð þó lengi uppi.²²⁵

Jörðin er gamalt sýslumannssetur og þar hefur löngum verið stórbú. Samkvæmt skýrslu séra Stefáns Árnasonar prófests á Valþjófsstað voru Víðivellir ytri í bændaeign árin 1840-1841 og metnir 30 hundruð að dýrleika með afbýlinu Klúku. Jörðin þótti grasgjöful og skógur góður til kolagerðar en Bakkaskógur sem Valþjófsstaðarkirkja átti þar áður var horfinn. Á Víðivöllum ytri voru ræktaðar kartöflur og grænmeti og hlaðnir matjurtagarðar. Bærinn var nýuppbyggður, einn hinna best húsuðu og reisulegustu í sókninni og þar var aftekið bænhús [103].²²⁶ Víðivellir ytri voru áfram í bændaeign þegar *Jarðatal* Johnsens var tekið árið 1847 en þá metnir 50 hundruð að dýrleika með Klúku.²²⁷ Í *Jarðabók* árið 1861 var jarðarmat

²¹⁶ Íslenzkt fornbréfasafn IV, 1897, 209 og 213.

²¹⁷ Íslenzkt fornbréfasafn III, 1896, 705-706.

²¹⁸ Íslenzkt fornbréfasafn V, 1899-1902, 472.

²¹⁹ Íslenzkt fornbréfasafn V, 1899-1902, 570.

²²⁰ Íslenzkt fornbréfasafn V, 1899-1902, 632.

²²¹ Íslenzkt fornbréfasafn VI, 1900-1904, 424-425.

²²² Íslenzkt fornbréfasafn XII, 1923-1932, 95-96.

²²³ Íslenzkt fornbréfasafn XV, 1947-1950, 471-472.

²²⁴ Íslenzkt fornbréfasafn XV, 1947-1950, 681.

²²⁵ Ágúst Sigurðsson, 1967, 42-43; *Jarðabréf frá 16. og 17. öld: Útdrættir*, 1993, 282.

²²⁶ Stefán Árnason, 2000, 142-147.

²²⁷ Johnsen, 1847, 357.

Víðivalla ytri þó sagt vera 24 forn hundruð en Klúku 6 hundruð, þ.e. samanlagt 30 hundruð.²²⁸ Samkvæmt sóknarlýsingu voru Víðivellir ytri árið 1873 síðan taldir 34 hundruð en Klúka 8 hundruð.²²⁹ Jarðarmatið hefur miðað við þetta sveiflast töluvert á 19. öld.



Mynd 17. Jarðsjármælingar á Víðivöllum ytri.

Árið 1964 var byggður nýr bær á jörðinni sem fékk heitið Víðivellir ytri I, staðsettur neðan Hlíðarhúsa [122-123-124] þar sem áður á líka að hafa verið búseta. Síðan þá að minnsta kosti hefur verið tvíbýli á jörðinni. Skógrækt hófst í landi Víðivalla ytri árið 1969 þegar 60 hektara land var afgirt og gróðursett 30-40 þúsund barrviðartré.²³⁰

Fyrir utan hjáleiguna Klúku eru óljósar heimildir um að minnsta kosti tvö önnur afbýli á Víðivöllum ytri. Hlíðarhús [122] eru ýmist nefnt beitarhús eða býli en Urðarsel [116] kallað býli og miðað við nafnið hefur einhvern tímann verið þar sel. Selstöðvar voru einnig í Pálsseli

²²⁸ *Ný jarðabók fyrir Ísland*, 1861, 137.

²²⁹ Pétur Jónsson, 2000, 166.

²³⁰ Rögnvaldur Erlingsson, 1975, 10, 67.

í Gilsárdal sem nú er í landi Klúku og Fornaseli [120] út með Jökulsá. Einnig eru nefnd Veturhús [119] sem voru ofan við Fornasel en þar er einungis talað um beitarhús.



Mynd 18. Djúpsneið frá Víðivöllum ytri. Rauði hringurinn sýnir hvar mannvirki fannst norðan núverandi bæjarhúsa.

Farið var með jarðsjá um allt tún Víðivalla ytri en svæðið reyndist vera mjög raskað af framkvæmdum seinni tíma. Margir frárennisskurðir liggja um það allt og sjást þeir skýrt í mælingagögnum jarðsjárinnar sem línuleg frávík. Þó kom þarna ýmislegt í ljós, meðal annars ferhyrningslaga mannvirki, um 30 x 10 m á stærð, sem virðist vera á 50-100 sm dýpi (merkt á mynd)). Áhugavert er að það er staðsett nokkru norðan gamla bæjarhólsins á Víðivöllum ytri á þeim slóðum sem kirkja og kirkjugarður [103] gætu hafa verið.

Víðivellir ytri bær [100] bæjarhóll, rétt [101] og heimreið [102] heimild

Á túnakorti Víðivalla ytri frá 1919 sjást bæjarhús [100] ásamt lítilli samfastri rétt [101] um miðbik túnsins. Heimreið [102] liggur suður um túnið að bænum.²³¹ Líklegt er að bæjarstæðið hafi alla tíð verið á svipuðum slóðum en búseta hefur verið á jörðinni frá fyrstu öldum byggðar eða að minnsta kosti frá því á miðöldum. Gamli bæjarhóllinn á Víðivöllum ytri er fast vestan við núverandi íbúðarhús sem var byggt austan í honum eftir að eldra íbúðarhús brann árið 1998 og komu þá fram hleðslur. Hávaxin gömul reyniviðartré eru á suðurhluta hólsins sem er ávalur og mjög greinilegur. Vitað er að nyrst á hólnum stóð áður fjós. Sennilega hafa eldri bæjarleifar að einhverju leyti horfið undir nýja íbúðarhúsið.²³²



Mynd 19. Jarðsjáin keyrð í túninu vestan bæjarhúsa á Víðivöllum ytri. Þarna má greinilega sjá bæjarhólinn.

²³¹ Túnakort Víðivalla ytri, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu, 1919.

²³² Adolf Friðriksson, 2001, nr. 155:001.

Kirkja og kirkjugarður [103] heimild

Samkvæmt *Vilchinsmáldaga* var útkirkja á Víðivöllum ytri árið 1397 og eru hógværar eigur hennar taldar upp.²³³ En þegar Gísli Jónsson biskup síðan fór um svæðið árið 1576 hafði hún verið aflögð og virðist líklegt að það hafi gerst upp úr siðskiptum.²³⁴ Af heimildum að dæma hefur kirkjan þó ekki verið tekin niður strax heldur staðið áfram í rúmlega öld að minnsta kosti. Til er eignaskrá fyrir hana frá 1677 og 1702 bauð Jón Vídalín biskup að séra Páll Högnason á Valþjófsstað skyldi „fremja messu að Ytri-Víðivöllum, svo sem til forna“.²³⁵ Ekki er þó vitað um fleiri guðspjónustur í Víðivallakirkju eftir að hún var lögð niður. Miðað við þetta hefur kirkja eða bænhús verið á jörðinni að minnsta kosti frá lokum 14. aldar fram yfir siðskipti og er enn uppistandandi rúmlega öld síðar eða árið 1702.

Ekki er nákvæmlega vitað hvar kirkjan hefur verið staðsett en líklega hefur hún verið á svipuðum slóðum og kirkjugarðurinn, skammt norðan bæjarhólsins [100]. Um hann eru litlar heimildir en þó segir Rögnvaldur Erlingsson í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*: „Á V var bænhús og hefur fundist grafreitir, sem virðist ekki hafa verið hreyfður eftir öskufallið 1460“.²³⁶ Óljóst er reyndar hvaðan upplýsingarnar koma og hvergi annars staðar er minnst á þennan grafreit. Mögulega er þarna verið að vísa í að þegar grafið var fyrir votheysturni um 1960 komu upp mannabein sem voru síðan grafin aftur á sama stað. Þetta gefur vísbendingu um staðsetningu kirkjugarðsins. Votheysturninn var síðar rifinn og er einungis þúst eftir á staðnum þar sem hann var. Nánar tiltekið er þetta framan girðingar sem liggur kringum nokkur lerkitré, um 10 m norðan við bæjarhólinn.²³⁷ Áhugvert er að við mælingar með jarðsjánni fannst ferhyrnt mannvirki, um 30 x 10 m á stærð, á 50-100 sm dýpi á þessu svæði. Of snemmt er þó að segja til um hvers konar mannvirki þetta er.


²³³ *Íslenskt fornbréfasafn* IV, 1897, 213.

²³⁴ Ágúst Sigurðsson, 1967, 42-43.

²³⁵ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld: Útdráttir*, 1993, 282.

²³⁶ Rögnvaldur Erlingsson, 1975, 66.

²³⁷ Adolf Friðriksson, 2001, nr. 155:002.



Mynd 20. Túnakort Víðivalla ytri. frá árinu 1919.

Garðar [104] [105] og [106] heimild

Getið er um kartöflu- og grænmetisrækt og hlaðna garða í kring þegar árin 1840-1841²³⁸ og á túnakorti 1919 eru sýndir þrír garðar.²³⁹ Tveir eru við læk í norðanverðu Víðivallatúni sem af örnefnalýsingu að dæma er Bæjarlækurinn sem fellur úr svonefndum Bæjarhjalla ofan túnsins.²⁴⁰ Þriðji garðurinn er við læk sem rennur meðfram austurjaðrinum á sunnanverðu túninu, svokallaðri Eyri. Lækurinn er líklega Hlíðarhúskvísl úr Kelduá.²⁴¹

Nýjahús [107] heimild

Samkvæmt örnefnalýsingu rennur annar lækur, Kofalækur, samhliða Bæjarlæk um Nýjuhúsgrund. „Ofan við Nýjuhúsgrund er Nýjahúsið; að vísu gamalt, en heitir þó Nýjahús, nú horfið. Ofan við það er mór, og ofan við hann er klettur, sem heitir Nýjahúsklettur.“²⁴²

Lögrétta [108]

„Ofan við Eyrina, utan við bæinn, framan við Kofalækinn, er vallgróinn bakki, sem heitir Bringubakki. Uppi á honum er Langiteigur. Utan við hann, við lækinn, er dálítill lægð sem heitir Lögrétta. Víðivellir voru áður sýslumannssetur og þarna var réttur settur.“²⁴³

Hesthús [109], hlaða [110], Gimbrahús [111] og Kofi – Fossgerði [112] heimild

Í örnefnalýsingu segir enn fremur: „Upp af Lögréttunni, framan við lækinn, er hesthús [109] og hlaða [110], upp af því var Gimbrarhús [111], og ofan við það er hús, sem hét áður Kofi, en nú heitir það Fossgerði [112]. Bæjarlækurinn rennur fyrir framan það, en Kofalækurinn fyrir utan, og Foss í báðum. Túnið milli húsanna heitir Kofatún. En túnið fyrir neðan Gimbrarhúsið Gimbrartún. Fossgerði stendur alveg upp við Bæjarhjallann.“²⁴⁴ Kofalækur er

²³⁸ Stefán Árnason, 2000, 147.

²³⁹ *Túnakort Víðivalla ytri, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu*, 1919.

²⁴⁰ Ö-Víðivellir ytri, 8.

²⁴¹ Ö-Víðivellir ytri, 10.

²⁴² Ö-Víðivellir ytri, 10.

²⁴³ Ö-Víðivellir ytri, 10.

²⁴⁴ Ö-Víðivellir ytri, 10.

augljóslega kenndur við Kofa en Fossgerði var nýnefni. Þegar örnefnalýsing var gerð sáust enn tóftir á staðnum.²⁴⁵



Mynd 21. Minjar í túninu næst núverandi bæ á Víðivöllum ytri.

²⁴⁵ Ö-Víðivellir ytri, 10.



Mynd 22. Horft norðvestur yfir tóftir og garðlag í Urðarseli [116].

Urðarsel [116] fjárhústóft og heimild um sel – býli

Í heimildum er getið um Urðarsel og þá yfirleitt sem býli eða hjáleigu. Elsta heimild um nafnið kemur úr *Grylukvæði* Stefáns Ólafssonar frá Vallanesi (1619-1688) en þá á Grýla að hafa komið að bænum til að reyna að fá sér í svanginn:

Ekki var eg ofalin
að næsta bæ.
:,:Hvað skal eg að Urðarseli,
ekkert eg,:fæ.

Ofan gekk hún að Urðarseli
á eyrina þá,
:,:þar sem hann Fúsi
var farinn að,: slá.²⁴⁶

²⁴⁶ Stefán Ólafsson, 1885, 242.

Ekki er nánar greint frá Urðarseli í ljóðinu og einungis nafnið bendir til þess að þar hafi verið selstaða. Ólafur Olavíus gerði þó einnig ráð fyrir því í *Ferðabók* sinni frá árunum 1775-1777 að búið hefði verið í Urðarseli og taldi býlið hafa farið í eyði árið 1707.²⁴⁷ Samkvæmt grein í *Austra* 1886 sem fjallar um kveðskap séra Stefáns Ólafssonar var þar hins vegar bær í byggð fram undir 1780 sem stóð framan og neðan við þar sem hin stórkostlega Víðivallaurð endar. „Enn eru þar glöggsén tóptarbrot og garða.“²⁴⁸ Ef til vill hefur Urðarsel ýmist verið byggt eða óbyggt eins og algengt var með svona smábýli.

Í örnefnalýsingu segir: „Milli Urðarinnar og Sellækjarins“ ofan við ónafngreind börð, „framan við og ofan við lindina, er grasigróið hátt barð, nokkuð stórt um sig, sem heitir Urðarsel [...]. Ofan á því eru gamlar seltættur og er getið um þær í Grýlukvæði [...]“.²⁴⁹ Örnefni eins og Sellækur og Selhlíð í nágrenninu eru talin draga nafn af selinu.

Við fornleifaskráningu fannst grjóthlaðin tóft [116], 6 x 13 m að utanmáli, og virtist vera nokkuð grjóthrun inni í henni. Veggjahæð var mest um 1,3 m en veggjabreidd 1,5-2 m. Áföst við suðausturgafliinn var önnur ógreinilegri tóft sem gæti verið eldri, 3 x 2,5 m að utanmáli en 2,1 x 1,9 m að innanmáli, veggir um 0,6 m breiðir og 0,2 m á hæð. Mögulega hefur hún verið byggð við stærri tóftina en einnig kemur til greina að hún sé eldri og liggi undir hana. Inngangur var á norðvesturgafli stærri tóftarinnar og framan við hann stallur sem náði um 1,5 út, um 1 m hár næst innganginum og hallaði út frá tóftinni. Líklega hefur þarna gróið yfir hrun úr tóftinni en ekki er útilokað að undir leynist eldri minjar. Garðlag nær í boga frá enda norðvesturveggjars og aftur að suðurvegg og myndar svolítið aðhald. Það gæti verið frá sama tíma og tóftin en gæti einnig verið eldra. Tóftirnar standa í svolitlum halla vestan og neðan við Urðarselshjalla, norðvestur frá bænum sem nú er á Víðivöllum ytri I. Næsta nágrenni er slétt og aflíðandi, gróið grasi og mosa. Tré vaxa í Urðarselshjalla og hjallanum vestan eða neðan við tóftirnar. Sunnan eða framan við þær rennur Sellækur, en á milli tóftanna og lækjarins liggur vegur að sumarbústöðum sem standa austan og ofan við Urðarselshjalla. Vegurinn er um 8 m suður af tóftunum. Samkvæmt heimildarmönnum er rústin af fjárhúsi og taldi

²⁴⁷ Ólafur Olavíus, 1965, 141.

²⁴⁸ Fáeinar athugasemdir við útgáfu á kvæðum S. Ólafssonar í Vallanesi 1885, 1886, 14.

²⁴⁹ Ö-Víðivellir ytri, 4a.

Hallgrímur á Víðivöllum ytri að hún hefði verið reist fyrir aldamótin 1900 þar sem afi hans (Hallgrímur Jónsson, f. 1882) talaði aldrei um hana.²⁵⁰ Tóftin er að minnsta kosti ekki af seli.



Mynd 23. Útihúsatóft [118] við Urðarsel.

Útihús við Urðarsel [117] og [118] tóftir

Tvær aðrar tóftir hafa fundist við fornleifaskráningu, um 50-55 m norður af tóftinni í Urðarseli. Önnur [118] um 5,5 x 2 m að innanmáli og 8 x 4 m að utanmáli, veggir mest um 0,5 m háir og 1,5 m breiðir. Hún hefur stefnu norður – suður og virðist vera inngangur á austurveggnum þétt við norðurgafl.²⁵¹ Hin tóftin [117] er aðeins austar, snýr norðvestur –

²⁵⁰ Ásta Hermannsdóttir, Steinunn Kristjánsdóttir og Una Helga Jónsdóttir, 2010, nr. 155:003; Rannveig Þórhallsdóttir, 2022b, 155:003.

²⁵¹ Ásta Hermannsdóttir, Steinunn Kristjánsdóttir og Una Helga Jónsdóttir, 2010, nr. NM-155:004; Rannveig Þórhallsdóttir, 2022b, nr. 155:004.

suðaustur, er um 5 x 2,5 m að innanmáli og 7 x 4,5 m að utanmáli, veggir mest um 1 m á hæð og breidd og op líklega á norðvesturgafli.²⁵²




Mynd 24. Útihúsatóft [117] við Urðarsel.

Báðar tóftirnar eru vel grónar og þýfðar hið innra. Þær gætu mögulega verið nokkuð eldri en stærsta tóftin í Urðarseli. Ekki er ljóst til hvers þessi mannvirki hafa verið en væntanlega hafa þetta verið útihús. Þau standa á sömu flöt og tóftin í Urðarseli og afmarkast af Urðarselshjalla til austurs og öðrum bröttum hjalla til vesturs sem báðir eru grónir lauftrjám og kjarri. Í kringum þær er slétt grasflöt sem hallar eilítið í vestur. Svolítill lækur rennur í gömlum

²⁵² Ásta Hermannsdóttir, Steinunn Kristjánsdóttir og Una Helga Jónsdóttir, 2010, nr. NM-155:005; Rannveig Þórhallsdóttir, 2022b, nr. 155:005.

mýrlendum farvegi rétt austan og norðan við eystri tóftina og kemur ofan af Urðarselshjallanum. Hann er um 3-4 m frá tóftinni þar sem hann er næstur henni.²⁵³



Mynd 25. Yfirlitskort af minjum á Víðivöllum ytri.

²⁵³ Ásta Hermannsdóttir, Steinunn Kristjánsdóttir og Una Helga Jónsdóttir, 2010, nr. 155:004/5; Rannveig Þórhallsdóttir, 2022b, nr. 155:004/5.



Mynd 26. Hlíðarhús [122-123-124] og mylla [125].

Veturhús – beitarhús [119] tóft

Jökulsá er á merkjum milli Víðivalla ytri og Hrafnkelsstaða. Þar eru eyrar sem heita Álaeyrar. „Næst við Álaeyrar er meðfram ánni Veturhúsaeyri, grasigróin engjalönd, sem draga nöfn af gömlum beitarhúsum, er standa ofan við eyrina.“²⁵⁴ Veturhús eru nú tóft á svæði sem nefnt er Hlíð.²⁵⁵

Fornasel [120] sel

„Fyrir framan Veturhúsin [119] kemur Veturhúsálækurinn niður, hann á upptök sín í Hálsinum og kemur ofan fyrir framan Timburhöfðann. Rétt fyrir framan hann er höfði, sem heitir Veturhúsahöfði, og nær hann inn að Veturhúsaeyri, sem fyrr er nefnd, og inn að Mórauðalæk, en hann kemur niður fyrir framan eyrina, ofan úr Sandgili [...]“. Ofan við smákletta upp af Veturhúsahöfðanum og „upp af Timburhöfða, framan við Hrosshamra, eru botnar, sem heita Fornaselsbotnar, en þeir draga nafn af gömlum seltóftum, sem í þeim eru og heita Fornasel.“²⁵⁶ „Fornasel er beint upp af beitarhúsunum Veturhúsum út með Jökulsá.“²⁵⁷

Gamlistekkur [121] heimild

„Framan við Mórauðalækinn er grasivaxið barð, sem heitir Gamlistekkur. Á því eru stekkjartættur. Gamlistekkur nær inn fyrir ofan Selkvísl. Framan við Stekkinn er lind, sem ekki er nafngreind. Nokkru innar er lækur, sem heitir Sellækur.“²⁵⁸

Hlíðarhús [122], [123] og [124] býli, beitarhús

Hlíðarhús, býli eða beitarhús, voru í fjallinu út og upp af bænum á Víðivöllum ytri. Hjáleigan Hlíðarhús er fyrst nefnd í manntali árið 1703 og bjó þar þá þriggja manna fjölskylda.²⁵⁹ Ólafur Olavíus nefnir í *Ferðabók* sinni býlið Hlíðarhús sem samkvæmt honum fór í eyði árið 1746.²⁶⁰ Hins vegar er líka minnst er á Hlíðarhús, eyðibýli í landi Víðivalla ytri, í grein í

²⁵⁴ Ö-Víðvellir ytri, 1.

²⁵⁵ Ö-Víðvellir ytri, 2.

²⁵⁶ Ö-Víðvellir ytri, 3-4.

²⁵⁷ Rögnvaldur Erlingsson, 1975, 66.

²⁵⁸ Ö-Víðvellir ytri, 4a.

²⁵⁹ *Manntal á Íslandi 1703, 1924-1947*, 406.

²⁶⁰ Ólafur Olavíus, 1964, 141.

Austra árið 1886: „Á Hlíðarhúsum var byggð fram á [19. öld] en nú eru þar beitarhús frá Víðivöllum.“²⁶¹ Miðað við þetta hafa Hlíðarhús byggst aftur á tímabili en síðan farið aftur í eyði. Í grein um sögu Víðivalla ytri í *Tímanum* árið 1965 segir Halldór Stefánsson að Hlíðarhús hafi verið í ábúð 1790-1820 en lætur þess þó ekki getið hvaðan sú vitneskja kemur.²⁶² Samkvæmt *Sveitum og jörðum í Múlapingi* lagðist býlið í eyði 1820.²⁶³

Í örnefnalýsingu segir: „Hlíðarhús eru beitarhús frá Víðivöllum. Utan um þau er tún, Hlíðarhúsatún, sem nær frá Könnulæk og inn að Hlíðarhúsalæk. Á túninu eru ekki sérstök nöfn, nema húsin, þau heita Neðstahús [123] og Bæjarhús [122], þar var hlaða, og þar ofar er Efstahús [124], og við það er hlaða. Einu sinni var búið á Hlíðarhúsum, og hét sá Brandur, er það gerði. Ofan við Hlíðarhúsin er stuttur, en nokkuð breiður hjalli, inn af þrepunum, sem fyrr eru nefnd, hann heitir Hlíðarhúsahjalli.“²⁶⁴ Greinilegar tóftir eru á staðnum og sjást þær á minjakorti.

Mylla [125] heimild

Framan við Könnulæk „er nefnt Hlíðarhúsaholt ofan við Hlíðarhúsakvíslina, og er þar komið tún núna. Innan við holtið kemur svo Hlíðarhúsalækurinn niður í gegnum svonefnt Myllugil. Þar var kornmylla við lækinn og mikið malað af korni.“²⁶⁵ Litlar vatnsmyllur voru algengar um allt land á 19. öld og má ætla að myllan hafi verið starfrækt á þeim tíma.²⁶⁶

Skriða – Skriðuklaustur

Minjar sem fundist hafa á jörðinni Skriðu sýna að hún hefur byggst fljótlega eftir landnám og virðist hafa haldist í ábúð eftir það.²⁶⁷ Framan af eru ritheimildir um Skriðu rýrar en hún kemur fyrir í *Fljótsdælu* þar sem gert er ráð fyrir að mörk milli hennar og Bessastaða séu um Örfagil. Upplýsingarnar eru aukaatriði sem nefnt er þegar Droplaugarsynir villast á leið til

²⁶¹ Fáeinar athugasemdir við útgáfu á kvæðum S. Ólafssonar í Vallanesi 1885, 1886, 13.

²⁶² Halldór Stefánsson, 1965, 958.

²⁶³ Rögnvaldur Erlingsson, 1975, 66.

²⁶⁴ Ö-Víðvellir ytri, 6.

²⁶⁵ Ö-Víðvellir ytri, 5.

²⁶⁶ Ragnheiður Traustadóttir, Hermann J. Hjartarson, Indriði Skarphéðinsson, Rúna K. Tetzschner, Snædís S. Thorlacius og Arthur K. Farestveit, 2022, 26-39.

²⁶⁷ Steinunn Kristjánsdóttir, 2012, 24, 27, 132.

móður sinnar á Víðivöllum og telja sig komna að þessum landamerkjum.²⁶⁸ Skriða er einnig nefnd árið 1467 í tengslum við ítök Víðivalla ytri.²⁶⁹ Næst birtist hún í erfðaskrá Einars Ormssonar sem ánafnaði tengdamóður sinni tíu vættir smjörs, þ.e. um 400 kg, austur á Skriðu.²⁷⁰ Einar var kvæntur fjórmeningi sínum, Sesselju Þorsteinsdóttur, og því í ólöglegu hjónabandi samkvæmt lögum kirkjunnar á þeim tíma. Eftir andlát hans árið 1470 var fjórmeningarmeinið opinberað og bróðir hans, Loftur, fékk Stefán Jónsson Skálholtsbiskup til að ógilda hjónabandið. Börn þeirra Einars og Sesselju urðu óskilgetin og arflaus og ekkjan var nánast bannfærð. Sesselja barðist fyrir því að fá bannfæringunni aflétt og til syndaaflausnar gaf hún að lokum jörðina Skriðu til stofnunar klausturs.²⁷¹ Með tilkomu Skriðuklausturs var jörðin hafin til vegs og virðingar og er eftir það oft nefnd í tengslum við klaustur [405] og kirkju [403]. Eftir að klaustrið var lagt niður varð Skriða aðsetur sýslumanna sem jafnframt voru umboðsmenn klausturjarða og stórbýli var síðan á Skriðu fram á 20. öld.²⁷²

Fornleifarannsókn sem Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur stýrði fór fram á Skriðuklaustri árin 2000-2012 [403, 404, 405] en við jarðsjármælingar í sumar fengust áhugaverðustu niðurstöðurnar á svæðinu suðaustan við klausturstæðið þar sem ekki hefur verið grafið. Þar sást hellulögð stétt og mannvirki, líklega hús, en jarðsjáin var meðal annars keyrð þar sem áður hafði komið í ljós fornt bæjarstæði [401] undir klaustrinu. Svæðið milli Gunnarshúss og klausturstæðisins í Kirkjutúni reyndist hins vegar mjög raskað af lögnum.

Bær [400] bæjarstæði

Áður en fornleifauppgröftur hófst á Skriðu árið 2000 voru teknir könnunarskurðir á hinu gamla bæjarstæði, rétt við hús Gunnars Gunnarssonar skálds sem var byggt 1939. Þá fundust mannvistarminjar frá mismunandi öldum, jafnvel allt frá landnámi til 20. aldar og virðist því líklegt að samfelld búseta hafi verið á staðnum frá upphafi. Gripir sem komu upp bentu til

²⁶⁸ Íslensk fornrit XI, 1950, 293.

²⁶⁹ Íslenskt fornbréfasafn V, 1899-1902, 472.

²⁷⁰ Íslenskt fornbréfasafn V, 1899-1902, 568-571.

²⁷¹ Steinunn Kristjánsdóttir, 2012, 52 o.þ.tilv.rit.

²⁷² Steinunn Kristjánsdóttir, 2012, 54, 56-57.

almennra bústarfa og hafa líklega tilheyrt hefðbundnu bæjarstaði.²⁷³ Bærinn virðist því lengst af hafa staðið á sömu slóðum.



Mynd 27. Jarðsjármælingar á Skriðuklaustri.

Áður höfðu reyndast fundist minjar í nálægð við þetta svæði í lok 19. aldar þegar Halldór Benediktsson ábúandi byggði ný bæjarhús á Skriðu, stór og mikil, en þegar grafið var fyrir þeim fannst gryfja eða kjallari, um 3 x 3,5 m á stærð og 1 m á dýpt. Jón Jónsson læknir gerði grein fyrir þessum „uppgrefti“ í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* árið 1897. Samkvæmt honum voru þrír standandi rauðviðardrumbar í hornum gryfjunnar, – fjórða hornið var ekki grafið, – og tveir við miðjar langhliðar, þvertré ofan á þeim og fúnar fjalir út af þeim með litlum vaðmálstægjum. Úr suðurhorni gryfjunnar lá upphlaðið lokræsi, hellulagt undir og yfir, 0,3-0,6 m á dýpt, tóm og þurrt, en með viðeigandi halla fyrir rennandi vatn. Áður hafði orðið vart við þetta ræsi annars staðar undir Skriðubænum. Sunnan megin í kjallaranum var rakt gulhvítt límkennt efni sem túlkað var sem skyrleifar og einnig fundust steinsleif og dýrabein,

²⁷³ Steinunn Kristjánsdóttir, 2012, 24.

svo sem af kindum, fiskum og stórgripum. Ummerki þóttu vera um eldsvoða og gekk túlkun Jóns út á að húsin hefðu brunnið og búið þá hrapað ofan í skyrgerðarkjallara. Hann nefndi einnig að við annað tilefni hefðu fundist eldstó og gafilhlað eldhúss á svipaðri dýpt og yfirborð gryfjunnar en í um 12 m fjarlægð og þóttu viðarkol þar einnig benda til að kviknað hefði í.²⁷⁴

Út frá þessu er ekki hægt að segja til um frá hvaða tíma minjarnar hafa verið en í heimildum kemur raunar fram að bæjarhús Skriðu hafi orðið eldi að bráð á 16. öld. Magnús Erlendsson, ábúandi sýslumaður byggði þá staðinn upp á eigin kostnað og varð fjárvana eftir framkvæmdirnar sem hann stóð að með miklum sóma: Húsakynni voru vegleg árið 1598, skömmu eftir brunann, samkvæmt úttekt sem þá var gerð og er sú elsta sem varðveist hefur frá staðnum.²⁷⁵

Gamli Skriðubærinn sést á túnakorti árið 1918, ásamt áföstum garði og heimreiðum sem liggja úr tveimur áttum.²⁷⁶ Staðsetning hans er einnig sýnd á örnefnakorti, fast vestan við Gunnarshús og á þessum slóðum voru könnunarskurðirnir síðar grafnir. Á örnefnakorti er einnig önnur merking nokkru suðvestar í túninu, sunnan traða og gamla bílvegarins: „Skriða.“²⁷⁷ Þar stendur nú íbúðarhús með þessu nafni.

Eldri bær [401] bæjarstæði

Við forkannanir og uppgröft í hinu gamla kirkjustæði í Kirkjutúni árin 2000-2012 komu í ljós leifar af fornu bæjarstæði sem ritheimildir greina ekki frá, meðal annars gólfskán íveruhúss og útihúsa. Landnámsgjóska var undir þessum minjum en ofar gjóska frá Heklugosinu árið 1158. Samkvæmt túlkun Steinunnar Kristjánsdóttur hefur þarna snemma á öldum staðið bær sem fór úr ábúð löngu áður en Heklugjóskan féll. Klausturgarðurinn lá að nokkru leyti yfir skálanum og hafði syðri endi hans því skemmst að verulegu leyti þegar teknar voru grafir. Bæjarstæðið var þó ekki meginviðfangsefni fornleifarannsóknarinnar.²⁷⁸ Meðal annars var farið með jarðsjána á þetta svæði og svæðið suðaustan við klaustrið og mátti greina stétt og líklega hús í jörð.


²⁷⁴ Jón Jónsson, 1897, 22-24.

²⁷⁵ Steinunn Kristjánsdóttir, 2012, 55-56, 64 o.þ.tilv.rit.

²⁷⁶ *Túnakort Skriðuklausturs, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu*, 1918.

²⁷⁷ Ö-Skriðuklaustur kort.

²⁷⁸ Steinunn Kristjánsdóttir, 2012, 24, 27, 132.



Mynd 28. Djúpsneið úr jarðsjármælingum á Skriðu. Suðaustan við klausturstæðið mátti greina áður óþekkt mannvirki (mynd t.h.).

Heimakirkja [402] heimild

Í úttektinni á húsum Skriðu árið 1598 er bæði sagt frá klausturkirkju og heimakirkju á Skriðu. Klausturkirkjan [403] stendur augljóslega enn og er í notkun en auk hennar var heimakirkja á staðnum sem var að falli komin. Í henni voru þó einungis fáeinir kirkjugripir og flestir brotnir en einnig verkfæri, ljáir, skeifur og bruggtæki eins og maltkvörn. Undarlegt virðist að tvær kirkjur hafi verið samtímis á Skriðu en mögulega hefur heimakirkjan á þessum tíma verið notuð sem geymsla. Árið 1610 hafði hún þó verið endurbætt samkvæmt úttekt sem þá var gerð en 1677 var hún horfin og ný kirkja hafði verið byggð á grunni klausturkirkjannar.²⁷⁹ Út

²⁷⁹ Steinunn Kristjánsdóttir, 2012 69-70 o.þ.tilv.rit.

frá þessum fábrotnu upplýsingum má svo velta fyrir sér hvort heimakirkjan hafi tilheyrð eldra byggingarstigi og verið í meiri notkun fyrir tíma klausturkirkjunnar en það er óljóst.



Mynd 29. Jarðsjáin við mælingar á Skriðuklaustri.

Kirkja [403] og kirkjugarður [404]

Daniel Bruun kom á Skriðuklaustur árið 1901 til að skrá og teikna upp rústir og gerði þá meðal annars uppdrátt af kirkjurúst í svokölluðu Kirkjutúni, kirkjugarði í kring og tveimur litlum tóftum sem voru áfastar norðurhlið hans.²⁸⁰ Minjarnar í Kirkjutúni á Skriðuklaustri voru friðlýstar árið 1988: „Kirkjugarður með kirkjutóft undir brekkunni við bæjarhúsin á Skriðuklaustri. Skjal undirritað af PM 23.12.1988. Þinglýst 30.12.1988.“²⁸¹ Á örnefnakorti sést kirkjugarðurinn á Kirkjutúni eða Kirkjuvelli, suðvestan við Ysta-Nátthaga [409], milli hans og Mið-Nátthaga [408]. Neðst að sunnanverðu eru Klausturhamrar og í þeim uppganga

²⁸⁰ Bruun, 1974, 163-164.

²⁸¹ Skrá um friðlýstar fornleifar, 1990, 42.

sem nefnist Klausturskot.²⁸² Í örnefnalýsingu segir: „Yzti-Nátthagi, þá er Kirkjuvöllur (tún). Þar eru leifar af hinum forna kirkjugarði, meðal annars er þar leiði Jóns hraks, sem Stefán G. lét hlaða upp og halda við.“²⁸³

Í fornleifarannsókninni á Skriðuklaustri árin 2000-2012 var meðal annars grafið í hinu forna kirkjustæði og er gerð grein fyrir rannsóknarniðurstöðum í bók Steinunnar Kristjánsdóttur: *Sagan af klaustrinu á Skriðu* sem kom út árið 2012. Rústir kirkjunnar og ferhyrndur garður í kring voru að sögn Steinunnar vel sýnilegar á yfirborði, áður en uppgröftur hófst, staðsettar í Kirkjutúni, um 150 m neðan við Gunnarshús:

Sýnilegir inngangar í kirkjugarðinn voru tveir og í honum miðjum voru fallnir langveggir kirkjunnar. Í kirkjugarðinum sáum við einn merktan stein, legstein þjóðsagnapersónunnar Jóns hraks [...]. Jón hrak var utangarðsmaður, þekktur fyrir að vera jarðaður að sögn út og suður við kórbakið á meðan aðrir fengu hefðbundna greftrun í kirkjugarðinum með höfuðið í vestur og fætur í austur.²⁸⁴

Stephan G. Stephansson, Klettafjallaskáld í Kanada, á að hafa séð til þess að búið var betur um leiði Jóns hraks. Rannsókn Steinunnar leiddi hins vegar í ljós að utangarðsmenn og annað þurfandi fólk gat fengið athvarf á Skriðuklaustri meðan það starfaði og því hefur kannski ekki verið nein tilviljun að þessi hrakningamaður var jarðaður í kirkjugarðinum þar.²⁸⁵

Kirkjan í Kirkjutúni var talin reist um miðja 17. öld á grunni eldri klausturkirkju og staðfesti fornleifarannsókn þetta. Við uppgröftinn fundust auk yngri kirkjunnar þær rústir sem Bruun hafði teiknað við norðurvegg hennar og reyndust tilheyra stórri byggingu með óvenjulega gerðarlegum veggjum, þ.e. klausturkirkjunni, en beint undir henni var þykkt gjóskulag frá Veiðivatnagosinu árið 1477. Aðrar byggingar sem lágu upp að kirkjunni voru frá klaustrinu.²⁸⁶

Klausturkirkjan hefur sennilega verið byggð nokkru eftir að klaustrið var risið því hún var ekki vígð fyrr en árið 1512.²⁸⁷ Sama tækni virðist þó hafa verið viðhöfð við byggingarnar og

²⁸² Ö-Skriðuklaustur kort.

²⁸³ Ö-Skriðuklaustur AG, 3.

²⁸⁴ Steinunn Kristjánsdóttir, 2012, 18.

²⁸⁵ Steinunn Kristjánsdóttir, 2012, 27.

²⁸⁶ Steinunn Kristjánsdóttir, 2012, 24-25.

²⁸⁷ Íslenzkt fornbréfasafn VIII, 1906-1913, 403-404.

hefur væntanlega verið gert ráð fyrir kirkjunni í upphaflegu skipulagi. Í úttekt frá 1677 er sagt að klausturkirkjan hafi verið fjögur stafgólf sem virðist í samræmi við það sem uppgröfturinn sýndi af stoðarsteinum en heildarstærð kirkjunnar var 93 fm. Hún var löng og mjó, um 15 x 5,7 m að innanmáli, skiptist í framkirkju, miðskip og kór með 2,5 x 3 m útskoti. Í úttektum frá 17. öld er sagt frá endurbyggingu kirkjunnar á sama stað, tæpri öld eftir að klausturhald var lagt af, en uppgröfturinn leiddi í ljós að nýja kirkjubyggingin var helmingi minni, 9,3 x 4,7 m, og hafði því einungis verið byggð á grunni miðskipsins og kórins en ekki framkirkjunnar. Nokkrar skemmdir urðu samt á klausturkirkjunni enda var byggingarefnið endurnýtt að hluta en útlínur hennar höfðu að mestu leyti varðveist.²⁸⁸

Í klausturkirkjunni fundust þrír tilhöggðir altarissteinar úr innlendu bergi, einn með algengu rósamynstri, en samkvæmt úttektinni 1598 voru sjö ölturu í klausturkirkjunni. Einnig má nefna innsiglishring og brotið líkneski af heilagri Barböru en ekki komu margir gripir fram við uppgröftinn og þarf það ekki að koma á óvart. Miðað við úttektir fengu fáeinir gripir Skriðuklausturs að vera áfram í kirkjunni eftir siðskipti og jafnvel í litlu kirkjunni sem tók við af henni. Víða er hins vegar sagt frá því að menn konungs hafi látið greipar sópa í klastrum landsins og hirt allt lauslegt eftir siðskiptin.²⁸⁹

Eftir siðskipti bar klausturhöldurum að viðhalda kirkjum klausturstaðanna og kirkja á Skriðuklaustri var áfram rekin sem annexía, ýmist frá Valbjófsstað eða Ási í Fellum. Hún varð sóknarlaus einkakirkja heldra fólks á Skriðu og nýttist aðallega klausturhöldurum, sýslumönnum og fjölskyldum þeirra sem bjuggu þar. Af heimildum má þó sjá að ábúendur á Skriðu þurftu stöðugt að berjast fyrir tilverurétti kirkjunnar vegna kostnaðar við viðhald og prestþjónustu. Endalok kirkjuhalds á staðnum urðu svo þau að litla kirkjan var formlega lögð niður, ásamt fleiri kirkjum, með tilskipun frá Kristjáni konungi VIII. í janúar 1792.²⁹⁰

Kirkjugarðsveggurinn sem var sýnilegur á yfirborði áður en uppgröftur hófst hefur upphaflega umlukið klausturgarðinn á Skriðuklaustri en síðan verið notaður með örlitlum breytingum til að afmarka garðinn kringum yngri kirkjuna. Klausturgarðurinn var áfastur klausturhúsunum

²⁸⁸ Steinunn Kristjánsdóttir, 2012, 25, 78-80, 91, 94-103.

²⁸⁹ Steinunn Kristjánsdóttir, 2012, 95-103 o.þ.tilv.rít.

²⁹⁰ Steinunn Kristjánsdóttir, 2012, 40, 90-91.

og afmarkaði syðri úthlið þeirra en var jafnframt kirkjugarður.²⁹¹ Samkvæmt vígslubréfi kirkjugarðsins árið 1496 skyldu heimamenn eiga þar leg, og einnig pílgrímar sem veiktust og dóu á staðnum, og svo þau sem það kusu.²⁹² Annars voru munnmæli einu heimildirnar um jarðsetningar í kirkjugarðinum en við uppgröftinn fundust alls 295 grafir með fólki á öllum aldri, konum, körlum og börnum. Öll höfðu verið jörðuð eftir Veiðivatnagosið 1477 og var það mat Steinunnar að flestallar grafirnar hefðu verið teknar meðan klaustrið var í rekstri en ef til vill fáeinar fyrstu áratugina eftir að það var lagt niður. Mörg hinna látnu höfðu þjáðst af sjúkdómum eða fötlun enda bendir ýmislegt til þess að á Skriðuklaustri hafi verið rekið sjúkrahús og athvarf fyrir bágstadda.²⁹³ Þessi niðurstaða hefur þó verið gagnrýnd og má vel vera að kirkjugarðurinn hafi verið notaður til greftrunar miklu lengur enda voru grafirnar á misjafnlega miklu dýpi.²⁹⁴

Klaustur [405]

Skriðuklaustur var stofnað síðast af klaustrunum níu sem með vissu er vitað að störfuðu á Íslandi á kaþólskum tíma. Þau Sesselja Þorsteinsdóttir og seinni maður hennar, Hallsteinn Þorsteinsson, sýslumaður yfir Múlasýslum, undirrituðu gjafabréfið formlega á heimili sínu á Víðivöllum ytri í Fljótsdal 8. júní árið 1500.²⁹⁵ Öruggt er þó talið að klaustrið hafi verið stofnað nokkru fyrr, sennilega árið 1493 þegar Stefán Jónsson biskup vísiteraði Austurland en aðeins biskup gat vígt klaustur.²⁹⁶ *Skarðsárannáll* nefnir að vísu árið 1494 en þá voru Skriðuklaustri þegar farnar að berast gjafir og virðist ólíklegt að slíkar sendingar hafi byrjað fyrir vígslu þess. Skriðuklaustur varð munkaklaustur af reglu Ágústínusar.²⁹⁷

Klaustrið starfaði einungis í tæplega 60 ár en var umsvifamikið þann tíma og náði að safna miklum auði. Öllum íslensku klaustrunum var lokað við siðskiptin sem venjulega eru miðuð við árið 1550. Um skeið voru áfram reknir skólar fyrir prestefni og börn í klaustrunum en

²⁹¹ Steinunn Kristjánsdóttir, 2012, 91, 130-140.

²⁹² *Íslenskt fornbréfasafn* VII, 1903-1907, 309-310.

²⁹³ Steinunn Kristjánsdóttir, 2012, 25-27, 35, 141-248.

²⁹⁴ Guðrún Ása Grímsdóttir, 2012, 208-2011.

²⁹⁵ *Íslenskt fornbréfasafn* VII, 1903-1907, 486-487; *Íslenskt fornbréfasafn* VIII, 1906-1913, 401-404.

²⁹⁶ *Íslenskt fornbréfasafn* VII, 1903-1907, 198-199; Steinunn Kristjánsdóttir, 2012, 38.

²⁹⁷ Steinunn Kristjánsdóttir, 2012, 16, 37.

eignir þeirra gengu síðan sjálfkrafa undir konung og voru leigðar umboðsmönnum hans, klausturhöldurum.²⁹⁸ Bréf þess efnis var gefið út fyrir Skriðuklaustur 12. mars 1554.²⁹⁹

Rústir Skriðuklausturs sáust ekki á yfirborði jarðar fyrir uppgröftinn og staðsetning þess var löngu gleymd en yfirleitt var gert ráð fyrir að það hefði verið heima á bæjarstæðinu.³⁰⁰

Fornleifarannsóknin leiddi hins vegar í ljós að það leyndist undir Kirkjutúni, þétt upp við klausturkirkjuna [403]. Klaustrið hafði því verið byggt nánast í hvarfi frá Skriðubænum, undir klettaskorna hjallanum sem liggur þar á milli. Á starfstíma sínum höfðu byggingarnar, klaustur með svefnálmu, eldhúsálmu, vinnuhúsa- og geymsluálmu, kirkja og kirkjugarður, myndað samfellda húsabyrpingu, eins og einkennandi var fyrir klausturbyggingar. Klaustur og kirkja lágu einatt saman og mynduðu lokaða heild, oft úr fjórum álmum, sem afmarkaði heim klaustursins frá hinum veraldlega utan múranna. Ef ekki voru hús á eina hliðina var klausturheimurinn stundum lokaður af með einföldum veggjum og var það raunin á Skriðuklaustri. Grunnflötur mannvirkjanna reyndist vera meira en 1500 fm þannig að þarna var gríðarmikil bygging á mælikvarða íslenskra miðalda.³⁰¹

Skrautgarður – trjágarður [406] heimild

Á túnakorti er skrautgarður við vesturhorn gamla Skriðubæjarins en á örnefnakorti er trjáreitir teiknaður inn á svipuðum stað.³⁰²

Fremsti-Nátthagi [407], Miðnátthagi [408] og Ysti-Nátthagi [409]

Þrír nátthagar eru teiknaðir upp á örnefnakorti suðaustan við bæjarhús og liggja vestur undir Klausturhömrum.³⁰³

Hestarétt [410] og traðir [411] heimild

„Upp af Fit og Fremsta nátthaga er svæði, sem heitir Hringur. Ofan við Hring var áður geysistór hestarétt og djúpar traðir. Ofan þeirra var Litli-Hringur. Allt er þetta nú orðið

²⁹⁸ Steinunn Kristjánsdóttir, 2012, 37, 40.

²⁹⁹ Íslenskt fornbréfasafn XII, 1923-1932, 682-683.


³⁰⁰ Helgi Hallgrímsson, 2000, 10-12.

³⁰¹ Steinunn Kristjánsdóttir, 2012, 25-27, 34, 62-63, 67-68.

³⁰² Túnakort Skriðuklausturs, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu, 1918; Ö-Skriðuklaustur kort.

³⁰³ Ö-Skriðuklaustur kort.

slétt.³⁰⁴ Réttin er merkt inn í túninu suðvestan við trjágarð og Skriðuklaustur, neðan gamla bílvegarins. Traðirnar liggja suður fyrir húsin og réttina.³⁰⁵



Mynd 30. Túnakort Skriðuklausturs frá 1918.

Fjós [412] og Kúahlaða [413]

Fjós er merkt inn á örnefnakort norðan við Gunnarshús og gamla bæjarstæðið og örlítið vestur af því er Kúahlaða.³⁰⁶

Kvíaból [414] heimild

Kvíaból er merkt inn á örnefnakort nokkru vestar en Kúahlaða, fast norðan við gamla bílveginn.³⁰⁷ Í örnefnalýsingu segir: „Rétt innan við aðaltúnið, ofan við veginn, heitir Kvíaból, sneið af því lenti undir veginum. [...] Upp af Kvíabólinu heitir Kvíaklöpp.“³⁰⁸

³⁰⁴ Ö-Skriðuklaustur AG, 3.

³⁰⁵ Ö-Skriðuklaustur kort.

³⁰⁶ Ö-Skriðuklaustur kort.

³⁰⁷ Ö-Skriðuklaustur kort.

³⁰⁸ Ö-Skriðuklaustur, 4.



Mynd 31. Kortið sýnir minjar sem vitað er um í nágrenni bæjar og klausturs.

Goluhús [415], Götuhús [416], Þorphús [417] og Hesthús [418] heimild um beitarhús

Inn af Kvíabóli „er nafnlaust svæði inn að Hantó, sem eru gömul beitarhús frá Klaustri, voru fjögur hús. [...] Húsin á Hantó hétu sérstökum nöfnum. Yzta húsið hét Goluhús. Neðar stóð Götuhús. Inn af Götuhúsi var Þorphús. Svo hét Hesthús innst.“³⁰⁹

Vatnsból [418] heimild

Á örnefnakort er merkt inn vatnsból norðan við Kvíaból.³¹⁰

Jarðhús [419] heimild

Jarðhús er sýnt á örnefnakorti austan við Gunnarshús, fast við götu eða heimreið.³¹¹

³⁰⁹ Ö-Skriðuklaustur, 4, 6.

³¹⁰ Ö-Skriðuklaustur kort.

Hagagarður [420] heimild

Samkvæmt örnefnakorti lá Hagagarður í suðaustur út frá Mið-Nátthaga í átt að Gripalág og Heimalóni. Hann er einnig nefndur í örnefnalýsingu.³¹²

Mylla [421] heimild

Norðurmörk Skriðuklausturs móti Hamborg voru samkvæmt örnefnalýsingu „Silungakíll frá ánni, síðan eftir skurði, sem heitir Mylluskurður, Melatjörn, en sú tjörn er nú orðin þurr.“ Mylluskurðurinn hefur „verið grafinn á merkjum til að fá vatn fyrir kornmyllu. [...] í Mylluskurði er tjörn sem heitir Myllutjörn.“³¹³



Mynd 32. Yfirlitskort sem sýnir minjar á Skriðuklaustri.

³¹¹ Ö-Skriðuklaustur kort.

³¹² Ö-Skriðuklaustur AG, 2; Ö-Skriðuklaustur kort.

³¹³ Ö-Skriðuklaustur AG, 1.

Stekkur [422], varða [423] og kerruvegur [424] heimild

„Út og upp af Melatjörninni, er fyrr var talin, eru Bessastaðaármelar. [...] Ofan við tjörnina og innan við melana er graslendi, sem heitir Melakrókur.“ Bessastaðaá rennur ofan eða norðan við melana. „Inn af Melakrók er allmikið, hallandi graslendi, sem heitir Höll, mest ræktuð, og liggur niður að Útnesinu [...]. Í Höllunum er allmikill klettahjalli, sem heitir Stekkjarhjalli. Hjallinn er breiður og nær út að Bessastaða[ár]melum, ofan við Melakrókinn. [...] Í innri enda Stekkjarhjalla heitir Stekkjarskot. Þar ganga fram klettur, sem mynda þetta skot. Það var hægt af refta yfir milli þeirra, og þá var komið skýli.“³¹⁴ Stekkjarhjalli og Stekkjarskot eru sýnd á örnefnakorti og kerruvegur [424] liggur neðan eða sunnan þeirra frá Skriðuklaustri.³¹⁵ Þarna hefur verið stekkur [422] og ef til vill varða [423] sem vísað hefur á hann: „Vörðumelur liggur út af Stekkjarhjalla ofan við Melkrók hægra megin við veginn, þegar farið er út eftir.“³¹⁶

Grundarhús [425], Götuhús [426], Nýjuhús [427], kartöflugarður [428] og reiðstígur [429] heimild

„Óræktaða svæðið ofan við Höllin upp að vegi er einu nafni nefnt Grundir, nú ræktað. Þær ná inn að allmiklum grafningi eða jarðfalli, sem heitir Grafningur. Þar innar eru Grundarhús [425], og þar innar er annað jarðfall, Litli-Grafningur. Innan við Litla-Grafning tekur við allstórt túnsvæði, sem heitir Keppingur. Yzt á Kepping, út við Grafninginn, heitir Götuhús [426], nú horfið. Neðan við Kepping voru geysistórar þúfur. Keppingur nær heim að bæ og upp að vegi, efst á honum eru þar Nýjuhús [427]. Þar inn af heitir svo ekki neitt, en þar er eða var kartöflugarður [428], neðan vegar.“³¹⁷ Grundarhús, Götuhús og Nýjuhús eru sýnd á örnefnakorti skammt neðan gamla bílvegarins og einnig reiðstígur [429] sem liggur milli þeirra og Skriðuklausturs.³¹⁸

³¹⁴ Ö-Skriðuklaustur AG, 2.

³¹⁵ Ö-Skriðuklaustur kort.

³¹⁶ Ö-Skriðuklaustur AG, 2.

³¹⁷ Ö-Skriðuklaustur AG, 3.

³¹⁸ Ö-Skriðuklaustur kort.

Álar [430] og Bjarnabrot [431] heimild

Meðfram Jökulsá „eru vallendisbakkar, sem nefndir eru í heild Klausturbakkar“ og „heildarnafn á öllu þessu graslendi hér upp af er Klausturnes [...] áður fyrr mikið engjaland, en með breyttum búnaðarháttum aðallega bithagi. Kílar ganga inn í bakkana. Fyrir innan Krókakíl, af bökkunum þar, „er yzta vaðið yfir ána, það heitir Álar [430]. Þá eru hér innar tvö önnur vöð á ánni, Kirkjubrot (er í Valbjófsstaðalandi) og Bjarnabrot [431], en það var þrautavað á ánni. Öll voru vöð þessi vandrötuð og munu nú ófær.“³¹⁹



Mynd 33. Sérfræðingur frá NIKU fer með jarðsjá yfir túnið undir Ási. Núverandi kirkja í baksýn.

Ás

Ef marka má *Droplaugarsona sögu* var bærinn Ás kominn í byggð þegar á 10. öld: „Ozurr hét maðr, er bjó undir Ási fyrir vestan vatnit. Hann var mágur Helga Ásbjarnarsonar. [...] Þat er

³¹⁹ Ö-Skriðuklaustur AG, 1-2.

sagt, at Ozurr er vitr maðr ok mjok hafðr við mál manna.³²⁰ Ás kemur auk þess fyrir í *Fljótsdæla sögu*.³²¹ Sögurnar eru varðveittar í töluvert yngri handritum þannig að þetta eru ekki elstu heimildirnar um Ás en líklegt virðist þó að þær meginupplýsingar sem þarna koma fram um að búseta hafi verið í Ási á 10. öld séu réttar. Jörðin kemur einnig víða fyrir í fornbréfum og kirkja þar er fyrst nefnd árið 1200³²² og í máldögum árin 1397 og 1570 eru taldar upp eignir hennar.³²³

Á 15. og 16. öld geta heimildir oftast um Ás í tengslum við jarðakaup og jarðaskipti. Samkvæmt kaupbréfi frá árinu 1463 seldi Magnús Árnason jörðina Þorgils Finnbogasoni fyrir jarðir að andvirði 72 hundruð og lýsti þá ítökum og landamerkjum:

Sagdi Magnús landamerki að stadurinn ætti vt að ormastaðaa. oc nordur a heidi með ormastadaa. sem hun fellur til. enn j mille hofs oc stadarens vr þorvardzvördu oc ofan j foss firi framan Asgerdi. oc vr fossinum sionhenhending j midtt skarfaness oc ofan j fliot. jord vt með heidi frá næsta læk. fyrir framan fiallsel oc vt j ytre grænur. eingiteig j medalness jord j Hlódugeil. skogar partt j medalness land. fyrir vtan kolageil. Skogar partt j Hrafnssæ firi nedan götuna. Skogar partt j eckiufells jörd. fyrir vtan einhleypingsvad: hundrad lamba beit vt a vestureyjar: j kijla merke.³²⁴

Jarðakaup voru svo handsöluð undir Ási árið 1477 þegar Brandur Eiríksson seldi Oddi Teitssyni presti hálfa Eyjólfstaði og 1485 þegar Magnús Árnason seldi Jörundi Vigfússyni hálfa Jörðina Hafrafell í Ásþingum.³²⁵ Árið 1544 er getið um sölu kirkjunnar undir Ási³²⁶ og 1554 framgengu trúlofunar handsöl á staðnum milli Vilborgar Eireksdóttur og Árna Einarssonar og gaf séra Einar Árnason syni sínum við það tilefni hjúskapargjafir, meðal annars jörðina Hafursá í Hallormsstaðasókn, í vitna viðurvist og með samþykki bræðra sinna og réttra erfingja.³²⁷

Í kaupbréfi fyrir Ási í Fellum frá árinu 1566 kemur fram að Eiríkur Snjólfsson bóndi seldi kvinnu sinni, Þuríði Þorleifsdóttur jörðina með öllum þeim gögnum og gæðum, rekum og

³²⁰ Íslensk fornrit XI, 1950, 143, einnig 160, 163.

³²¹ Íslensk fornrit XI, 1950, 249.

³²² Íslenskt fornbréfasafn XII, 1923-1932, 4.

³²³ Íslenskt fornbréfasafn IV, 1897, 213; Íslenskt fornbréfasafn XV, 1947-1950, 548, 680.

³²⁴ Íslenskt fornbréfasafn V, 1899-1902, 394-395.

³²⁵ Íslenskt fornbréfasafn VI, 1900-1904, 98, 539-540.

³²⁶ Íslenskt fornbréfasafn XI, 1915-1925, 327-328.

³²⁷ Íslenskt fornbréfasafn XII, 1923-1932, 711-712.

hlunnindum sem henni fylgdu og höfðu fylgt frá fornu fari, meðal annars „verstodu torfu tveggja hundrada eign kyrkiunnar [...] reka og landi“, áskilið að Ólöf, skilgetin dóttir þeirra, eignaðist Ás ef hún lifði móður sína. Á móti gaf Þuríður 20 hundruð í jörðinni Seljahlíð og 16 hundruð í Eyvindarstöðum og fjögur ágildi betur.³²⁸ Árið 1567 var auk þess afhendingarbréf frá Eiríki Snjólfssyni til Magnúsar Björnssonar fyrir Rúgstöðum og Bringu undirritað undir Ási.³²⁹ Jarðaskipti fóru síðan aftur fram milli þeirra hjóna Eiríks og Þuríðar og Halldóru dóttur þeirra árið 1569. Eiríkur hafði þá gefið Halldóru Seljahlíð og 16 hundraða hlut sinn í Eyvindarstöðum þannig að Þuríður handsalaði honum nú í staðinn til fullrar eignar fyrir Ás jörðina Tjarnir í Eyjafirði.³³⁰

Í *Jarðatali Johnsens* 1847 er Ás metinn 14 hundruð og einnig eru nefndar tvær ábúðarlausar hjáleigur, Sigurðargerði og Ássel.³³¹

Af staðar túninu falla rúmlega 3 kýrfóður. Útheyskapur er reitingsamur og langsóktur, og verður varla hafður meiri enn á 130 hesta, og má á því framfæra 100 ær, 100 sauði, 40 lömb og 6 hesta, þareð útigangur er hér í betra lagi. Grasatekja er eigi teljandi og afréttar land er mjög lítið; skógur er eigi orðinn til, þar sem máldagarnir greina frá skógarítökum staðarins [...]³³².

Auk þess sem kirkjustaður var undir Ási hefur verið prestssetur á jörðinni frá fornu fari en það lagðist af árið 1883 þegar sóknin var sameinuð Valþjófsstaðaprestakalli. Síðasti presturinn, séra Sigurður Gunnarsson, fluttist til Valþjófsstaðar 1884. Jörðin var seld 1910 og komst aftur í bændaeign en kirkjan missti öll ítök og jarðeignir. Ás var síðan í bændaeign til ársins 1957 en eftir það tók söfnuðurinn við fjárhaldi og umsjá kirkjunnar. Jörðin lagðist í eyði 1962 en sóknarkirkja og kirkjugarður Fellabúa standa þar enn. Áslandið er milli fljóts og Miðheiðar, mörk við Ormarsstaði að norðan og Hof að suðvestan.³³³

³²⁸ Íslenzkt fornbréfasafn XIV, 1944-1949, 457-458.

³²⁹ Íslenzkt fornbréfasafn XV, 1947-1950, 8-9.

³³⁰ Íslenzkt fornbréfasafn XV, 1947-1950, 309-310.

³³¹ Johnsen, 1847, 357.

³³² Johnsen, 1847, 366.

³³³ Helgi Gíslason, 1974, 412; Ássókn í Fellum: Um Áskirkju.



Mynd 34. Djúpsneið úr jarðsjármælingum sem virðist sýna óþekkt mannvirki austan við Áskirkju þar sem rauði hringurinn er.

Farið var með jarðsjá yfir túnið þar sem hægt var að koma því við. Í mælingagögnunum má greinilega sjá afmörkuð svæði sem bera vott um inngríp af manna völdum. Sérstaklega áhugavert er svæði sem liggur á hálsi austan við núverandi kirkju þar sem komu fram skýrt afmörkuð rétthyrnd mannvirki á um 40-60 sm dýpi. Nyrðra mannvirkið er um 30 x 14 m á stærð og tengist minna mannvirki, 12 x 8 m, um 30 m til suðurs. Mannvirkin birtast sem frásogandi frávik í svarmerkjum jarðsjárinnar og sjást sem ljós á myndunum. Líklegu eru þarna leifar húsbygginga. Þarna eru engar minjar sýnilegar á yfirborði og heimildir greina heldur ekki frá mannvirkjum á þessu svæði.



Mynd 35. Gamli torfbærinn [230] undir Ási og timburkirkjan sem stóð þar 1851-1898. Matjurtagarður fremst. Myndin sem Johann Holm-Hansen tók árið 1866 er varðveitt í Ljósmyndasafni Íslands.

Torfbær [230]

Á ljósmynd frá árinu 1866 sést gamli torfbærinn undir Ási. Fremst eru fjögur samliggjandi torfhús með standþili á framgöflum sem snúa að kirkjunni.³³⁴ Á túnakorti frá byrjun 20. aldar er torfbærinn teiknaður inn sem stór bygging vestan við kirkjuna.³³⁵ Greint er frá staðsetningu húsanna í örnefnalýsingu: „Hólar tveir eru í túni venjulegast kallaðir Hóllinn efri og neðri. Liggja þeir nokkuð samsíðis. Milli hóla þessara stendur bærinn, bæði gamli bærinn og nýi, líka kirkjan og kirkjugarðurinn.“³³⁶ Gamla túnið var nokkuð slétt frá náttúrunnar hendi og er að miklu leyti óhreyft enn þá. Hins vegar hefur verið sléttað úr bæjarrústunum og sjást engar minjar á yfirborði en aspir og reynitré hafa verið gróðursett þar sem bærinn stóð.³³⁷



Mynd 36. Steinsteypiti bærinn og kirkjan snemma á 20. öld. Myndin sem Eyjólfur Jónsson tók er í vörslu Héraðsskjalasafns Austurlands.

³³⁴ Lpr-5354.

³³⁵ *Túnakort Áss, Fellahreppi, Norður-Múlasýslu*. 1919-1920.

³³⁶ Ö-Ás SE, 4.

³³⁷ Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir, 1997, nr. 149:001; Rannveig Þórhallsdóttir, 2022a, nr. 149:001.

Kirkja [232] og kirkjugarður [233]

Kirkjan [232] undir Ási er fyrst nefnd árið 1200 í skrá Páls Jónssonar biskups yfir kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi sem presta þurfti til.³³⁸ Hún var helguð Maríu mey í kaþólsku og er getið um Maríukirkju undir Ási í *Vilchinsbók* árið 1397, máldögum Vilchins biskups yfir kirkjur Skálholtsbiskupsdæmis. Þá átti hún hálft heimaland og fimm hundruð í Hofi, fjórar kýr, fjórar ær og 20 hundruð í vöru og allmarga muni. Þar skyldi vera prestur sem fékk fjórar merkur og kirkjan átti að fæða fátækan mann frá pálmásunnudegi fram yfir páskaviku.³³⁹ Lengst af var bændakirkja undir Ási en biskupsleyfi þurfti til að selja hana. Árið 1544 kemur fram að Gissur Einarsson biskup samþykkti sölu Snjólfss Rafnssonar bónda á Áskirkju fyrir 10 hundruð í heimalandi, hálft Hafrafell, 9 hundruð, og eitt hundrað í Krossi.³⁴⁰

Loks er greint frá eignum Áskirkju í *Gíslamáldögum* 1570 og síðar. Hún átti þá allmarga muni og jarðeignir: hálft Hafrafell, níu hundruð, Kross, sex hundruð, Fjallssel, 6 hundruð, fjórðung í ósreka öllum, bædi hvalreka og viðarreka, fjórðung í Sleðbrjótssandi, hvals og viðar og rekstur hundrað lamba á Vestureyjar í Ketilsstaðalandi. Bæir sem lágu til kirkjusóknarinnar í Ási voru Skeggjastaðir, 30 hundruð, Hof, 20 hundruð, Ormastaðir, 30 hundruð, Meðalnes, 30 hundruð, Setberg, 10 hundruð, Staffafell, 12 hundruð, Ekkjufell, 20 hundruð, Andríðavatn, 20 hundruð, hálft Hafrafell, 9 hundruð, og svo garðurinn sjálfur, 20 hundruð.³⁴¹ Áskirkja virðist hafa verið ágætlega efnuð og frá árinu 1817 er til lýsing á dýrgrip: Í kirkjunni var voldugur, áttkantaður koparhringur með ferköntuðum stykkjum, hver kantur kringlóttur og í þeim kanti sem sneri fram var kringlótt plata sem virtist úr silfri og með fimm innsettum silfurplötum. Nöfn guðspjallamanna voru talin fólgin í áletrunum milli stykkjanna.³⁴²

Áskirkja var bændakirkja til ársins 1662 þegar Brynjólfur Sveinssoni biskup keypti jörðina og gaf hana kirkjunni.³⁴³ Allmyndarleg timburkirkja var síðan byggð undir Ási árið 1851 og

³³⁸ *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, 1923-1932, 4.

³³⁹ *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, 1897, 213.


³⁴⁰ *Íslenzkt fornbréfasafn* XI, 1915-1925, 327-328.

³⁴¹ *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, 1947-1950, 548, 680.

³⁴² Rannveig Þórhallsdóttir, 2022a, 23-24.

³⁴³ Helgi Gíslason, 1974, 412.

stærri kirkja úr timbri var reist á sama grunni 1898 og vígð 30. október sama ár meðan séra Þórarinn Þórarinsson þjónaði sókninni. Yfirsíður nýju kirkjunnar var Vigfús Kjartansson frá Sandbrekku. Þessi kirkja stendur enn og í henni er varðveitt altaristafla af erlendum uppruna eftir óþekktan listamann. Hún sýnir Krist á krossinum og kom úr 19. aldar kirkjunni en er nokkuð eldri en hún. Predikunarstóllinn og númerataflan eru sömuleiðis úr eldri kirkjunni.³⁴⁴



Mynd 37. Blýantsteikning af Áskirkju. Myndina teiknaði Jón Helgason sa. 1920-1940. Hún er varðveitt í Ljósmyndasafni Íslands.³⁴⁵


Á túnakorti Áss má sjá að kirkjugarðurinn [233] hefur legið í kringum kirkjuna með stefnu suðvestur – norðaustur, á mótum gamla torfbænum og steinsteypa bænum. Kirkjugarðurinn hefur þó ekki verið suðvestan kirkjunnar árið 1866 því á ljósmynd frá þeim tíma er þar matjurtagarður.³⁴⁶ Brynjólfur Guttormsson heimamaður sem nýtir jörðina núna telur að elstu

³⁴⁴ Ássókn í Fellum: Um Áskirkju.

³⁴⁵ JH-7-32.

³⁴⁶ Lpr-5354.

grafirnar gætu verið undir núverandi kirkjugarði sem hefur verið hækkaður. Fjölskylda hans hefur nýtt Ás í nokkra ætliði og er því mjög kunnug staðhættum.



Mynd 38. Túnakort Áss í Fellum frá 1919-1920.

Grafreitir [234]

Annar grafreitir frá Áskirkju er utan og norðan bæjartúnsins og er hann merktur inn á örnefnakort.³⁴⁷ Þessi grafreitir er yngri en kirkjugarðurinn við kirkjuna.

Rétt [235]

Á túnakorti er rétt á milli gamla torfbæjarins og steypa íbúðarhússins.³⁴⁸

Útihús [236] heimild

Vestan við réttina og steypa húsið er útihús merkt inn á örnefnakort.³⁴⁹

Rétt [237] og heytóft

Enn þá vestar er önnur rétt sem sést einnig á örnefnakorti.³⁵⁰ Hún er varðveitt á hjalla undir brekku, um 80 m ofan eða vestan kirkjunnar, hlaðinn úr grjóti og torfi. Hún skiptist í tvennt og er syðra hólfið um 7 x 3 m með hliði austan megin en hið nyrðra 3 x 5 m og tveir veggir hlaðnir en girðing fyrir eystri hliðinni.³⁵¹ Heystæði er um 15 m sunnan réttarinnar en þar sjást ógreinilegar útlínur þriggja tófta í hnapp.³⁵²

Öskuhaugur [238]

Samkvæmt örnefnakorti er öskuhaugur í túninu nokkru sunnan bæjarhúsa og kirkjugarðs.³⁵³ Hann er um 50 m suður af kirkjunni. Þar má sjá hringlaga hól, um 5 x 5 m á stærð og 1 m á hæð og er dæld í honum, 2 x 2 m. Þarna var öskunni sem féll árið 1875 safnað saman og myndaðist haugurinn þannig.³⁵⁴

³⁴⁷ Ö-Ás kort.

³⁴⁸ Túnakort Áss, *Fellahreppi, Norður-Múlasýslu*, 1919-2020.

³⁴⁹ Ö-Ás kort.

³⁵⁰ Ö-Ás kort.

³⁵¹ Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1997, nr. 149:008; Rannveig Þórhallsdóttir, 2022a, nr. 149:031.

³⁵² Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1997, nr. 149:034.

³⁵³ Ö-Ás kort.

³⁵⁴ Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1997, nr. 149:008; Rannveig Þórhallsdóttir, 2022a, nr. 149:032.

Hólhús [240] hlaða og [239] fjárhús

Hólhús eru merkt inn við Hólinn neðri á örnefnakorti.³⁵⁵ „Í Hólnum neðri er gamalt fjárhús [239] og hlaða [240]. Húsið niðri frá er líka stundum nefndt Hólhús. Rétt sunnan við hús þetta heitir Sigurðarsléttu, dálítill þaksléttu.“³⁵⁶ Hólhús suðaustur af gamla bæjarstæðinu. Tvískipt fjárhús, 8 x 3 m á stærð, standa á hólum og opnast að Lagarfljóti, veggir uppistandandi og þakhrun, timbur og torf, á botni tóftarinnar. Hlaða, 5 x 3 m á stærð er við vesturgöfl. Ójöfnur utan við norðvesturhorn hússins gætu verið leifar eldri byggingar.³⁵⁷

Fjárhús – tóft

Í túninu um 50 m suður af gamla bæjarstæðinu eru tvö samliggjandi fjárhús, um 8 x 4 m að innanmáli og liggur garði eftir miðju nyrðra húsinu; dyr snúa í austur. Hlöður, um 6 x 4 m að innanmáli, eru áfastar vesturgöflum. Húsin eru hlaðin úr grjóti og torfi og bárujárn í báðum tóftum þannig að þau eru sennilega ekki mjög gömul.³⁵⁸

Fjárréttargirðingar – landamerkjagarðar að sunnan [242], austan [243] og norðan [241]

Norðan bæjartúnsins er svokallað Ásklif eða Klif en vestan þess eru landamerki og liggja austur í Lagarfljót eða Lögin. Landsvæðið milli Klifsins og Lagarins nefnist Hagi. Þarna er fjárgirðing sem jafnframt er landamerkjagirðing, byggð snemma á 20. öld: „Er það grjótgarður mikill úr Leginum og upp skriðuna í Klifsenda fremri, síðan Klettabeltin og þá grjótgarður aftur að austan frá Klifi og í Lögin, um km lengd. Þá erum við komin að túngirðingu, sem er um 200 m utar en Sandskeið, nánar frá Álfasteini í Lögin um 500 m. Er hún einnig austurtakmörk Hagans á þeim kafla hans. Vestast í túngirðingu er mýrarhalli sem Fiti er kallað og nær að Fljótinu. Þá tekur við Garður lengra austur með Fljótinu. Mun þar hafa verið gamall nátthagi, en er nú ræktað tún, um 2 dagsláttur.“³⁵⁹ Garðarnir eru sýndir á

³⁵⁵ Ö-Ás kort.

³⁵⁶ Ö-Ás SE, 4.

³⁵⁷ Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1997, nr. 149:003; Rannveig Þórhallsdóttir, 2022a, nr. 149:003.

³⁵⁸ Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1997, nr. 149:033.

³⁵⁹ Ö-Ás SE, 2.

örnefnakorti jarðarinnar.³⁶⁰ Þessir garðar standa enn þótt eitthvað sé farið að hrynja úr þeim og er hlið í garðinum þar Klifsgata liggur í gegn.³⁶¹

Gerðisgata [244] heimild

Á norðausturenda Ásklifs „er gata, sem Gerðisgata heitir. Gata sú er beitarhúsagata á Sigurðargerði.“³⁶² Á örnefnakorti sést að gatan liggur milli bæjarhúsa í Ási og Sigurðargerðis.³⁶³

Stampagata [245] heimild

„Um 200 m suðvestar á klifinu er Stampagata, nokkuð brött gata norður og upp skriðuna.“³⁶⁴ Annað nafn sem getið er um á henni er Stapagata. Gatan er einnig sýnd á örnefnakorti.³⁶⁵

Vegur [246] heimild

Á örnefnakort er merktur inn „gamall vegur“ sem liggur frá bæjartúni og hefur sömu stefnu og Lagarfljót.³⁶⁶

Gamli Stekkur [247] stekkur

Í örnefnalýsingu segir: „Þá má nefna Gamla-Stekk, gamalt stekkjarmót undir kletti. Stekkjarmótið er að mestu vallgróið, en klettstrýtan mun halda nafninu við.“³⁶⁷ Stekkurinn er í kvos milli tveggja klettaholta, um 20 m niður af götu sem liggur að Ási. Hann skiptist í tvö hólfi og er grjóthlaðið garðlag út frá því minna sem liggur austur fyrir stekkin upp í klettinn ofan og vestan hans. Lerkitré vaxa nú allt í kring.³⁶⁸

³⁶⁰ Ö-Ás kort.

³⁶¹ Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1997, nr. 149:020/30.

³⁶² Ö-Ás SE, 6.

³⁶³ Ö-Ás kort.


³⁶⁴ Ö-Ás SE, 6.

³⁶⁵ Ö-Ás kort.

³⁶⁶ Ö-Ás kort.

³⁶⁷ Ö-Ás SE, 5.


³⁶⁸ Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1997, nr. 149:008; Rannveig Þórhallsdóttir, 2022a, nr. 149:022.



Mynd 39. Kort sem sýnir staðsetningu minja í nágrenni bæjar og kirkju undir Ási.

Mógrafir [248] mógrafir

Mógrafir sjást greinilega á loftmynd.



Mynd 40. Jarðsjármælingar undir Ási í Fellum.

Sigurðargerði [249] býli, beitarhús

Hjáleigan Sigurðargerði er nefnd árin 1760 og 1804 og var í ábúð 1839 en er einnig getið í *Jarðatali* 1847, þá óbyggð.³⁶⁹ Í *Sveitum og jörðum í Múlapingi* eru 1703 og 1842 sögð vera þekkt ártöl í byggðasögu býlisins, auk þess sem beitarhús hafi verið þar að minnsta kosti frá 1880 til 1962 en ekki kemur fram hvaðan upplýsingarnar eru fengnar.³⁷⁰ Óvíst er því hve lengi var búið í Sigurðargerði en það var austan megin og utarlega í landi Áss, ofan vegar milli Svínaár og Ormsstaðaár, „venjulega kallað Gerði í daglegu tali. Þar voru þrjú fjárhús í

³⁶⁹ Johnsen, 1847, 357, 366.

³⁷⁰ Helgi Gíslason, 1974, 412.

röð. Eitt þeirra var nefnt Miðhús, hin nafnlaus.³⁷¹ Fjárhúsin eða beitarhúsin í Sigurðargerði voru nytjuð frá Ási til 1962 þegar jörðin fór í eyði.³⁷² Við Svíná, norðaustan Sigurðargerðis, er einnig „Stekkur, gamalt Stekkjarbrot.“³⁷³ Stekkurinn er sýndur á örnefnakorti.³⁷⁴

Samkvæmt fornleifaskráningu er bæjarstæðið á hæð, um 200 m ofan Svínár, beint á mótinu norðurenda Prestsáss. Sléttað hefur verið úr bæjarhólnum en hann sést greinilega, um 20 x 15 m á stærð, og vegna landrofs hefur hrúnið fram grjót og glittir í torf- og grjóthleðslur.³⁷⁵ Þarna standa auk þess steinsteypt fjárhús og nyrst í túninu, um 10 m ofan þeirra, sjást leifar byggingar með ferhyrndu veggjalagi, hleðslur horfnar en hleðslugrjót sýnilegt í kring. Um 10 m suðvestan bæjarhólsins á Sigurðargerði er auk þess hóll með sléttuðu túni þar sem á að hafa staðið útihús og sjást ójöfnur á yfirborði, ef til vill leifar eins fjárhúsanna þriggja sem nefnd eru í örnefnalýsingu.³⁷⁶

Ássel [250] býli, beitarhús

Miðás er norðan við Ásklif og lágu Selgötur yfir hann áleiðis upp á Ássel, vestan Þverár og norðan Svínár, vestan megin í Áslandi. Í Ásseli var eins og nafnið gefur til kynna upphaflega sel en síðan hjáleiga frá Ási. Hún er nefnd árið 1760 og einnig neðanmáls í *Jarðatali* 1847 þótt hún sé ekki í ábúð þá.³⁷⁷ Ef marka má örnefnalýsingu hefur Ássel byggst aftur en fór endanlega í eyði 1920: „Síðasti ábúandi var Sigfús Einarsson. Þarna voru beitarhús til 1945. Þar var fjárhús, kallað Bæjarhús. Þar var gengið inn í bæinn. Yzta húsið á selinu var kallað Hænsnahús. Það nafn er tilkomið á síðari árum.“³⁷⁸ Við örnefnaskráningu voru beitarhúsin „að mestu í rústum.“³⁷⁹ Dálítill túnbali var í Ásseli og hár ás, Selás, norðan og norðvestan við

³⁷¹ Ö-Ás, athugasemdir EE, 1.

³⁷² Ö-Ás, athugasemdir EE, 1; Ö-Ás SE, 2.

³⁷³ Ö-Ás SE, 11.

³⁷⁴ Ö-Ás kort.

³⁷⁵ Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1997, nr. 149:008; Rannveig Þórhallsdóttir, 2022a, nr. 149:008.

³⁷⁶ Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1997, nr. 149:008/9; Rannveig Þórhallsdóttir, 2022a, nr. 149:007/8.

³⁷⁷ Johnsen, 1847, 357.

³⁷⁸ Ö-Ás, athugasemdir EE, 1-2.

³⁷⁹ Ö-Ás SE, 7.

Selið og nær að Þverá að austan. Beitarhúsin voru líka nefnd Sel og Ásselsland var í daglegu tali nefnt Selland eða Selfjall.³⁸⁰

Samkvæmt fornleifaskráningu er þarna túnhæð sem hallar fram til Svínár. Bæjarstaðið er umgirt heillegum torf- og grjóthlöðnum garði, um 1 m á breidd og mest 1 m á hæð. Á svólítilli upphækkun í túninu eru tóftir bæjarhúsa, þrjú stærri hólfi, meðal annars fjárhús með garða í miðju, væntanlega svokallað Bæjarhús í örnefnalýsingu, og virðist þar hafa verið gengið inn í bæinn. Einnig má greina tvö smærri hólfi. Torf í veggjunum hefur eyðst við ágang sauðfjár en grjóthleðslur standa enn. Frá bæjarhúsunum liggur afgangur hól, 10 m á breidd, að suðurhlið túngarðsins þar sem líklega hafa staðið eldri hús. Rétt innan við túngarðinn má greina litla heytóft og um 10 m austan hennar er rústahóll en veggir ekki sýnilegir. Önnur heytóft, þrískipt, virðist þarna vera um 12 m utan við túngarðinn. Frá norðurhorni bæjarhólsins liggja garðar í sveigju norður og suður að túngarðinum. Í syðri hlutanum eru hringlaga hóll eða dæld og í þeim nyrðri tvær ferhyrndar smátóftir, auk þess sem sa. 8 x 2 m hólf er fyrir endanum upp við norðurhlið túngarðsins, ef til vill Hæsnahúsið sem nefnt er í örnefnalýsingu. Um 40 m utan og vestan túngarðsins eru tvö samföst fjárhús með gördum í miðju og áfatar hlöður við vesturgafli. Þau snúa í vestur að túngarðinum. Þetta hafa verið beitarhús frá Ási. Garðlag liggur út frá þeim norðan megin og myndar ferhyrnt hólf sem opnast líka til austurs.³⁸¹

Þúfusel [251] sel

Í suðurhorni Sellands heita Krókar og þar vestan við er svokallaður Selfoss í Svíná.³⁸² Skammt frá honum er Bláarhraun og norðan og vestan þess heitir Leira. „Efst á Leirunni eru rústir af beitarhúsum eða seli, kallaðar Þúfusel.“³⁸³ Þetta er inn og upp af Ásseli.³⁸⁴ Í brekku suðvestan af Ásseli er mýrin Þúfuselsblá með miklu stórþýfi austast og rennur lækur í gegnum

³⁸⁰ Ö-Ás SE, 6-7.

³⁸¹ Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1997, nr. 149:005; Rannveig Þórhallsdóttir, 2022a, nr. 149:005.

³⁸² Ö-Ás SE, 7.

³⁸³ Ö-Ás, athugasemdir EE, 2.

³⁸⁴ Helgi Gíslason, 1974, 412.

það fram hjá þurum, sléttum grjótmel. Um 25 m norðan við þennan mel og 10 m vestan lækjarins er þýfi og gætu þar verið sokknar tóftir Þúfusels en erfitt er að greina tóftarlag.³⁸⁵

Staðarsel [252] tóftir

Vestur við Þverá er lítill blettur sem heitir Leira. „Norðvestur af Leiru, norðaustan við Þverá, heitir Staðarsel, harðvellisbali og á húsatóttir fornar.“³⁸⁶ Þetta er á vallgrónum grundum neðan við fjallsbrekkur sunnan undir neðri Raðarenda, inn og niður af Bjargi og á að hafa verið í notkun fram á síðari hluta 19. aldar.³⁸⁷ Þarna eru tvær sokknar tóftir um 200 m norðaustur af Þverá við enda mjós gilskornings sem liggur þvert um fjallsbrekkuna. Sú stærri er þrískipt, stærra hólfið um 8 x 4 m, og tvö smærri hólfi áföst, innangengt á milli. Veggir eru nokkuð sokknir en grjót sýnilegt í hleðslum. Um 35 m vestar er önnur smærri tóft, um 5 x 3 m á stærð en veggir óverulegir og minna 3 x 1 m hólfi við norðausturvegg.³⁸⁸

Hústóttarhjalli [253] heimild

Norðan við Staðarsel „hefst fyrstu brekkur fjallsins og heita Staðarselsbrekkur og Blautadalsbrekkur. [...] Norðaustast á brekkum þessum, rétt við Ormarsstaðaá, verður allhár hjalli með klettabelti á austari brún og heitir Hústóttarhjalli, en undir honum tóttir fornar, en ekkert er vitað um rústirnar.“³⁸⁹ Hlutverk er óþekkt og engar minjar hafa fundist á þessum stað.³⁹⁰

Mylla [254] ftóft, Mylluvað [255] vað og Myllugötur [256] leið

Við Þverá vestan megin í landi Áss var kornmylla [254].³⁹¹ Þar heitir Myllufoss og er hann merktur inn á örnefnakort ásamt myllutóft. Á kortinu sést einnig hvar Myllugötur liggja

³⁸⁵ Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1997, nr. 149:010; Rannveig Þórhallsdóttir, 2022a, nr. 149:010.

³⁸⁶ Ö-Ás, athugasemdir EE, 11.

³⁸⁷ Helgi Gíslason, 1974, 412.

³⁸⁸ Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1997, nr. 149:011; Rannveig Þórhallsdóttir, 2022a, nr. 149:011.

³⁸⁹ Ö-Ás, athugasemdir EE, 11.

³⁹⁰ Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1997, nr. 149:012; Rannveig Þórhallsdóttir, 2022a, nr. 149:012.

³⁹¹ Ö-Ás SE, 10.

norður frá bænum yfir Mylluvað á Svíná og í átt að myllunni.³⁹² Samkvæmt fornleifaskráningu stendur grjóthlaðin myllutóft, 1 x 2 m, enn frammi á fossbrún um 200 m ofan við mót Svínár og Þverár og einnig er varðveitt um 50 m löng aðleiðslureнна sem liggur úr ánni í mylluna og síðan hefur vatnið runnið áfram niður skorning í hyl neðan við fossinn. Þetta hefur verið dæmigerð íslensk vatnsmylla en þær voru mjög algengar á 19. öld. Til hliðar við myllutóftina er auk þess annað jafnstórt hólfið með greinilegri grjóthleðnum veggjum og auk þess liggur einföld grjóthleðsla úti á klettinum við fossinn.³⁹³ Greinilegar hestagötur liggja frá Mylluvaði [255] á Svíná að myllunni og í átt að Ási, væntanlega Myllugötur [256].³⁹⁴



Mynd 41. Jarðsjáin keyrð á túni Þingmúla.

³⁹² Ö-Ás kort.

³⁹³ Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1997, nr. 149:014.

³⁹⁴ Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1997, nr. 149:015/16.

Múli – Þingmúli

Jörðin er ýmist kölluð Múli eða Þingmúli og virðist með tímanum farið að kenna hana við þing á staðnum. Frá þingi er meðal annars greint í *Droplaugarsona sögu*: „Þorgrímr skinnhúfa bjó í Miðbæ í Norðrfirði. Kona hans var Rannveig brestingr. Hon var systir Þórdísar, er Þorsteinn átti, ok skyld Helga Droplaugarsyni. Hon bað um vórit á Múlaþingi Helga, frænda sinn, fara til fjárskiptis með þeim Skinnhúfu. Ok þat varð, at hann hét ferðinni.“³⁹⁵ Kirkja [131] í Þingmúla er nefnd um 1200 í skrá Páls Jónssonar biskups.³⁹⁶ Síðan er minnst á Þingmúla í máldaga Vallaneskirkjuárið 1471.³⁹⁷ Eignir kirkjunnar eru taldar upp í Stefánsmáldaga frá árunum 1491-1518,³⁹⁸ gengið var frá jarðarkaupum á Múla árið 1506³⁹⁹ og einnig var máldagi tekinn saman 1520 þegar Halldór Einarsson afhenti séra Jóni Guðmundssyni Múlastað.⁴⁰⁰ Árið 1541 var aftur skrifað undir samning um jarðakaup í Þingmúla⁴⁰¹ og 1570 var þar felldur dómur um tilkall Eydalakirkju á hendur erfingjum séra Konráðs Steingrímssonar.⁴⁰² Eignum Þingmúlakirkju er loks ýtarlega lýst í *Gíslamáldögum* 1570 og síðar.⁴⁰³

Í jarðabók 1696 taldist Þingmúli vera 11 hundruð að dýrleika en jarðarmat er ekki tiltekið í *Jarðatali Johnsens* 1847. Þar eru hins vegar taldar upp hjáleigurnar Borg, 7 hundruð, Stefánsstaðir, 3 hundruð, og Hátún, 2 hundruð, eftir eldri heimildum, og þess getið að einnig hafi verið til hjáleigan Hraungerði sem hvergi annars staðar getur um.⁴⁰⁴ Í lýsingu Suður-Múlasýslu árið 1840 kemur fram að þingstaður sé í Þingmúla.⁴⁰⁵ Í lýsingu Hallormsstaðar- og Þingmúlasókna árið 1874 segir séra Sigurður Gunnarsson á Hallormsstað að kirkjustaðurinn Þingmúli með fjórum hjáleigum sé metinn 60,7 hundruð. Hátún var byggt um 1840 en einungis búið þar í fáein ár en hin býlin voru enn í ábúð, Stephansstaðir byggðir um 1820-

³⁹⁵ *Íslensk fornrit* XI, 1950, 155-156.

³⁹⁶ *Íslenskt fornbréfasafn* XII, 1923-1932, 1, 4.

³⁹⁷ *Íslenskt fornbréfasafn* V, 1899-1902, 629-632.

³⁹⁸ *Íslenskt fornbréfasafn* VII, 1903-1907, 29.

³⁹⁹ *Íslenskt fornbréfasafn* VIII, 1906-1913, 119-120.

⁴⁰⁰ *Íslenskt fornbréfasafn* VIII, 1906-1913, 769-771.

⁴⁰¹ *Íslenskt fornbréfasafn* XII, 1923-1932, 89.

⁴⁰² *Íslenskt fornbréfasafn* XV, 1947-1950, 428-429.

⁴⁰³ *Íslenskt fornbréfasafn* XV, 1947-1950, 685.

⁴⁰⁴ Johnsen, 1847, 371.

⁴⁰⁵ Voigt, 2000, 273.

1825 og Vatnsskógar um 1860. Ekki kemur fram hvenær Borg byggðist.⁴⁰⁶ Séra Sigurður lýsir Þingmúlastað svona:

Staðurinn stendur austan undir Múlakollinum hjá Skriðdals- eða Múlaá, nærri yst á tungunni milli hennar og Geitdalsár, og á staðurinn alla tunguna milli ána inn á öræfi svo langt sem vötnum hallar til Skriðdals og þar að auki afréttarlandið inn frá, sem nefnist Víðirgróf, sunnan við Öxará eða Skriðdalsá, suður á há-Breiðdalsheiði og á fjöllin suðvestur af henni og eins norðaustur allt til Vatnsdalsár. [...] Víðlend jörð, en örðug [...] töluverður heyskapur en sumur langsóttur og með blettum víða um landið, einungis í Múlahlíðum báðumegin og inn í Geitdal sunnan megin, lítil nes og undirlendi með fram ánum. Landið er gott til málnytu og oft hagasælt á vetrum, hagkvisti mikið og víða. Árnar gjöra lítil landbrot en oft hlaupa smáskriður til skemmda úr fjallahlíðum í rigningum og leysingum. Afréttarlöndin eru mikil og góð. Skógur og víðir hefir samt eyðst mjög og fallið í landinu á seinni tíð [...].⁴⁰⁷

Jörðin er enn í byggð og var farið með jarðsjána yfir tún eins og unnt var. Vegna erfiðra skilyrða var þó ekki hægt að fara um allt þar sem tóftir eru sýnilegar á yfirborði.

Jarðsjármælingar sýndu mörg frávik en erfitt er að segja til um hvort þar séu mannvistarminjar af einhverju tagi eða jarðfræðileg fyrirbæri.



Mynd 42. Þingmúlatún séð ofan frá Þinghól. Jarðsjáin við mælingar vestan við túnhrygg með búðatóftum en erfitt var að koma henni við þar sem tóftirnar eru.

⁴⁰⁶ Sigurður Gunnarsson, 2000, 339, 344.


⁴⁰⁷ Sigurður Gunnarsson, 2000, 339.



Mynd 43. Þar sem hægt var koma jarðsjánni að mátti sjá greinilega skurði (innan rauða hringsins) en erfitt er að skera úr um hvort þeir séu manngerðir eða náttúrlegir.

Bær [130] bæjarstæði

Af heimildum að dæma hefur bær verið í Múla frá fyrstu öldum Íslands byggðar og má ætla að bæjarstæðið hafi verið á svipuðum slóðum frá upphafi eins og algengt var. Bærinn hefur verið bærilega byggður úr útlendum við árið 1874 því þá er tekið fram í sóknarlýsingu að svo hafi verið með flestalla bæi í sókninni en birkiraftur á fjárhúsum.⁴⁰⁸ Daniel Bruun sem kom við á jörðinni árið 1901 teiknaði mynd af bænum á vesturbakka Múlaár og fleiri byggingum og dró einnig upp kort af svæðinu þar sem mannvirki staðarins sjást.⁴⁰⁹ Staðsetningar eru svipaðar á túnakorti frá árunum 1918-1919.⁴¹⁰




Mynd 44. Teikning Daniel Bruun frá árinu 1901. V.m. sést Þinghóll en h.m. bæjarhús [130], kirkja [131] og kirkjugarður [132]. Heimreið liggur milli hólans og húsa og túnið er umgirt túngarði [1791-130] sem er í forgrunni.

⁴⁰⁸ Sigurður Gunnarsson, 2000, 347.

⁴⁰⁹ Bruun, 1987, 185.

⁴¹⁰ Túnakort Þingmúla, Skriðdalshreppi, Suður-Múlasýslu, 1918-1919.



Mynd 45. Túnakort Þingmúla frá 1918-1919.


Kirkja [131] og kirkjugarður [132]

Kirkja hefur verið komin í Þingmúla á 12. öld því hún er nefnd þegar um 1200 í kirknaskrá Páls.⁴¹¹ Næst kemur hún fyrir í *Stefánsmáldaga* 1491-1518 og átti þá heimaland allt, fimm kýr, 26 ær, kirkjukaleik, messuklæði og baksturjárn, auk þess sem átta bæir lágu undir hana.⁴¹² Við eigendaskipti Þingmúla árið 1520 hafa eignirnar nokkuð aukist en þá átti kirkjan fimm kýr og 36 ær, níu bækur (áður tólf), alfær messuklæði með silkihökli, önnur messuföt með vondum serk, fjórar „corporalia“ með einu húsi, tvo altarissteina, tvo kaleika, annan vondan, þrjá altarisbúninga, randadúk yfir sankti Ólafi og þrjá dúka yfir líkneskjum,

⁴¹¹ Íslenskt fornbréfasafn XII, 1923-1932, 1, 4.

⁴¹² Íslenskt fornbréfasafn VII, 1903-1907, 29.

kantarakápu vonda, glóðarker, baksturjárn, metaskálar, lítinn koparhjálrm, skrínn, tvo smelta krossa, þrjá trékrossa, líkneski Ólafs, Maríuskript, líkneski Andrésar og Þorláks, fimm klukkur, tvö merki, þrjú söngblöð, koparkross, tvo lektara og setustól.⁴¹³ Þegar *Gíslamáldagar* voru gerðir 1570 og síðar átti kirkjan á Múla heimaland allt, Skriðuland og Flögu, tvo hluti í Hvalnesi, reka á Ólafssandi, Bakkaland, Hallbjarnarstaði, skógarteig í Merkiárvíslum, timbur í Hallormsstaðarskógum hvert ár og sex kúgildi. Innanstokksmunir höfðu hins vegar heldur rýrnað og hefðu þurft endurnýjunnar.⁴¹⁴



Mynd 46. Kort Daniel Bruun af Þingmúlastað árið 1901.

Enn er talinn vera kirkjustaður að Þingmúla þegar sóknarlýsing var rituð árið 1874 en þar hafði þó verið prestslaust í sex ár og sókninni þjónað frá Hallormsstað. Kirkjan að Þingmúla

⁴¹³ Íslenzkt fornbréfasafn VIII, 1906-1913, 769-771.

⁴¹⁴ Íslenzkt fornbréfasafn XV, 1947-1950, 685.

var hins vegar betur rækt en kirkjan á Hallormsstað. Til Þingmúlakirkju lágu auk Þingmúla, jarðirnar Hallbjarnarstaðir með Víðilæk, Flaga, allar í Skriðdal, Krossanes við Reyðarfjörð í Hólmasókn, 2/3 úr Hvalnesi með hjáleigunum Heyklifi og Kömbum í Stöðvarfirði. Kirkjan hafði auk þess ítök í Ólafssandi, Klyptarsandi og víðar.⁴¹⁵ Þingmúlasókn var síðan formlega sameinuð Hallormsstaða- og Vallanessóknum um prest árið 1880 en nýr prestur, séra Páll Pálsson, sem fyrstur kenndi heyrnleysingjum hérlandis, kom þó til starfa í Þingmúla 1881 og stóð að byggingu nýrrar kirkju 1886.⁴¹⁶ Þá kirkju teiknaði Daniel Bruun ásamt kirkjugarðinum í heimsókn sinni árið 1901 og staðsetningar sjást líka á túnakorti 1918-1919.⁴¹⁷ Sameiningin sóknanna kom ekki til fullrar framkvæmdar fyrr en 1892 þegar séra Magnúsi Blöndal Jónssyni þáverandi Þingmúlapresti var veitt Vallanes og fluttist þangað. Síðan hefur Þingmúlasókn verið þjónað þaðan en kirkja séra Páls stendur enn í Þingmúla.⁴¹⁸

Þinghóll – Beljandi, þingstaður og Beljandahús [1791-63] fjárhús og Goðatættur – Goðasteinn [1791-62/131] rétt

Múlaþing er nefnt í *Droplaugarsona sögu* og þing er haldið í Múla samkvæmt fornbréfum frá 16. öld. Engar heimildir eru um upphaf Múlaþings en sú skoðun hefur orðið almenn að Sunnudalsþing í Vopnafirði og Kiðjafellsþing á Héraði, hafi verið flutt að Múla og sameinuð í Múlaþing. Þetta kemur meðal annars fram í lýsingu á Þingmúlasókn árið 1843.⁴¹⁹ Í lýsingu Hallormsstaða- og Þingmúlasókna árið 1874 segir síðan séra Sigurður Gunnarsson á Hallormsstað:

Heima í Þingmúlatúni upp af bænum eru tvær fornar tóftir allstórar sem heita „Goðatóftir“ og túnpartur umhverfis „Goðatún“. Norður af tóftinni efri er stórt bjarg upp úr túninu, sem heitir „Goðasteinn“. Þar norður af er hár hóll stór að ummáli, aflangur og rúmmikill uppi. Hann nefna sumir Þinghól (sumir og það oftast Beljanda því þar er stormsamt). Geta verið upp á honum 2-400 manns. Hvergi sér þar dómhrings merki. En hann getur einkum verið hafa á hærstu bingu hólsins. Þar er nú fjárhús og hlaða. Allur er hóllinn nú fallett tún.⁴²⁰

⁴¹⁵ Sigurður Gunnarsson, 2000, 345-346, 348.

⁴¹⁶ Jón Hrólfsen, 1975, 97; Þingmúlasókn.

⁴¹⁷ Bruun, 1987, 185; *Túnakort Þingmúla, Skriðdalshreppi, Suður-Múlasýslu*, 1918-1919.

⁴¹⁸ Jón Hrólfsen, 1975, 97; Þingmúlasókn.

⁴¹⁹ Engilbert Þórðarson, 2000, 323.

⁴²⁰ Sigurður Gunnarsson, 2000, 350.

Eins og Kálund segir bendir þó fátt annað en nafnið til þess að þingstaður hafi verið á þessum tilkomumikla hól. Engin skýring er á því, að hluti af túninu heiti Goðatún, en tvær gamlar tóftir þar heita Goðatóftir, en Goðasteinn stór klettur þar í nánd.⁴²¹

Sigurður Vigfússon sem kannaði svæðið árið 1890 nefnir líka Goðastein, stóran jarðfastan klett við túngarðinn efst í Þingmúlatúni og tiltekur auk þess 11 tóftir sem hann taldi hugsanlega vera af búðum tengdum þingstaðnum en honum þóttu þær líkar öðrum tóftum sem hann hafði rannsakað á fornum þingstöðum.⁴²² Daniel Bruun teiknaði árið 1901 bæði Þinghólinn með tóft og 4-9 ógreinilegar búðatættur sem hann taldi sig sjá.⁴²³

Í örnefnalýsingu segir:

Nú liggur vegur inn og upp Dæld á milli rústar í hól að vestan og Beljanda að austan. Beljandi er geysimikill hól með staksteinum og hefur sennilega verið þinghóll í Þingmúla. Hóllinn fyrir vestan dældina er fullur af bæjartættum og friðlýstur. Aðrar tættur eru líka fram og niður af honum fyrir innan kirkjugarð. Goðasteinn stendur í túnjaðri fyrir vestan veg; fram af honum eru tættur, sem líta út eins og réttartættur, en heita Goðatættur. Milli Goðasteins með sínum tættum og hólans með bæjartættunum heitir Goðatún.⁴²⁴

Enn fremur:

Utan við bæ er stór hól, staksteinóttur, sem heitir Beljandi og nær þvert yfir túnið. Framan í hólum var fjárhús, kallað Beljandahús. Þar voru einnig fornar rústir, sem Einar [Ólason heimildarmaður] álitur að séu búðatóttir. [...] Framan við Beljanda er lægð, kölluð Dæld. Innan við hana er Fjósatunga. Eftir Fjósatungu liggur nú vegur að bænum. Ofan við Fjósatungu eru fornar rústir, innan við veg. Þær heita Goðatættur. Þar er nú stór steinn, kallaður Goðasteinn.⁴²⁵

Goðasteinn og Goðatættur eru sýnd á örnefnakorti sunnan við hólinn Beljanda og austan í honum er merktur inn dómhringur.⁴²⁶

Fornleifaskráning Guðnýjar og Bryndísar Zoëga í Þingmúla árið 2015 staðfestir að efst á Þinghól sjást einungis leifar yngri útihúsa og óljós veggjabrot eða minjar um seinni alda

⁴²¹ Kálund, 1986, 37-38.

⁴²² Sigurður Vigfússon, 1893, 34.

⁴²³ Bruun, 1974, 185.

⁴²⁴ Ö-Þingmúli SE, 1-2.

⁴²⁵ Ö-Þingmúli EE, 1.

⁴²⁶ Ö-Múlastekkur og Þingmúli kort.

búskap á jörðinni. Fjárhústóftin Beljandahús [1791-63] sem gæti verið frá 19. öld miðað við sóknarlýsingu séra Sigurðar Gunnarssonar er þrískipt, 9 x 18 m að utanmáli, með stefnu norðaustur – suðvestur, veggir grjóthlaðnir upp í 0,5-1,8 m hæð, mest 1,5 m breiðir. Hleðslur eru sýnilegar bæði í fjárhúsinu sjálfu og hlöðunni við suðurgafli og inngangur er norðan megin þar sem einnig er lítið hólfi.⁴²⁷ Goðatættarnar [1791-62] dularfullu eru hins vegar frá tvískiptri réttartóft, um 20 x 20 m að utanmáli, veggir 0,2-0,6 m háir og 2-3 m á breidd, ekkert hlið sýnilegt. Goðasteinn [1791-131] er stórt jarðfast bjarg í vesturvegg hennar.⁴²⁸



Mynd 47. Minjar í nágrenni Þingmúlabæjar.

⁴²⁷ Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga, 2016, nr. 1791-63.

⁴²⁸ Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga, 2016, nr. 1791-62/131.

Túngarður [1791-130] garðlag

Á teikningum Daniel Bruun frá 1901 má sjá túngarðinn sem liggur umhverfis túnið á Þingmúla vestan megin og utan með Þinghól að norðan.⁴²⁹ Hluti þessa túngarðs var mældur upp vestan við rétt eða Goðatættur [1791-62] við fornleifaskráningu 2015. Hann er varðveittur í tveimur hlutum, alls 48 m langur og nær mest 1 m á bæði hæð og breidd. Garðurinn hefur legið í boga vestur fyrir Þinghól og einnig til austurs inn heimatúnið.⁴³⁰

Þingbúðir? [1791-54/55/56] tóftir

Með vísun til athugana Sigurðar Vigfússonar árið 1890 og Daniels Bruun árið 1901 voru tóftirnar sem þeir rannsökuðu friðlýstar árið 1931: „Þingmúli. Fornar þingbúðatóftir, sem eru víða um túnið. Sbr. Árb. 1893: 34; Bruun 1928: 104-105. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 26.01.1931.“⁴³¹ Við fornleifaskráningu 2015 segja Guðný og Bryndís Zoëga: „Á ásnum sunnan kirkjunnar er [...] að finna röð tófta“ og eru þrjár þeirra „vel glöggar, veggjabreiðar og jarðsokknar. Sunnan þeirra eru seinni tíma útihúsatóftir en suður eftir túninu má sjá röð 5-6 dælda sem mögulega eru tóftir sem hafa verið sléttaðar. Þessi fjöldi tófta er nokkurn veginn sambærilegur við það sem Sigurður Vigfússon taldi upp 1893.“⁴³² Tóftirnar liggja í röð suðaustur frá Þinghól, vestan og sunnan við bæinn og kirkjugarðinn og mældu Guðný og Bryndís þær upp. Samkvæmt þeim eru þarna í túninu næst Þinghól, 8-10 m suðaustur af heimreið og 30-35 m vestur af kirkjunni, tvær tóftir með stefnu norðvestur suðaustur. Sú eystri [1791-54] er 8 x 13 m að utanmáli, veggir ávalir, 0,3-0,5 m á hæð og um 1,5 m á breidd. Dyr hafa verið til austurs.⁴³³ Vestan við þessa tóft er önnur tvískipt tóft [1791-55], 9 x 11 m að utanmáli, veggir 0,4 m á hæð að innanverðu en lægri að utan, veggjabreidd um 2 m, inngangur hugsanlega á suðvesturhorni. Báðar þessar tóftir eru algrónar grasi.⁴³⁴ Beint suðaustur af vestri tóftinni er dæld og síðan þriðja tóftin [1791-56], tæplega 8 x 11 m að

⁴²⁹ Bruun, 1987, 185.

⁴³⁰ Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga, 2016, nr. 1791-130.

⁴³¹ *Skrá um friðlýstar fornleifar*, 1990, 43.

⁴³² Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga, 2016, 33.

⁴³³ Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga, 2016, nr. 1791-54.

⁴³⁴ Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga, 2016, nr. 1791-55.

utanmáli og nánast sporöskjulaga, jarðsokknir veggir 0,1-0,3 m á hæð og 1,5 m á breidd. Hún snýr í suður og gætu dyr hafa verið þeim megin.⁴³⁵

Hlaða [1791-57] tóft

Austan við sporöskjulaga tóftina tekur við náttúrulegur hryggur í túninu og liggja fleiri tóftir eftir honum. Þá nyrstu hefur Daniel Bruun merkt sem hlöðutóft á korti sínu. Á örnefnakorti eru Fjóshóll og Hlöðuhóll sýnd þarna í túninu vestan og sunnan við kirkjugarðinn og í örnefnalýsingu segir: „Framan við bæ er Hlöðuhóll, þar eru líka gamlar rústir.“⁴³⁶ Ein af tóftunum, sú sem er nyrst á túnhryggnum, þ.e. hlaðan sem Bruun teiknaði, var skráð sem útihús árið 2015. Hún er tvískipt með stefnu norður – suður, mjög gróin.⁴³⁷

Þingbúð? [1791-129]

Á hryggnum beint suður af hlöðutóftinni [1791-129] er ógreinileg tóft með jarðsokknum veggjum og óljósum útbrúnum nema að austanverðu. Hún er um 8 x 8 m og virðist opnast norður, veggjahæð mest 0,3 m og veggjabreidd 1,5 m.⁴³⁸

Þingbúðir? [1791-58] dæld og [1791-59] og [1791-60/61] dældir

Í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* árið 1893 lýsir Sigurður Vigfússon mjög ógreinilegum tóftum: „Suðr eftir háhrygg túnsins sýnast hafa verið fjórar tóftir (4-7), hver niðr undan annarri, en þær eru svo fornlegar og aflagðar, að þær verða með engu móti mældar [...]“.⁴³⁹ Við fornleifaskráningu árið 2015 voru þarna þó mæld fjögur mannvirki, sunnan við ógreinilegu jarðsokknu tóftina [1791-129]: nokkrar dældir og þúst sem líklega eru sömu minjar og Sigurður lýsti. Þær nyrstu virðast auk þess vera á korti Daniel Bruun: tvær dældir [1791-58], 3 x 7,5 m og 3 x 4 m á stærð, báðar um 0,1 m á dýpt⁴⁴⁰ og suðaustan við þær gróin tóft eða þúst [1791-59], með stefnu norður – suður, 4 x 9 m að utanmáli, útbrúnir um 0,1 m á

⁴³⁵ Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga, 2016, nr. 1791-56.

⁴³⁶ Ö-Þingmúli EE, 2; Ö-Múlastekkur og Þingmúli kort.

⁴³⁷ Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga, 2016, nr. 1791-57.

⁴³⁸ Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga, 2016, nr. 1791-129.

⁴³⁹ Sigurður Vigfússon, 1893, 34.

⁴⁴⁰ Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga, 2016, nr. 1791-58.

hæð, innbrúnir ógreinilegar nema til suðurs.⁴⁴¹ Sunnan við hana er þriðja ógreinilega dældin [1791-60], um 3 x 4 m að stærð og mest 0,1 sm djúp.⁴⁴² Enn sunnar og suður undir túnhryggnum eru loks tvær grasi grónar dældir [1791-61] í viðbót, samhliða, um 0,1-0,15 sm djúpar og samanlagt 5 x 7 m að utanmáli.⁴⁴³ Útbrúnir sjást ekki á þessum þremur syðstu dældum og við fornleifaskráningu 2015 var ekki talið fullvíst hvort þarna væru mannvirkjaleifar.

Mógrafir – Svarðargrafir [133] heimild

„Mógrafir voru framan í túni, nú sléttaðar“, samkvæmt örnefnalýsingu.⁴⁴⁴ Eða: „Framan og ofan (vestan) við Hlöðuhól voru Svarðargrafir, nú sér þeirra engin merki.“⁴⁴⁵ Á örnefnakort eru merktar inn Svarðargrafir.⁴⁴⁶

Melhús – fjárhús [134] heimild

„Melhús eru fjárhús fremst í Þingmúlatúni. [...] Út og niður af Melhúsum var Marteinsvað á ánni“, þ.e. Múlaá.⁴⁴⁷ Melhús eru merkt inn á örnefnakort.⁴⁴⁸

Garðar [135] [136] og [137] heimild

Á uppdrætti Daniels Bruun frá 1901 eru sýndir þrír garðar á vesturbakka Múlaár. Einn þeirra er alveg upp við bæinn og sést líka á túnakorti frá 1918-1919. Hinir eru nokkru sunnar.

Hesthús – Hesthúsmell [138] heimild

„Framan við Goðatættur var Hesthús, ofan við það er Hesthúsmell (utan girðingar). Á Hesthúsmel er tveir steinar, annar stór, en hinn lítill, þeir heita Dvergur og Dyrgja.“⁴⁴⁹ Hesthúsmell sést á örnefnakorti.⁴⁵⁰

⁴⁴¹ Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga, 2016, nr. 1791-59.

⁴⁴² Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga, 2016, nr. 1791-60.

⁴⁴³ Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga, 2016, nr. 1791-61.

⁴⁴⁴ Ö-Þingmúli SE, 1.


⁴⁴⁵ Ö-Þingmúli EE, 2.

⁴⁴⁶ Ö-Múlastekkur og Þingmúli kort.

⁴⁴⁷ Ö-Þingmúli SE, 1.

⁴⁴⁸ Ö-Múlastekkur og Þingmúli kort.

⁴⁴⁹ Ö-Þingmúli EE, 2.



Mynd 48. Yfirlitskort sem sýnir minjar á Þingmúla.

Múlarétt gamla [139] og nýja [140] heimild

„Leirvöllur heitir norðan við Þingmúla við Geitdalsá, fyrir innan Eyrar. Þar heitir Bergshylur í Geitdalsá. Þar er lögrétt fyrir Múlaafrétt, nú aflögð.“⁴⁵¹ Miðað við lýsinguna er þetta Múlaafrétt gamla sem sést norðvestan við Þingmúla á örnefnakorti en sunnan hennar er Múlaafrétt nýja.⁴⁵²


⁴⁵⁰ Ö-Múlastekkur og Þingmúli kort.

⁴⁵¹ Ö-Þingmúli SE, 2.

⁴⁵² Ö-Múlastekkur og Þingmúli kort.

Urðarstekkur [141] heimild

„Austan í Urðarhrauni er Urðarstekkur með greinilegum tættum. Urðarhraun nær upp að Rauðuskriðubotnum.“⁴⁵³ Á örnefnakorti er stekkurinn allnokkuð sunnan við Þingmúlatún en vestan við aðalgötu.⁴⁵⁴



Mynd 49. Kort sem sýnir minjar kringum Strandarhús og Hlíðarsel.

Strandarhús [1791-66] beitarhús

„Fyrir innan girðingu á móti Þorvaldsstöðum heita Steinar, eftir stórum steinum sem þar falla úr Múlakollinum. [...] Fyrir innan steina eru Strandarhús, beitarhús til 1940“ og má sjá

⁴⁵³ Ö-Þingmúli SE, 2.

⁴⁵⁴ Ö-Múlastekkur og Þingmúli kort.

staðsetningu þeirra á örnefnakorti, á austurbakka Geitdalsár, rétt neðan við gamla götu.⁴⁵⁵

Þetta er sunnan megin í landi Þingmúla, vestur undir Múlakolli. Þarna voru mæld upp beitarhús við fornleifaskráningu árið 2015, um 25 m neðan við vegarslóða sem liggur inn dalinn, rúmlega 2,2 km suðvestur af Þingmúla. Þetta eru tvö samföst samhliða hús sem snúa í vestur að ánni og dyr á báðum, steiptir garðar liggja eftir þeim endilöngum og samföst hlaða er austan megin. Veggir eru 0,5-1,5 m á hæð og allt að 2 m á breidd. Tóftirnar er mjög yfirgrónar grasi en glittir þó í grjóthleðslur í veggjunum.⁴⁵⁶ Rúmlega 10 m sunnar virðist vera minni tóft, 4 x 5 m að utanmáli, veggir um 0,3 á hæð. Hún er algróin og mjög þýfð og því erfitt að greina lögun hennar; mögulega gæti verið um náttúrulegt fyrirbæri að ræða.⁴⁵⁷ Þessi tóft er yngri en sú syðri.

Hlíðarsel [142] beitarhús

Hlíðarsel er samkvæmt örnefnalýsingu og korti nokkru sunnar en Strandarhús: „Innan við Strandarhús eru Harðvellisbakkar, þar niðri við á er Kjóaeyri. Innan við hana er Rauðisandur. [...] Innan við Rauðasand er Hlíðarsel. Þar er skógur, þar sést móta fyrir tóttum. Lækir eru í kringum Hlíðarsel.“⁴⁵⁸ Nafnið bendir til að þarna hafi verið seljabúskapur en talað er um „gamlar sel- eða beitarhúsrústir, kallaðar Hlíðarsel [...], framan í grasi vöxnum hól.“⁴⁵⁹ Á örnefnakorti er Hlíðarselshóll merktur inn hjá selinu sem er rétt ofan við götu austan við Geitdalsá og rennur Hlíðarselslækur sunnan við það niður í ána.⁴⁶⁰

Á þessum slóðum í aflíðandi halla og ofan vegarslóða sem liggur inn dalinn var skráð gömul tóft af einföldu beitarhúsi eða fjárhúsi í aflíðandi halla ofan vegarslóða árið 1915. Hún er um 7 x 19 m að utanmáli, veggir 0,4-0,6 m á hæð og 1,5 m á breidd, algrónir grasi. Garði liggur eftir tóftinni miðri og heytóft er við norðurenda. Stefnan er norður – suður og inngangur við suðurhorn snýr að götunni og ánni.⁴⁶¹ Neðan vegar, um 20 m vestan við beitarhúsatóftina, er

⁴⁵⁵ Ö-Þingmúli SE, 3; Ö-Múlastekkur og Þingmúli kort.

⁴⁵⁶ Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga, 2016, nr. 1791-66.

⁴⁵⁷ Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga, 2016, nr. 1791-67.

⁴⁵⁸ Ö-Þingmúli SE, 3.

⁴⁵⁹ Ö-Þingmúli EE, 3.

⁴⁶⁰ Ö-Múlastekkur og Þingmúli kort.

⁴⁶¹ Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga, 2016, nr. 1791-68.

heytóft, 2,5 x 3,5 m að utanmáli, veggir 0,2-0,4 m á hæð og mest 1 m á breidd, grónir grasi og mosa. Tóftin snýr í suður og opnast í sömu átt.⁴⁶²

Sel í Geitdal [143] heimild

Samkvæmt sóknarlýsingu árið 1874 var frá Þingmúla stundum „haft í seli inn í Geitdal, skammt út frá Bjarnastöðum“ því þar var „land betra en heima og fjarri staðnum.“⁴⁶³

Samantekt

Rannsóknin nær yfir sex jarðir á Austurlandi þar sem kirkjur hafi staðið í aldanna rás: Valþjófsstað, Arnheiðarstaði, Víðivelli ytri, Skriðu, Ás og Þingmúla. Heimildir og fornleifarannsóknir benda eindregið til þess að jarðirnar hafi byggst mjög snemma, sumar þegar við landnám, og á þeim öllum hefur verið samfelld byggð fram á þennan dag. Kirkjur eða bænhús hafa verið á jörðunum en vægi þeirra hefur verið misjafnlega mikið og mismunandi er hve lengi þær hafa verið reknar.

Valþjófsstaður

Valþjófsstaður er víðáttumikil jörð á góðum stað sem virðist hafa byggst fljótlega eftir landnám. Ætla má að bæjarstæðið hafi alla tíð verið á svipuðum slóðum og geymir gamli bæjarhóllinn [300], um 40 x 70 m á stærð, varðveittur skammt norðan við Valþjófsstað II, vafalaust langa sögu. Stór og mikill skáli sem Íslendingasagnahetjan Þórður hreða er sagður hafa smíðað á 10. öld á að hafa staðið á jörðinni í allt að 800 ár og í 350-400 m fjarlægð frá bæjarhólnum fannst kuml [318] á fyrri hluta 19. aldar. Á Valþjófsstað var byggð glæsileg timburkirkja á 12. öld sem hugsanlega hefur staðið fram á 18. öld og fræg er Valþjófsstaðarhurðin sem á tímabili var á kirkjunni og mögulega áður á skálanum en er nú varðveitt í Þjóðminjasafninu. Nánast frá upphafi virðist hafa verið mikilvægt valdasetur á jörðinni og hún hefur haldið lykilstöðu sinni fram eftir öldum. Valþjófsstaðarkirkja átti

⁴⁶² Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga, 2016, nr. 1791-69.

⁴⁶³ Sigurður Gunnarsson, 2000, 342.

einungis hálfland fram til ársins 1306 en eignaðist þá alla jörðina og varð formlegur kirkjustaður. Eftir þetta, ef ekki fyrr, hefur kirkjan á Valþjófsstað verið höfuðkirkja svæðisins.

Hin forna kirkjubygging [301] stóð upp við bæ og enn sjást þar greinileg ummerki um kirkjugarðinn [302]. Þegar ný kirkja [304] var byggð árið 1888 var kirkjustæðið hins vegar flutt um 140 m austar, nær núverandi þjóðvegi, og einnig gerður nýr kirkjugarður [305]. Efsti hluti þessa garðs hefur að mestu verið sléttaður en við jarðsjármælingar greindust fjölmargar grafir undir yfirborði þar. Með góðum árangri var farið með jarðsjá um allt svæðið milli Valþjófsstaðar I og II. Auk grafanna fundust meðal annars túngarður og mannvirki eða tóftir í miðju túni á stað þar sem ekki var áður vitað um fornleifar.

Arnheiðarstaðir

Arnheiðarstaðir hafa sennilega líka byggst snemma eða fljótlega eftir landnám en í bæjarstæðinu þar hafa fundist fornir gripir sem gætu verið úr kumli og leynast mögulega fleiri minjar í jörð. Kuml voru yfirleitt í námunda byggðar en nokkuð frá bæ þannig að fundurinn gefur mögulega vísbendingu um að bæjarstæðið hafi fyrstu aldirnar verið annars staðar. Líklega hefur hann þó lengi verið þar sem hann er nú. Heimildir um kirkju á Arnheiðarstöðum eru hins vegar rýrar en frá lokum 14. aldar eru þeir ítrekað kallaðir „Kristfjárljörð“ og höfðu þá greinilega verið gefnir Kristi til fátækraframfærslu í hreppnum. Kirkjulegir munir eru tilgreindir í máldaga árið 1570 en kirkja er þó hvergi nefnd fyrr en í sóknarlýsingu árin 1840-1841 þar sem kemur fram að „aftekið bænhus“ var á jörðinni. Miðað við það er sjálf byggingin enn uppistandandi um miðja 19. öld og virðist sennilegt annexía eða bænhus hafi verið á Arnheiðarstöðum á miðöldum, að minnsta kosti frá 14. öld og fram yfir siðskipti og kannski lengur. Nákvæm staðsetning þess er enn óþekkt en ætla má að það hafi verið í eða við kirkjugarðinn eða þar sem síðar hefur verið skrudgarður [202] með legsteini [203]. Samkvæmt ábúanda fannst höfuðkúpa barns þegar grafið var neðan garðsins og einnig eru sagnir um að áður hafi fundist mannabein á Arnheiðarstöðum. Við jarðsjármælingar var að vísu ekki hægt að greina minjar á svæðinu sem gátu staðfest þetta en hins vegar fannst forn garður, líklega túngarður.

Víðivellir ytri

Búseta hefur líka verið á Víðivöllum ytri frá fyrstu öldum eða að minnsta kosti frá miðöldum og er gamli bæjarhóllinn [100] enn mjög greinilegur vestan núverandi íbúðarhúss. Útkirkja var risin þar í lok 14. aldar en virðist hafa verið lögð niður á seinni hluta 16. aldar. Hún stóð þó áfram uppi í rúmlega öld og síðast er þess getið árið 1702 að þar átti að fremja messu.

Þessi kirkja hefur líklega verið staðsett norðan bæjarhólsins, hjá kirkjugarðinum [103].

Ummerki um hann eru ekki sýnileg á yfirborði en fundist hafa mannabein sem gefa vísbendingu um staðsetninguna. Við jarðsjármælingar fannst á þessum slóðum ferhyrnt mannvirki, um 30 x 10 m að stærð, á 50-100 sm dýpi. Ekki er á þessu stigi unnt að segja nánar til um gerð mannvirkisins en áhugavert er að það skuli hafa greinst á svæði þar sem kirkjugarðurinn er talinn hafa verið. Jarðsjármælingar sýndu annars að mestöllu túninu hefur verið raskað á seinni tímum, meðal annars af frárennslisskurðum.

Skriða – Skriðuklaustur

Jörðin Skriða hefur líklega byggst þegar við landnám en þar hefur fundist fornt bæjarstæði [401] sem var komið úr ábúð alllöngu áður en Heklugjóskan féll árið 1158. Fannst það við forkannanir fornleifarannsóknarinnar á Skriðuklaustri sem hófst árið 2000, undir klausturgarðinum [404]. Við jarðsjármælingar í sumar var þetta svæði kannað sérstaklega og greindist þá áður óþekkt stétt og bygging í jörð suðaustan við stæði Skriðuklausturs [405] og gætu þær minjar mögulega tengst fornbænum. Annað gamalt bæjarstæði [400] á Skriðu hefur þó verið fast vestan við Gunnarshús en þar hafa líka fundist mannvistarminjar sem benda til samfelldrar fastrar búsetu, jafnvel frá landnámi til 20. aldar. Bæjarstæðið virðist því lengst af hafa verið á þessum stað og er athyglisvert að fornleifarannsóknir vitni um tvö bæjarstæði á Skriðu á fyrstu öldum. Ritheimildir um byggð á jörðinni eru rýrar framan af eða þangað jörðin var gefin til klausturs sem var síðan formlega stofnað árið 1493. Eftir það jukust umsvifin svo um munaði og jörðin kemur oft fyrir í heimildum. Rekstur klaustursins stóð einungis í tæplega sex áratugi en þar var síðan aðsetur sýslumanna og áfram stórbýli fram á 20. öld.

Klaustrið sjálft var rannsakað vandlega árin 2000-2012 ásamt þeim byggingum sem því fylgdu og reyndust þær í heild ná yfir um 1500 fm svæði. Klausturgarðurinn var jafnframt kirkjugarður og fundust þar 295 grafir, sennilega flestar frá tíma klaustursins en einhverjar

mögulega yngri. Klausturkirkja [403] hefur verið byggð á sama tíma og klaustrið en var áfram í notkun sem annexía frá Valþjófsstað eða Ási í Fellum fram á 17. öld. Eftir það var minni kirkja byggð á grunni hennar og rekin til ársins 1792. Heimildir frá 16. og 17. öld geta auk þess um heimakirkju [402] á Skriðu sem hefur þá ef til vill verið staðsett heima við bæinn. Þegar þarna var komið virðist hún þó hafa verið notuð sem geymsla og árið 1677 var hún horfin. Hugsanlega hefur heimakirkjan verið eldri en klausturkirkjan og þá notuð meira fyrir tíma klaustursins en það eru þó getgátur. Túlkun á niðurstöðum jarðsjármælinga á að mestu leyti eftir að fara fram en allt svæðið milli Gunnarshúss og stæði hinna fornu klausturbygginga reyndist mjög raskað af lögnum.

Ás

Jörðin Ás kemur snemma fyrir í heimildum og er líklega gömul. Bæjarstæðið [230] hefur örlítið flust til á 20. öld en sléttað hefur verið úr eldri bæjarrústum og vaxa tré þar sem bærinn stóð. Jarðarinnar er einkum getið í tengslum við ýmis konar kaupsamninga og kirkjuna [232] sem hefur verið byggð þar fyrir 1200. Áskirkja var helguð Maríu mey í kaþólsku og hélt velli eftir siðskiptin, virðist hafa verið ágætlega efnuð og átti dýrgrip, enda bændakirkja allt til ársins 1662 en þá var hún gefin kirkjunni. Kirkjan hefur verið endurbyggð nokkrum sinnum á sama grunni og gæti hafa staðið þar frá upphafi. Ekki er lengur búið á jörðinni en hún er nytjuð og kirkjan er enn í notkun. Kirkjugarðurinn [233] hefur mögulega færst til því á ljósmynd frá árinu 1866 sést að á þeim tíma var hann ekki sunnan kirkjunnar eins og núna. Heimamenn telja að vísu að garðurinn hafi verið hækkaður og grafir geti leynst neðar en það er óstaðfest. Við mælingar með jarðsjá fengust áhugaverðustu niðurstöðurnar frá svæðinu á hálsi austan núverandi kirkju en þar mátti greinilega sjá tvö tengd mannvirki eða húsatóftir á 40-60 sm dýpi, annað um 30 x 14 m en hitt 12 x 8 m. Þarna var ekki vitað um minjar áður og ekkert sýnilegt á yfirborði.

Múli – Þingmúli

Múli hefur eins og hinar jarðirnar sennilega byggst snemma. Fornsögur greina frá þingi þar sem kennt var við jörðina og kallað Múlaþing. Síðar var svo jörðin kennd við þingið og nefnd Þingmúli og í heimildum kemur hún fyrir í tengslum við kaupsamninga og dómsmál. Hvergi er þó sagt frá upphafi Múlaþings en hefð hefur skapast fyrir því að rekja það til sameiningar

Sunnudalsþings í Vopnafirði og Kiðjafellspings á Héraði og þá gert ráð fyrir að nýtt þing hafi verið stofnað í Múla. Það er þó einkum nafnið sem ber þinginu vitni en það breytist með tímanum í Þingmúla. Auk þess er mikill hóll hjá bænum stundum nefndur Þinghóll og á hið forna þing að hafa farið fram þar. Þingminjar finnast ekki á hólnum sjálfum en átta tóftir sem liggja á hálsi suðvestur frá honum gætu huganlega verið frá fornum þingbúðum [1791-54/55/56/129/58/59/60/61]. Aðrar minjar í túninu og á hólnum sem raktar hafa verið til þinghaldsins eru hins vegar frá útihúsum [1791-63/57] og rétt [1791-62/131].

Kirkja er risin í Múla árið 1200 og er oft nefnd eftir það. Hún á allmiklar eignir og sat prestur á staðnum til ársins 1892. Kirkjan hefur verið endurbyggð í aldanna rás og þá ef til vill á sama grunni og gæti kirkjugarðurinn verið mjög gamall. Ný kirkja var byggð á staðnum árið 1886 og stendur hún enn.

Minjarnar í túni Þingmúla eru afar áhugaverðar en því miður var ekki hægt að koma jarðsjánni að þar sem þær sjást á yfirborði. Ýmislegt mátti þó sjá en á þessu stigi er óljóst hvort um mannvistarminjar eða náttúruleg fyrirbæri sé að ræða.

Fjölbreyttar minjar

Auk fornra bæjarstæða og kirkna eru á þessum sex jörðum margvíslegar minjar um húsdýrahald, matjurtarækt, seljabúskap og hjáleigubýggð gegnum aldirnar og eru þær þó ekki allar taldar hér. Sérstaka athygli vekja vatnsmyllur til kornmölunar á fjórum af jörðunum en myllur urðu algengar um allt land á 19. öld og virðast hafa varðveist vel á Austurlandi. Annað sem einkennir svæðið eru ýmis konar áveituskurðir og einnig er greint frá brúm og allnokkrum vöðum sem markast af legu jarðanna og nálægð við stórfljót og ár. Allar þessar minjar hafa verið kortlagðar og eru sýndar á minjakortum.

Jarðsjármælingar og vinna framundan

Stór hluti rannsóknarinnar í sumar fólst í mælingum með jarðsjá á vettvangi og frá aðferðafræðilegu sjónarhorni eru niðurstöður frá jörðunum sex framar öllum væntingum. Ekki var alls staðar hægt að koma jarðsjánni við en þar sem það tókst reyndist hún einstaklega vel til mælinga á þeim gerðum jarðvegs sem kom fyrir. Svarmerki voru góð, djúpskyggni skýrt og greinileg andstæða milli þess og mannvirkja í jörðinni. Aðferðin var þess vegna áhrifarík til


að leita uppi minjar undir yfirborði. Til að gefa dæmi um áhugaverð mannvirki og minjar sem fundust með jarðsjánni hafa nokkrar niðurstöður verið tilgreindar hér en þetta er þó einungis örlítið brot af því sem kom fram og vafalaust á fleira eftir að koma í ljós. Framundan er því mikil vinna við að túlka og vinna úr þeim gögnum sem safnað var við jarðsjármælingarnar og mun kortlagning minjanna í þessari greinargerð þá koma að góðum notum.

Reykjavík 23. september 2022

Undirskrift umsjónarmanns:

Unnur Birna Karlsdóttir

Undirskrift nemanda:



Rúna K. Tetzschner

Heimildir

Rit

Adolf Friðriksson. (2001). *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka*. FS135a-00061. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ágúst Sigurðsson. (1967). Valþjófsstaður í Fljótsdal: Gripið niður í kirkjusögu fram til 1789. *Múlaþing: Rit sögufélags Austurlands*, 2, bls. 26-50.

Ágúst Sigurðsson. (1979). *Forn frægðarsetur – í ljósi liðinnar sögu* (II). Reykjavík: Örn og Örlygur.

Ásta Hermannsdóttir, Steinunn Kristjánsdóttir og Una Helga Jónsdóttir. (2010). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir sumarbústaðabyggð í landi Víðivalla ytri í Fljótsdalshreppi*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.

Björn Magnússon Ólsen. (1884). Valþjófsstaðahurðin. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 4, bls. 24-37.

Bruun, Daniel. (1974). Við norðurbrún Vatnajökuls. *Múlaþing: Rit Sögufélags Austurlands*, 7, bls. 159-195.

Bruun, Daniel. (1987). *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár* (I). Reykjavík: Örn og Örlygur.

Brynjúlfur Jónsson. (1906). Rannsókn í Norðurlandi sumarið 1905. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 21, bls. 1-27.

Conyers, L. B. (2004). *Ground-Penetrating Radar for Archaeology*, Walnut Creek, CA: AltaMira Press.

Conyers, L. B. (2012). *Interpreting Ground-penetrating Radar for Archaeology*. Walnut Creek, CA: Left Coast Press, Inc.

Einar Laxness. (1998). *Íslands saga*. (II, 2. útgáfa). Reykjavík: Vaka-Helgafell. (Upphaflega gefið út 1995).

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson. (2005). *Fornleifaskráning á Valþjófsstað á Fljótsdal*. FS290-05111. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Stefán Ólafsson, Sædís Gunnarsdóttir og Uggi Ævarsson. (2008). *Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi: Skriðuhreppur*. (I). FS370-04071. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Engilbert Þórðarson. (2000). Þingmúlasókn 1843. (ÍB 18, fol. b; blöð 185-188). Í *Múlasýslur: Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874* (bls. 319-324, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna). Reykjavík: Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands.

Fáeinar athugasemdir við útgáfu á kvæðum S. Ólafssonar í Vallanesi 1885. (1886, 18. febrúar). *Austri*, 3, (4), bls. 13-14.

Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757. (1981). Reykjavík: Örn og Örlygur.

Gabler, Manuel, Trinks, Immo, Nau, Erich, Hinterleitner, Alois, Paasche, Knut, Gustavsen, Lars, Kristiansen, Monica, Tønning, Christer, Schneidhofer, Petra, Kucera, Matthias, Neubauer Wolfgang. (2019). Archaeological Prospection with Motorised Multichannel Ground-Penetrating Radar Arrays on Snow-Covered Areas in Norway. Í *Remote Sensing*, 11(21), 2485. Sótt 20. september 2022 á: <https://doi.org/10.3390/rs11212485>.

Gráskinna hin meiri, II. (1962). Sigurður Nordal og Þórbergur Þórðarson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.

Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga. (2016). *Fornleifaskráning á Héraði 2015: Rannsóknaskýrslur*, 166. Byggðasafn Skagfirðinga.

Guðrún Ása Grímsdóttir. (2012). Ritdómur: Sagan af klaustrinu á Skriðu. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 84, bls. 206-214.

Halldór Stefánsson. (1970). Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum. *Múlaping: Rit sögufélags Austurlands*, 5, bls. 172-187.

Halldór Stefánsson. (1965, 17. október). Víðivellir Ytri í Fljótsdal. *Tíminn: Sunnudagsblað*, 4, bls. 945-947 og 958.

Helgi Gíslason. (1974). Fell. Í Ármann Halldórsson (ritstj.), *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* (I, bls. 371-424). Búnaðarsamband Austurlands.

Helgi Gíslason. (1984). Um vöð og ferjur á Lagarfljóti. *Múlaþing*, 5, bls. 5-10.

Helgi Hallgrímsson. (2000, 22. janúar). Valþjófsstaður: Höfuðból í Fljótsdal III. *Lesbók Morgunblaðsins*, 10-12.

Helgi Hallgrímsson. (2003). Tröllkonustígur og Skessugarður. *Múlaþing*, 3, bls. 33-41.

Helgi Hallgrímsson. (2006). Stafkirkja og rauðviðarskáli á Valþjófsstað. *Múlaþing*, 33, bls. 123-141.

Helgi Hallgrímsson. (2013). *Mannvistarminjar í Fljótsdal*. Fljótsdalshreppur: Végarður.

Skrá um friðlýstar fornleifar [rafræn útgáfa]. (1990). Reykjavík: Fornleifanefnd. (1. útg.). Sótt 20. ágúst 2022 á: <https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/fridlysingaskra-med-vidbotum.pdf>.

Islandske annaler indtil 1578. (1888). Gustav Storm sá um útgáfuna. Christiania: Norsk historisk Kildeskriftfond og Grøndahl & søns bogtrykkeri.

Íslenzkt fornbréfasafn, I. (1857-1876). Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Íslenzkt fornbréfasafn, III. (1896). Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Íslenzkt fornbréfasafn, IV. (1897). Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Íslenzkt fornbréfasafn, V. (1899-1902). Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Íslenzkt fornbréfasafn, VI. (1900-1904). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Íslenzkt fornbréfasafn, VII. (1903-1907). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

- Íslenzkt fornbréfasafn*, VIII. (1906-1913). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslenzkt fornbréfasafn*, XI. (1915-1925). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslenzkt fornbréfasafn*, XII. (1923-1932). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslenzkt fornbréfasafn*, XIV. (1944-1949). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslenzkt fornbréfasafn*, XV. (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslenzk fornrit*, I. (1968). Jakob Benediktsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Íslenzk fornrit*, XI. (1950). Jón Jóhannesson sá um útgáfuna. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Íslenzk fornrit*, XII. (1954). Einar Ólafur Sveinsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Jarðabréf frá 16. og 17. öld: Útdrættir*. (1993). Gunnar F. Guðmundsson sá um útgáfuna. Hið íslenska fræðafélag: Kaupmannahöfn.
- Jón Hrólfsson. (1975). Skriðdalur. Í Ármann Halldórsson (ritstj.), *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* (II, bls. 73-122). Búnaðarsamband Austurlands.
- Jón Jóhannesson. (1950). Formáli. Í Jón Jóhannesson (útg.) *Íslenzk fornrit*, XI. (1950). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Jón Jónsson. (1897). Kjallaragröfin á Skriðu í Fljótsdal í Múlaþingi. *Árbók Hins íslenska fornleifafjelags*, 12, bls. 22-24.
- Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn.
- Kálund, P.E. Kristian. (1986). *Íslenzkir sögustaðir: Austfirðingafjórðungur* (IV). Reykjavík: Örn og Örlygur.

Kristján Eldjárn. (1973). *Hundrað ár í Þjóðminjasafni* (fjórða útgáfa). Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

Kristján Eldjárn. (2000). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. (2. útgáfa, ritstj. Adolf Friðriksson). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, Mál og menning og Þjóðminjasafn Íslands. (Upphaflega gefið út 1956).

Magnús Már Lárusson. (1967). *Fróðleikspættir og sögubrot*. Hafnafjörður: Skuggsjá.

Manntal á Íslandi 1703: Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. (1924-1947). Þorsteinn Þorsteinsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1997). *Fornleifaskráning í Fellahreppi*. FS044-97031. Fornleifastofnun Íslands.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1948 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. (1861). Kaupmannahöfn.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1999). *Menningarminjar á Fjótshéraði og í Borgarfirði eystra: Svæðisskráning*. FS072-98081. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ólafur Olavius. (1964). *Ferðabók: Landshagir í norðvestur-, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777, ásamt ritgerðum Ole Henckels um brennistein og brennisteinsnám og Christian Zieners um surtarbrand*. (I, Steindór Steindórsson þýddi). Reykjavík: Bókfellsútgáfan hf.

Ómar Valur Jónasson. (2019). *Jarðsjármælingar við Valþjófsstað í Fljótsdal*. Rekið fyrir fjárframlag Hjörleifs Guttormssonar. Reykjavík.

Páll Jónsson Vídalín. (1854). *Skýringar yfir Fornyrði Lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Pálmi Pálsson. (1895). Um myndir af gripum í forngripasafninu. *Árbók Hins íslenska fornleifafjelags*, 10, bls. 31-35.

Pétur Jónsson. (2000). Valþjófsstaðarsókn 1873 (ÍB 71, fol. a; blöð 145-152). Í *Múlasýslur: Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874* (bls. 157-170, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna). Reykjavík: Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands.

Ragnheiður Traustadóttir, Hermann J. Hjartarson, Indriði Skarphéðinsson, Rúna K. Tetzschner, Snædís S. Thorlacius og Arthur K. Farestveit. (2022). *Fornleifarannsókn: Fjárhús, mylla og tóft: Fjörður á Seyðisfirði 2021*. Antikva ehf.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2020a). *Fornleifaskráning á endurbyggðu vegstæði hjá Ásklif í Fellum, Múlaþingi*. Unnið fyrir Vegagerðina. Sagnabrunnur.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2020b). *Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 1. áfangi: Skriðdalur og Vellir að Grímsá*. Unnið fyrir Hitaveitu Egilsstaða og Fella. Sagnabrunnur.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2022a). *Fornleifaskráning vegna línulagnar á Héraði: Hrafnsgarði að Rauðalæk í Fellum, Múlaþingi*. Unnið fyrir RARIK. Sagnabrunnur.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2022b). *Viðbótarskýrsla: Uppmæling fornleifa vegna deiliskipulags að Víðivöllum ytri, Fljótsdalshreppi*. Unnið fyrir Fljótsdalshrepp. Sagnabrunnur.

Rögnvaldur Erlingsson. (1975). Fljótsdalur. Í Ármann Halldórsson (ritstj.), *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* (II, bls. 5-72). Búnaðarsamband Austurlands.

Selma Jónsdóttir. (1959). *Byzönsk dómsdagsmynd í Flatatungu*. Reykjavík: Almenna Bókafélagið.

Sigurður Gunnarsson. (2000). Hallormsstaða- og Þingmúlasókna 1874 (ÍB 18, fol. b; blöð 153-183). Í *Múlasýslur: Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874* (bls. 325-351, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna). Reykjavík: Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands.

Sigurður Vigfússon. (1893). Rannsókn í Austfirðingafjórðungi 1890. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 8, bls. 28-60.

Stefán Árnason. (2000). Valþjófsstaðarsókn 1840-1841. (ÍB 18. fol. a; blöð 65-80). Í *Múlasýslur: Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874* (bls. 129-155, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna). Reykjavík: Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands.

Stefán Ólafsson. (1885). *Kvæði*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Steinunn Kristjánsdóttir. (2012). *Sagan af klaustrinu á Skriðu*. Reykjavík: Sögufélag.

Sturlunga saga, Árna saga biskups, Hrafn saga Sveinbjarnarsonar hin sérstaka, I-II. (1988). Örnólfur Thorsson, Bergljót Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Gísli Sigurðsson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Guðrún Ingólfssdóttir, Jón Torfason og Sverrir Tómasson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Svart á hvítu.

Viðtalið: Fýsnin til fróðleiks og skrifta. Helgi Hallgrímsson í viðtali við Magnús Stefánsson. (2015). *Glettingur*, 63. Sótt 20. júlí 2022 á: <https://www.glettingur.is/index.php/projects/122-vidtalid-63>.

Vigfús Ormsson. (1983). Valþjófsstaður. Í *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823* (I, bls. 34-39). Sveinbjörn Rafnsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.

Voigt, J.C. (2000). Lýsing Suður-Múlasýslu 1842 (ÍB 18, fol. b; blöð 121-130). Í *Múlasýslur: Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874* (bls. 255-277, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna). Reykjavík: Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands.

Árnastofnun – Örnefnasafn

Ö-Arneiðarstaðir: Örnefnalýsing Arneiðarstaða í Fljótsdalshreppi. [Ekkert ártal]. Ari Gíslason skráði eftir skrá Methúsalems Kjerúlfs á Arneiðarstöðum, Eiríkur Eiríksson frá Dagverðargerði yfirfór og leiðrétti.

Ö-Ás SE: Örnefnalýsing Áss í Fellahreppi. [Ekkert ártal]. Stefán Einarsson skráði eftir Brynjólfi Bergsteinssyni (f. 1928) frá Ási.

Ö-Ás, athugasemdir EE: Örnefnalýsing, athugasemdir við örnefnalýsingu Stefáns Einarssonar á Ási í Fellahreppi. (1971). Eiríkur Eiríksson skráði og Bergsteinn Brynjólfsson (f. á Ási 1891) las yfir.

Ö-Ás kort: Örnefnakort Áss í Fellahreppi.

Ö-Skriðuklaustur: Örnefnalýsing Skriðuklausturs í Fljótshreppi. (1974). Ari Gíslason skráði eftir Sigmari og Halldóri Þormar með athugasemdum Eiríks Eiríkssonar eftir Aðalbirni Kjerúlf bónda á Arnheiðarstöðum.

Ö-Skriðuklaustur kort: Örnefnakort Skriðuklausturs í Fljótshreppi.

Ö-Valbjófsstaður AG og EE: Örnefnalýsing Valbjófsstaðar. (1973). Ari Gíslason skráði eftir skrá Methúsalems Kjerúlf sem Einar Sveinn Magnússon tók saman. Eiríkur Eiríksson las yfir og skráði eftir Þórarni Bjarnasyni á Hjarðarbóli og hjónunum á Valbjófsstað. Sótt 21. júlí 2022 á: <https://nafnid.arnastofnun.is/ornefnaskra/21215>.

Ö-Viðvelli ytri: Örnefnalýsing Víðivalla ytri. [Ekkert ártal]. Sótt 21. júlí 2022 á: <https://nafnid.is/ornefnaskra/21219>.

Ö-Múlastekkur og Þingmúli kort: Örnefnakort Múlastekks og Þingmúla í Skriðdalshreppi. Sótt 2. ágúst 2022 á: <https://nafnid.is/ornefnaskra/21652>.

Ö-Þingmúli SE: Örnefnalýsing Þingmúla í Skriðdalshreppi. [Ekkert ártal]. Stefán Einarsson skráði eftir Þórhalli Einarssyni (kom að Þingmúla 1947). Sótt 2. ágúst 2022 á: <https://nafnid.is/ornefnaskra/21683>.

Ö-Þingmúli EE: Örnefnalýsing Þingmúla í Skriðdalshreppi. (1970). Eiríkur Eiríksson skráði eftir Einari Ólasyni (f. 1914, bjó í Þingmúla til 1941). Sótt 2. ágúst 2022: <https://nafnid.is/ornefnaskra/21680>.

Þjóðháttasafn Þjóðminjasafnsins

ÞÞ 1968: Svar nr. 1968 við spurningaskrá A, Efni óháð spurningaskrá. Sótt 11. mars 2022 á: <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=555460>.

ÞÞ 2201: Svar nr. 2201 við spurningaskrá, Efni óháð spurningaskrá. Sótt 11. mars 2022 á:
<https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552218>.

Ljósmyndir

LÍ JH-7-32: JH-7-32 úr Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni. Sótt 20. júlí 2022 á:
<https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=729325>.

LÍ 5354: Lpr/5354 úr Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni. Sótt 20. júlí 2022 á:
<https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=739619>.

LÍ 1989-259: Lpr/1989-259 úr Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni. Sótt 20. júlí 2022 á:
<https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=661504>.

LÍ 2012-267-69: Lpr/2012-267-69S úr Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni. Sótt 20. júlí 2022 á: <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1556131>.

LÍ 2012-267-70: Lpr/2012-267-70 úr Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni. Sótt 20. júlí 2022 á: <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1556136>.

Munaskrá Þjóðminjasafnsins

MÞ 3405/1890-37: Munaskrá Þjóðminjasafnsins. Gripur nr. 3405/1890-37. Sótt 28. júlí 2022 á: <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=323304>.

Túnakort

Túnakort Arnheiðarstaða, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu. (1915).

Túnakort Áss, Fellahreppi, Norður-Múlasýslu. (1919-1920).

Túnakort Skriðuklausturs, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu. (1918).

Túnakort Víðivalla ytri, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu. (1919).

Túnakort Valþjófsstaðar, Fljótsdalshreppi, Norðurmúlasýslu. (1918).

Túnakort Vaðs í Skriðdalshreppi, Suður-Múlasýslu. (1918-1919).

Túnakort Þingmúla, Skriðdalshreppi, Suður-Múlasýslu. (1918-1919).

Vefsíður

Ássókn í Fellum: Um Áskirkju. Sótt 12. ágúst 2022 á: <https://egilsstadaprestakall.com/soknir-og-kirkjur/assokn-i-fellum/>.

Lög um menningarminjar. (2012). Sótt 20. september 2022 á: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>.

Þingmúlasókn. Sótt 12. ágúst 2022 á: <https://egilsstadaprestakall.com/soknir-og-kirkjur/thingmulasokn/>.